**MÓTMÆLT Í HEILA ÖLD** 34-35

*Írar voru fyrstir til að sniðganga Ólympíuleikana þegar Bretar neituðu að veita þeim sjálfstæði.*




AP almannatengsl / H2 hönnun


Stórsýningin Verk og vit 2008 í Laugardalshöllinni, 17.-20. apríl

Verk og vit 2008

Misstu ekki af glæsilegri sýningu um helgina!

www.verkogvit.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. apríl 2008 — 106. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR







STÍLL 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM GÓÐVIÐRI** Í dag verður hægviðri og milt um allt land og víðast bjartviðri. Hætt við þokulofti með ströndum.

VEÐUR 4

# Tillögu breytt á aukafundi

**Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður stjórnar Orkuveitunnar, segir tillögu um sölu á REI hafa verið breytt stuttu fyrir stjórnarfund OR í gær. Selja átti fyrirtækið í heild en tillögunni var breytt, í samráði við borgarstjóra. Minnihlutafulltrúar í stjórn OR telja tillögu um nýja stefnu REI vera skaðlega fyrir fyrirtækið.**

**ORKUMÁL** Tillaga um að hefja undirbúning að sölu REI, sem átti að leggja fyrir á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur í gær, var endurskoðuð á aukafundi þeirra Kjartans Magnússonar, stjórnarformanns REI og OR, Ástu Þorleifsdóttur, varaformanns stjórnar OR, og Júlíusar Vífils Ingvarssonar borgarfulltrúa. Fundur þeirra þriggja var haldinn tæpri klukkustund áður en stjórnarfundur Orkuveitunnar hófst.

„Tillagan var snyrt til,“ segir Ásta og staðfestir að upphafleg tillaga meirihluta borgarstjórnar, sem dregin var upp á fimmtudagskvöldið, hafi fjallað um sölu REI í heilu lagi.

„Það þarf að horfast í augu við það að fyrirtækið er stofnað til þess að standa í verkefnum erlendis, sem geta talist vera áhættuverkefni. Fyrirtækið þarf að starfa á þeim grunni. Tillagan frá fundinum í gær var snyrt til í morgun [í gærmorgun]. Henni var breytt frá því sem var ákveðið í gærkvöld. Það er ekki verið að tala um það núna að hefja undirbúning að sölu REI, eins og talað var um. Ég vil ekki selja fyrirtækið og tel sum verkefna REI vera spennandi. En ég segi að ef þau rök fyrir sölu REI eru borin á borð fyrir mig, að ég telji þau halda, þá áskil ég mér rétt til þess að skipta um skoðun,“ segir Ásta.

Hún segir að tillögunni hafi verið breytt í samráði við Ólaf F. Magnússon borgarstjóra en vakið hefur athygli að hann segir sölu fyrirtækisins í heild aldrei hafa verið rædda innan meirihlutans. Hann hefur jafnframt sagt að meirihlutinn muni starfa eftir þeirri línu sem lögð hafi verið með starfi stýrihópsins um málefni REI.

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, spurði um aðkomu borgarstjóra að tillögugerðinni á stjórnarfundinum og fékk þau svör að „hann hafi vitað af málinu, en ég heyri það að hann var ekki hafður með í ráðum á fundi meirihlutans en orðalagsbreytingin í morgun hafi eitthvað með hans aðkomu að gera“.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir á fimmtudag að selja bæri REI og láta ætti af áhættuverkefnum í útlöndum. Um það væri einhugur meðal sjálfstæðismanna. Aðrir borgarfulltrúar staðfesta orð Gísla Marteins. - mh/shá / sjá síðu 4



**ÞEMAÐ ER NÁTTÚRAN** Erik Helgi Björnsson, hárgreiðslunemi á öðru ári, er einn þeirra sem taka þátt í Íslandsmóti iðngreina sem nú stendur yfir í Laugardalshöll. Þemað hjá Erik er náttúran. Íslandsmót iðngreina er forkeppni einstakra keppnisgreina fyrir þátttöku í alþjóðlegum keppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandsmót iðngreina:

## Iðnnám kynnt almenningi

**IÐNGREINAR** „Þemað í þessu er náttúran. Þetta gekk allt saman mjög vel, ég er alla vega mjög hamingjusamur,“ segir Erik Helgi Björnsson hárgreiðslunemi. Erik er einn þeirra sem taka þátt í Íslandsmóti iðngreina sem sett var í gærmorgun í Laugardalshöllinni. Keppt er í ellefu greinum á mótinu og eru hátt í 80 keppendur skráðir til leiks.

„Þetta er afbragðsleið til að sýna fram á þá miklu fjölbreytni sem iðnnám hefur upp á að bjóða,“ segir Tryggvi Thayer, verkefnastjóri hjá Iðnmennt. Markmið keppninnar er að kynna almenningi iðngreinar og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í iðnnámi og -starfi. Alls eru á mótinu fulltrúar um 20 iðn- og starfsgreina.

Íslandsmótið er forkeppni einstakra keppnisgreina fyrir þátttöku í Euro Skills og World Skills, alþjóðlegum keppnum iðngreina.

Beina útsending frá mótinu er að finna á netslóðinni islandsmot.skillsiceland.is. - kg


OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP

Ein ferð betra verð


Eyþór Ingi Gunnlaugsson fékk þrjár milljónir og sess í Bandinu hans Bubba:

# Má ekki kaupa hlutabréf

**FÓLK** „Ekki kaupa hlutabréf,“ sagði Bubbi Morthens við Eyþór Inga Gunnlaugsson, sem varð hlutskarpastur keppenda í söngvakeppninni Bandinu hans Bubba í gærkvöld. Eyþór fær þrjár milljónir króna, plötusamning auk stöðu í Bandinu hans Bubba eins og keppnin snerist um.

Bubbi tilkynnti jafnframt Arnari Má Friðrikssyni sem var í öðru sæti að hann væri kominn til að vera þótt hann hefði ekki hlotið söngvarastöðu í bandinu.

Gestadómari þáttarins var Eiríkur Hauksson og taldi hann að þeir Eyþór og Arnar ættu báðir framtíðina fyrir sér í rokkinu.

Eyþór heillaði Bubba upp úr skónum með því að syngja lögin Göngum yfir brúna með Mannakornum, Þú átt mig ein eftir Magnús Þór Sigmundsson og Gull eftir Eirík Hauksson. - kdk



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**SIGURSTUND** Bubbi afhenti Eyþóri Inga tösku með þremur milljónum króna.


NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11 | www.bilathing.is



Kringlukast

20-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Opið 10-18 í dag

Kringlan

**SPURNING DAGSINS**



*Draupnir, var þetta dýrmæt lexía?*

*„Já, ég lærði mikið á þessu.“*

Draupnir Rúnar Draupnisson kennaranemi er í aðalhlutverki í nýju myndbandi við Eurovision-lagið This Is My Life en í því dansar hann og syngur eins og hann eigi lífið að leysa.

Bresk samtök segja innan við þrjú þúsund vefsíður birta barnaklám:

# Hægt að útrýma barnaklámi

**BRETLAND** Að útrýma barnaklámi á Netinu væri viðráðanlegt verkefni ef lögregla, stjórnvöld og netfyrirtæki um heim allan tækju höndum saman.

Rannsóknir bresku samtakanna Internet Watch Foundation, sem fylgjast grannt með misnotkun Netsins, hafa leitt í ljós að á árinu 2007 var barnaklám að finna á 2.755 vefsetrum víða um heim. Þessi fjöldi hefur verið nokkuð stöðugur síðustu árin.

„Við teljum að þetta sé viðráðanlegur fjöldi,“ segir Peter Robbins, framkvæmdastjóri samtakanna, í fréttatilkynningu á vefsíðu þeirra: „Samhæft átak á heimsvísu gegn



**LÖGREGLUÞJÓNN Á SPÁNI RANNSAKAR BARNAKLÁM Á NETINU** Viðráðanlegt verkefni að ráða niðurlögum barnakláms á Netinu. NORDICPHOTOS/AFP

þessum vefsetrum gæti fjarlægt þessar hryllilegu myndir af vefnum og komið þeim, sem bera ábyrgð á þeim, í lögreglurannsókn.“

Þeir sem starfrækja þessi vefsetur hýsa þau einungis í skamman tíma á sama stað, skipta ört um hýsingarland og hýsingarfyrirtæki. Erfitt er að stöðva starfsemi þeirra vegna þess hve flókið væri að samhæfa ólíkar reglur og starfshætti lögreglu- og dómsyfirvalda í mismunandi löndum. Með samhæfðu átæki mætti þó auðveldlega vinna bug á þeim öllum, að mati samtakanna.

Innan við eitt prósent af þessum vefsetrum eru hýst í Bretlandi, og þakka samtökin það nánu samstarfi sínu við bresk netfyrirtæki, sem loka vefsíðum nánast um leið og samtökin láta þau vita af þeim. **- gb**

Breytingar hjá Íbúðalánasjóði:

# Búist við lækkun útlánsvaxta

**VIÐSKIPTI** Útlánsvextir Íbúðalánasjóðs kunna að lækka allt niður í 4,6 prósent á mánudag. Vextir sjóðsins eru nú 5,5 prósent með uppgreiðslugjaldi og 5,75 prósent, án þess.

Íbúðalánasjóður bauð í gær út íbúðabréf fyrir átta milljarða króna að nafnvirði. Niðurstöður útboðsins verða kunngjörðar á mánudagsmorgun. Greining Glitnis segir að þróun á ávöxtunarkröfu frá seinasta útboði sjóðsins í desember, bendi til þess að sjóðurinn lækki útlánsvextina, um 0,4 til 0,9 prósentustig. Líklegast lækki þeir um 0,5 til 0,6 prósentustig. **- ikh**

Samtök atvinnulífsins:

# Erlent starfsfólk æ mikilvægara

**VINNUMARKAÐUR Íslendingum á vinnumarkaði mun fjölga tiltölulega hægt á næstu árum og áratugum. Stórir árgangar hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs og nýir árgangar sem koma í staðinn eru tiltölulega fámennir. Þetta kemur fram í ritinu Alþjóðavæðing vinnumarkaðarins sem Samtök atvinnulífsins gefa út.**

**„Ætla má að miðað við þriggja prósenta árlegan hagvöxt að jafnaði muni minnst eitt þúsund erlendir starfsmenn flytja til landsins árlega á tímabilinu 2015-2020 og allt að 1.500 árlega eftir það,“ segir í ritinu.** **- ghs**



**ÖRNINN** Sagt var frá komu Arnarins til Reykjanesbæjar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Illa hirt um norskan bát:

# Þjóðargjöf látin grotna niður

**MINJAVERND** Trébáturinn Örninn sem er annar tveggja skarsúðaðra báta sem Norðmenn færðu Íslendingum að gjöf á 1100 ára landnámsafmælinu 1974 er að grotna niður í Njarðvík.

Örninn var færður Reykjavíkurborg til varðveislu en hinn báturinn fór til Húsavíkur þar sem hann er á safni. Örninn mun aldrei hafa verið geymdur eða honum haldið við á eðlilegan hátt og var afar illa farinn þegar Reykjavíkurborg gaf bátinn til Byggðasafnsins í Reykjanesbæ fyrir rúmum tveimur árum. Safnið átti að kosta viðgerðir á bátnum sem enn eru engar orðnar. **- gar**

# Drekka kampavín á lúxushóteli í Cannes

**Starfsfólk markaðs- og viðskiptadeildar Glitnis eyðir helgi í maí á lúxushóteli á frönsku Rivíerunni. Eiginkona eins starfsmannsins segir ferðina í boði Lárusar Welding forstjóra. Verið að verðlauna bestu deild bankans í fyrra.**

**FÓLK** Starfsfólk markaðs- og viðskiptasviðs Glitnis ætlar að eyða helgi í maí á fimm stjörnu lúxushóteli í Cannes, á frönsku Rivíerunni.

Á bloggi eiginkonu háttsetts starfsmanns hjá Glitni kemur fram að ferðin sé „í boði Lárusar sem kenndur er við logsuðu“. Er þar augljóslega átt við Lárus Welding, forstjóra Glitnis, en eftirnafn hans þýðir logsuða á ensku. Ritari Lárusar sagði í gær að útilokað væri að ná í hann þar sem hann væri erlendis á mikilvægum fundum.

„Þessi hópur sem er að fara vann til verðlauna sem besta deild Glitnis á síðasta ári, og fyrir vikið var þeim lofað ferð til Frakklands,“ segir Már Másson, upplýsingafulltrúi bankans. Gengið var frá ferðinni á síðasta ári.

„Þetta fólk hefur staðið sig gríðarlega vel, þetta er mjög öflugur hópur sem við erum með á þessu sviði,“ segir Már. Algengt sé hjá íslenskum fyrirtækjum að starfsfólk sé verðlaunað með sambærilegum hætti.

Hotel Martinez er á ströndinni í Cannes. Verð á herbergjum þar er á bilinu 40 þúsund krónur til 160 þúsund krónur fyrir nóttina.

Þorsteinn Már Baldvinsson, sem tók við formennsku í stjórn Glitnis í febrúar, hefur ítrekað lýst yfir að taka þurfi til í rekstrinum. Ekki fékkst viðtal við Þorstein í gær vegna Cannes-ferðarinnar en í Morgunblaðinu á fimmtudag sagði hann eftirfarandi vegna 510 milljóna króna lokagreiðslu til eins yfirmanna bankans: „Þetta er hluti af því rugli sem hefur viðgengist í fjármálageiranum.“



**RIVÍERAN** Af svölunum blasir Rivíeran við í allri sinni dýrð.



**HOTEL MARTINEZ** Hér kostar nóttin 40 til 160 þúsund krónur.



**HEILSULIND** Hér er hægt að láta líða úr sér með kampavínsglas í annarri hendinni á meðan handsnyrtir annast hina.

Þrátt fyrir aðhaldstón í máli stjórnarformannsins ætla að minnsta kosti sumir starfsmenn Glitnis að halda áfram að njóta lífsins, að minnsta kosti ef marka má fyrrgreint blogg. „Eftir þrjár vikur ætla ég með að njóta helgar úti í Cannes í mestu makindum og hamslausu nautnalífi. Þar ætlum við að gista og ég hyggst nýta mér út í ystu æsar þjónustuna á Givency Spa, með kampavínsglas í annarri hendi og hina í höndunum á faglærðum handsnyrti,“ segir meðal annars á blogginu sem er ritað á ensku en hér er það þýtt af Fréttablaðinu.

Bjarney Harðardóttir, yfirmaður markaðs- og viðskiptadeildar Glitnis, vildi ekki tjá sig um málið og vísaði á upplýsingafulltrúa bankans.



**LÁRUS WELDING** Forstjóri Glitnis.

gar@frettabladid.is



**GREITT FYRIR UMFERÐ** Eins og sjá má skemmdist bíllinn mikið en lögreglumenn greiddu fyrir umferð með því að færa bílinn til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árekstur á Kringlumýrarbraut:

# Keyrði í gegnum grindverk

**SLYS Harður árekstur varð á móts við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Listabrautar um miðjan dag í gær.**

**Slysið varð með þeim hætti að ökumaður ók bíl sínum aftan á annan bíl sem hentist í gegnum grindverk á umferðareyju sem er meðfram Kringlumýrarbrautinni. Ökumenn birfeiðanna sluppu án teljandi meiðsla en bílarnir eru óökufærir.** **- ovd**

Slökkvilið loftræsti fyrirtæki:

# Freonleki í Grafarvogi

**EFNALEKI** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að fyrirtæki í Grafarvogi um klukkan hálf eitt í fyrrinótt þar sem rör í kælikerfi fyrirtækisins hafði sprungið og freon lekið út.

Þegar slökkvilið kom á vettvang hafði allt freon lekið út af kerfinu. Húsnæðið var því loftræst en starfsfólki hafði tekist að koma sér út enda lyktin af freoninu komið upp um lekann. **- ovd**

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
NÝ VERSLUN Í HAFNARFIRÐI
að Tjarnarvöllum 11
FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA

50
COCA COLA - 33 CL
TILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM EUROPRIS
Europris - ódýrt fyrir alla

Bæði kostir og gallar við netþjónabú á Íslandi segir hollenskur sérfræðingur:

# Fyrirtæki vilja græna ímynd

**IÐNAÐUR** Ísland hefur bæði kosti og galla fyrir fyrirtæki sem vilja byggja netþjónabú, segir Henk Wiering, verkfræðingur hjá hollenska fyrirtækinu TCF, sem á og rekur netþjónabú víða um heim.

TCF á hlut í eignarhaldsfélaginu Greenstone, ásamt bandaríska félaginu GEO og íslenska ráðgjafarfyrirtækinu Amicus Capital Invest.

Í gær var undirrituð viljayfirlýsing um byggingu netþjónabús í Ölfusi, eins og greint var frá í Fréttablaðinu.

„Ísland getur verið paradís fyrir netþjónabú,“ segir Wiering. Viðskiptavinir netþjónabúa vilji vera umhverfisvænir, og víðast hvar annars staðar í heiminum þurfi að brenna olíu eða gasi til að knýja netþjónabúin áfram. Wiering neitar því þó ekki að lágt orkuverð spili inn í staðarval Greenstone.

Gallarnir tengjast helst staðsetningu landsins, segir Wiering. Íslendingar verði að bæta við sæstrengjum til að flytja gögn með öruggum hætti. TCF geti vel hugsað sér að koma að uppsetningu fleiri netþjónabúa verði nýr sæstrengur lagður til Norður-Ameríku.



**VILJAYFIRLÝSING** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra óskaði Ólafi Áka Ragnarssyni, bæjarstjóra sveitarfélagsins Ölfuss, til hamingju. Milli þeirra stendur Henk Wiering frá TCF, en til hægri er Guðmundur Gunnarsson frá Farice. MYND/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON

„Við vonumst til þess að koma upp nokkrum netþjónabúum, dreifðum um landið,“ segir Wiering. **- bj**


Fræ og laukar


Sveppamassi



Casoron



Grasáburður
Grasfræ
Garðáburður

# Vorglaðningur

## í Blómavali um helgina

**25%**
afsláttur

**af blákorni, grasáburði, kalki, allri mold, moltu og sveppamassa, mosaeyði, casoron, öllu fræi og laukum**


Hrífa
12 tinda
5084303
**1199** kr


Mosaeyðir



Garðakalk


Mold

## Mosaeyðing

**Svona gerum við gegn mosa:**

Notum mosaeyði eða:
1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum garðakalk á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 18.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,55 | 75,91 |
| Sterlingspund | 150,75 | 151,49 |
| Evra | 119,66 | 120,32 |
| Dönsk króna | 16,034 | 16,128 |
| Norsk króna | 15,068 | 15,156 |
| Sænsk króna | 12,725 | 12,799 |
| Japanskt jen | 0,7311 | 0,7353 |
| SDR | 123,82 | 124,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**153,6749**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svandís Svavarsdóttir segir tillögugerð um REI svik við þverpólitíska sátt:

# Meirihlutinn ætlar að selja REI

**ORKUMÁL** „Það þarf að frelsa borgina frá þessu rugli. Meirihlutinn setti saman tillögu í gærkvöldi um sölu á fyrirtækinu sem var svo breytt í morgun. Henni er síðan frestað og það er útlit fyrir að tillagan sé ekki tæk á stjórnarfundi og það þurfi eigendafund til að bera hana upp“, segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. „Það var búið að setja saman þverpólitíska stefnumótun fyrir REI og svo kemur hérna ný einhliða stefnumótunartillaga í fangið á okkur, sem er með öllu óboðlegt.“

Spurð hvaða verkefni það séu sem til standi að kljúfa út úr REI segir Svandís að það sé óskilgreint. „Í tillögunni segir að fara eigi í gegnum hvaða verkefni teljist ekki þróunarverkefni eða ráðgjafaverkefni og eigi þess vegna að selja. En þetta er hráskinnaleikur því það stendur til að selja REI. Ég segi að þetta séu svik, því niðurstaða stýrihópsins var að REI ætti að vera í 100 prósenta eigu OR. Það stendur líka í samstarfssamningi Sjálfstæðisflokksins við F-listann að Orkuveitan verði ekki seld að hluta til eða í heild.“

Svandís telur að verið sé að stilla borgarstjóra upp við vegg. „Hann hefur sagt að starfað verði eftir niðurstöðu stýrihópsins en hann fær ekki að vera með í ráðum þegar ákveðið er að selja. Þetta eru fráleit vinnubrögð og þetta fólk á að pakka saman. Það er öllum ljóst að borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins er óstjórntækur.“ - shá



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Fundur stjórnar OR stóð í fimm klukkustundir. Svandís segir vinnubrögð meirihlutans fráleit. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Minnkandi tekjur ríkissjóðs:

## Ekki þörf á endurskoðun strax

**FJÁRMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir ekki þörf á að endurskoða fjárlög ríkisins fyrr en í fjárlagagerð í haust. Líkt og Fréttablaðið greindi frá er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði af 75-150 milljarðatekjum á næstu þremur árum vegna samdráttar í efnahagslífinu.**

**„Við gerðum aldrei ráð fyrir sama tekjuafgangi á næsta eða þarnæsta ári og verður í ár. Við gerðum ráð fyrir minni hagvexti auk þess sem við höfum lækkað skatta.“**

**Árni segir ekki tímabært að taka ákvörðun um frestun framkvæmda. „Við eigum enn fé eftir sölu Landssímans sem við höfum lagt til hliðar til framkvæmda.“** - kóp

Ályktun stjórnar BSRB:

## Vilja semja við ríkið til eins árs

**KJARAMÁL** Stjórn BSRB hvetur til þess að viðræður hefjist sem fyrst við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um kjarasamning til skamms tíma. Þetta var niðurstaða stjórnarfundar BSRB í gær.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, Stéttarfélags í almannaþágu, segir að með skammtímasamningi sé átt við samning til ellefu eða tólf mánaða.

Í ályktun stjórnarinnar segir að í ljósi þess að samningar renni út um næstu mánaðamót, og vegna óveðursskýja í efnahagslífinu, verði farsælast að gera skammtímasamning. - bj

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á fimmtudag fylgdi röng mynd við tilkynningu um afmæli Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra, þingmanns Alþýðuflokks og seðlabankastjóra. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Úttekt á REI og sala á verkefnum skoðuð

**Fulltrúar meirihlutans í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur vilja láta verðmeta verkefni REI með sölu á þeim í huga. Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir segja tillögu meirihlutans vera illa ígrundaða og ekki stjórntæka.**

**ORKUMÁL** Kjartan Magnússon, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Reykjavik Energy Invest (REI), lagði fram tillögu á stjórnarfundi OR í gær þar sem fram kemur að unnin verði „úttekt á REI og verðmat á verkefnum þess með það fyrir augum að fyrirtækið geti einbeitt sér að ráðgjöf og þróunarverkefnum en hugað verði að sölu á þeim verkefnum, sem ekki falla undir þá starfsemi“. Tillögunni var frestað.

Í tillögunni segir jafnframt að megintilgangur OR eigi að vera að tryggja Reykvíkingum og öðrum notendum á heimamarkaði góða þjónustu á sem bestu verði en ekki að taka þátt í áhættufjárfestingum erlendis.

Fulltrúar meirihlutans funduðu seinnipart dags á fimmtudag í fundarherbergi á sjöttu hæð í höfuðstöðvum OR þar sem málefni REI voru til umræðu. Á þeim fundi var ákveðið að leggja fram tillögu á stjórnarfundi OR um að vinna hæfist sem hefði það að markmiði að selja REI, eins og Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður OR og REI, staðfestir í Fréttablaðinu í dag og greint var frá á forsíðu blaðsins í gær.

Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn OR, segir tillögu um breytingu á starfsemi REI vera illa ígrundaða. „Ég sé ekki betur en leiðari Morgunblaðsins í gær valdi þessum krampa borgarfulltrúanna. Ég fæ enga skýringu á því af hverju það þurfti að fara með þessu offorsi að koma með þessa tillögu í morgun,“ segir Svandís.



**SVANDÍS OG SIGRÚN ELSA** Svandís Svavarsdóttir, Vinstri grænum, og Sigrún Elsa Smáradóttir, Samfylkingunni, sjást hér á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Í FUNDARHERBERGINU** Fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn funduðu í herbergi á sjöttu hæð í höfuðstöðvum Orkuveitunnar seinnipart fimmtudags. Þar voru málefni REI til umræðu. Þegar blaðamenn áttu leið um fundarherbergið í gær lá á borðinu blað með leiðara Morgunblaðsins frá því á fimmtudag, þar sem borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins var gagnrýndur harðlega.

Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR, og Svandís létu bóka sameiginlega á fundinum að tillaga meirihlutans væri óskynsamleg og „lyktaði af flausturslegum viðbrögðum við upphlaupi í borgarfulltrúahópi sjálfstæðismanna“.

Kjartan, Ásta og Júlíus Vífill Ingvarsson, fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn í stjórn OR, létu bóka að tillagan um úttekt og verðmat á REI væri lögð fram að vandlega athuguðu máli. Hún væri eðlilegt framhald á þeirri vinnu sem farið hefði fram innan REI á undanförnum mánuðum. Jafnframt var lagt til að sérstakur starfsfundur stjórnar yrði haldinn til að ræða framtíðarsýn og hlutverk REI áður tillagan yrði tekin til afgreiðslu.

magnush@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is

Dagur B. Eggertsson:

## Innri átök að skapa vanda

„Ólafur F. Magnússon sagði það mjög skýrt í viðtali við Kastljós að hann myndi virða niðurstöðu stýrihóps um málefni REI hundrað prósent og mundi standa í vegi fyrir sölu REI. Nú er þetta allt óljóst,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn. „Það er umhugsunarefni í hvaða ástandi borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins er. Hann stillir samstarfsfólki sínu upp við vegg og virðist tilbúinn til þess að rýra traust REI og verkefna þess án þess að hika. Ég er sammála nýlegum leiðara Morgunblaðsins um að þessum fíflagangi sjálfstæðismanna verði að fara að linna. Reykvíkingar, og eignir þeirra, eru fórnarlömb í þessum augljósu innri átökum.“

## TILLAGA MEIRIHLUTA STJÓRNAR

Megintilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja Reykvíkingum og öðrum notendum á heimamarkaði góða þjónustu á sem bestu verði en ekki að taka þátt í áhættufjárfestingum erlendis. Með það að markmiði að staðinn verði vörður um þessa kjarnastarfsemi og mikilvægt almannaþjónustuhlutverk fyrirtækisins, samþykkir stjórn OR að unnin verði úttekt á REI og verðmat á verkefnum þess með það fyrir augum að fyrirtækið geti einbeitt sér að ráðgjöf og þróunarverkefnum en hugað verði að sölu á þeim verkefnum, sem ekki falla undir þá starfsemi.

Þekking starfsmanna Orkuveitunnar verði áfram nýtt á vettvangi REI og OR til ráðgjafaþjónustu í þágu fyrirtækja á sviði jarðhitaverkefna og umhverfisvænna orkugjafa samkvæmt sérstöku samkomulagi.


Kringlukast 20—40% afsláttur



POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**RÓLEGHEITARVEÐUR ÁFRAM** Í dag eru horfur á einmuna veðurblíðu um mest allt land. Á morgun hins vegar verður heldur þungbúnara sunnan til og vestan en áfram bjart á landinu norðan- og austanverðu. Á mánudag en þó einkum þriðjudag má búast við dropum sunnan og suðvestan til með auknum vindi.



**Á MORGUN**
Hæg, breytileg átt.

**MÁNUDAGUR**
3-10 m/s, stífastur syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Billund | 12° |
| Ósló | 8° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 11° |
| London | 11° |
| París | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Berlín | 11° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 20° |
| Basel | 15° |
| Eindhoven | 11° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 20° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# VORIÐ ER TÍMINN FYRIR PAJERO

Pajero er verðlaunajeppinn sem hefur unnið Dakar rallið sex sinnum í röð og nýtur sín alveg jafn vel við íslenskar aðstæður. Við eigum gott úrval nýlegra notaðra Pajero jeppa sem bíða bara eftir að komast út í vorið. **Þeir eru allir 7 manna og dráttarbeisli fylgir þeim öllum**. Verðið er hagstætt, komdu í heimsókn og láttu okkur koma þér á óvart.

Skoðaðu söluskrána á www.bilathing.is eða komdu til okkar á Klettháls, Laugaveg eða til umboðsmanna um land allt og finndu Pajero jeppa sem gleður þig í sumar.

Verð frá: **3.550.000,-**
og allt að: 5.650.000,-




MITSUBISHI MOTORS | HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú búið annars staðar en á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,3% |
| Nei | 55,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Orkuveita Reykjavíkur að selja Reykjavik Energy Invest?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Aðalfundur Icelandic Group ákveður að taka félagið út úr Kauphöllinni:

# Icelandic Group samþykkir að taka lán með yfirdráttarvöxtum

**VIÐSKIPTI** „Eins og árangurinn hefur verið undanfarin ár er erfitt að fá fjármagn inn í fyrirtækið,“ segir Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Group.

Samþykkt var á átakalausum aðalfundi félagsins síðdegis í gær að taka tæpa fimm milljarða króna að láni, með 23 prósenta vöxtum.

Landsbanki veitir lánið eða hefur milligöngu um það. „Lánamarkaðir eru erfiðir, og við erum að greiða næstum tíu prósent yfir íslenska vexti, en við höfum bara ekki fundið aðra leið,“ segir Finnbogi.



**FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP** Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Group, á aðalfundinum í gær. Þar var samþykkt að taka fyrirtækið af markaði og taka milljarða lán með háum vöxtum.

Unnið er að miklum breytingum á rekstri fyrirtækisins. „Ef þetta fyrirtæki á að lifa þarf að skera burt þær einingar sem ekki eru að skila nægilegri framlegð,“ sagði Magnús Þorsteinsson, fráfarandi stjórnarformaður fyrirtækisins.

Samkvæmt samþykktum aðalfundarins verður hægt að breyta láninu í hlutafé í Icelandic Group. Það kann að þýða að lánveitandinn eignist stóra hluti í félaginu, en hlutir annarra minnki töluvert hlutfallslega.

Ný stjórn var kjörin á aðalfundinum, en jafnframt var samþykkt samhljóða að veita henni heimild til afskráningar úr Kauphöllinni. **- ikh**

Myntbandalag ESB:

# Fjárlagahalli innan marka

**BRUSSEL, AP** Öll löndin fimmtán sem eru aðilar að evrópska myntbandalaginu stóðu við að hafa fjárlagahalla á síðasta ári innan þeirra marka sem kveðið er á um í stöðugleikasáttmála þess. Þetta kemur fram í nýbirtum gögnum frá hagstofu ESB, Eurostat.

Að öllum evruþjóðunum skyldi hafa tekist að ná þessu markmiði er ekki síst rakið til þess að í þeim flestum voru skatttekjur á liðnu ári meiri en búist var við þar sem hagvöxtur jókst umfram spár. Árið áður höfðu bæði Portúgal og Ítalía verið með fjárlagahalla yfir settum mörkum, þremur prósentum af þjóðarframleiðslu. **- aa**

Nýtt frumvarp í Noregi:

# Vændiskaup gerð ólögleg

**NOREGUR, AP** **Í gær var lagt fram í norska þinginu frumvarp um að kaupendum vændis verði refsað, líkt og tíðkast hefur í Svíþjóð í nærri áratug.**



KNUT STORBERGET

**„Fólk er ekki söluvara,“ sagði Knut Storberget dómsmálaráðherra, þegar frumvarpið var kynnt á þingi. Ef vændiskaup eru gerð ólögleg munu þeir sem stunda mansal síður líta til Noregs.“**

**Reiknað er með að stjórnarflokkarnir þrír muni samþykkja lögin og þau taki gildi í byrjun næsta árs.** **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kveikt í ruslatunnu

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að eldi í ruslatunnu í miðborg Reykjavíkur í fyrrinótt. Greiðlega gekk að slökkva eldinn sem greinilega var af mannavöldum.

## HVERAGERÐI

### Aldraðir fá ókeypis í ræktina

Eldri borgarar í Hveragerði fá ókeypis aðgang að tækjasal heilsuræktarinnar Laugasports frá og með sunnudeginum 20. apríl. Þetta gildir milli klukkan níu og sextán virka daga og milli klukkan tíu og sextán um helgar.

## MÝRDALSHREPPUR

### Niðurgreiðslur í sorpátaki

Gámaþjónusta í Mýrdalshreppi verður niðurgreidd um helming út júnímánuð vegna hreinsunarátaks í sveitarfélaginu.



**GETUR SKAPAÐ ÓRAUNHÆFAR VÆNTINGAR** „Mikil opinber umræða getur verið óheppileg, skapað óraunhæfar væntingar og þar með jafnvel haft neikvæð áhrif,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Mikil umræða getur haft neikvæð áhrif

**Geir H. Haarde forsætisráðherra segir unnið að aðgerðum til að taka á þeim efnahagsvanda sem alþjóðlegar aðstæður hafi skapað. Hann vill ekki segja hvenær þjóðin fær að vita um þær. „Mikil opinber umræða getur verið óheppileg.“**

**EFNAHAGSMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að á vegum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, hafi „að undanförnu verið unnið baki brotnu að því að greiða úr þeim vanda sem hinar alþjóðlegu aðstæður hafa skapað. Slíkar aðgerðir eru þess eðlis að undirbúningur þeirra tekur langan tíma og ekki er hægt að flytja af þeim fréttir frá degi til dags,“ sagði forsætisráðherra.

Aðspurður um það á hvaða lund þessar aðgerðir gætu orðið, hvenær þær yrðu kynntar eða hvenær þjóðin yrði vör við þær sagðist hann ekkert geta sagt um það, hann hefði lýst því yfir í ræðunni hefði það verið hægt. „Mikil opinber umræða getur verið óheppileg, skapað óraunhæfar væntingar og þar með jafnvel haft neikvæð áhrif,“ sagði hann í ávarpi sínu.

Geir gagnrýndi framgöngu „ákveðinna stjórnmálamanna og fjölmiðla“ í umræðum um efnahagsmál og taldi fjallað um málin af „nokkurri léttúð og jafnvel skilningsleysi“.

Hann benti á að staða lífeyrissjóðanna væri sterk og lífeyrissjóðakerfið sjálfbært. Þetta færi fram hjá erlendum aðilum. Erlend staða þjóðarbúsins væri miklu betri en tölur hefðu sýnt. Samkvæmt nýrri uppgjörsaðferð næmi hrein skuldastaða þjóðarbúsins 27 prósentum af landsframleiðslu í lok þriðja ársfjórðungs 2007 í stað 120 prósenta í fyrra uppgjöri.

Ingimundur Sigurpálsson, fráfarandi formaður SA, beindi því til forsætisráðherra að gefa út yfirlýsingu með skýrum og afgerandi hætti um að unnið yrði að því að uppfylla skilyrði um stöðugt verðlag, jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðugleika í gengisskráningu og samhæfingu langtímavaxta sem sett séu fyrir aðild að Myntbandalaginu. Ingimundur telur að með samningi við Seðlabankann yrði hafinn undirbúningur að nauðsynlegum aðgerðum til að ná niður verðbólgu, lækka stýrivexti og tryggja aðhald í opinberum rekstri.

Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums, krafðist aðildar Íslands að ESB. Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur sagði að Íslendingar þyrftu að leika eftir alþjóðlegum leikreglum og draga úr „sérkennilegheitahætti“ sínum erlendis. Þeir yrðu að sætta sig við minni hagvöxt um sinn. Stjórnvöld þyrftu að lýsa yfir stuðningi við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Seðlabankinn þyrfti að taka þátt í opinberri umræðu frekar en að láta gagnrýnina krauma lengi.

Þór Sigfússon var kjörinn nýr formaður SA með 94 prósentum atkvæða. **ghs@frettabladid.is**

Fréttablaðið gefur þrjátíu þúsund sérhannaðar endurvinnslutöskur fyrir dagblöð:

# Blaðberinn ákaflega vinsæll

**UMHVERFISMÁL** Blaðberanum var vel tekið í gær og góð stemning myndaðist á þeim stöðum sem honum var dreift. Blaðberinn er endurvinnslutaska fyrir dagblöð sem Tinna Gunnarsdóttir hannaði fyrir útgáfufélag Fréttablaðsins, 365 miðla.

Útgefendur Fréttablaðsins vilja með dreifingu Blaðberans efla vitund um umhverfisvernd og nýtingu verðmæta og hvetja til þess að dagblöð rati í endurvinnslu í stað þess að vera fleygt með öðru heimilissorpi.

Dreifing Blaðberans fer fram milli klukkan 11 og 18 í dag í Kringlunni, Smáralind, Bónus Fiskislóð, Bónus Holtagörðum og Hagkaupum Eiðistorgi.

Eftir helgina verður hægt að nálgast Blaðberann í höfuðstöðvum 365 við Skaftahlíð. Þá er ráðgert að dreifa Blaðberum á Akureyri laugardaginn eftir viku, milli klukkan 13 og 17 fyrir utan verslun Vodafone á Glerártorgi. **- ovd**



**GJÖRÐU SVO VEL** Starfsmenn 365 höfðu í nógu að snúast við að dreifa Blaðberanum í gær enda viðtökur með eindæmum góðar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


Hágæða háskólanám



ÖFLUGUR HÁSKÓLI Í ÖRUM VEXTI

Auðlindir vatns og sjávar

Opinber miðstöð kennslu og rannsókna í fiskeldi er við Háskólann á Hólum.

Meginaðsetur deildarinnar er í Verinu á Sauðárkróki, en þar er frábær aðstaða til rannsókna og kennslu.

Fjölbreyttir starfsmöguleikar að námi loknu. Skortur er á menntuðu fólki á þessu sviði.

Diplóma í fiskeldisfræði

BS í sjávar- og vatnalíffræði
sameiginleg námsbraut með HÍ

MS í sjávar- og vatnalíffræði

www.holar.is
Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur - s: 455 6300




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 18.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Nýtt kortatímabil

Kringlan




# Umræða um útlendinga að finna farveg

**Kemur á óvart hversu mikið er um neikvæða umfjöllun um útlendinga í fjölmiðlum segir stjórnmálafræðingur. Tvöfalt fleiri neikvæðar fréttir en jákvæðar um erlent vinnuafl. Aðeins rætt við erlenda starfsmenn í fjórum prósentum tilvika.**

**FJÖLMIÐLAR** Umræða um innflytjendur og erlent vinnuafl er skammt á veg komin hér á landi, en virðist vera að þroskast. Þetta segir Magnús Heimisson, stjórnmálafræðingur og forstöðumaður Fjölmiðlagreininga Creditinfo Íslandi.

Hann kynnti rannsókn Creditinfo á umfjöllun íslenskra fjölmiðla um innflytjendur annars vegar, og erlent vinnuafl hins vegar á árinu 2007 á ráðstefnu á vegum Blaðamannafélags Íslands í gær.

Magnús segir það hafa komið sér mest á óvart hversu hátt hlutfall frétta og greina hafi verið neikvætt. Neikvæð umfjöllun er skilgreind sem umfjöllun sem talin er líkleg til að skapa neikvætt viðhorf gagnvart innflytjendum eða erlendu vinnuafli. Dæmi um neikvæða umfjöllun eru fréttir af afbrotum útlendinga, og því að erlendir starfsmenn hafi verið snuðaðir af vinnuveitendum.



MAGNÚS HEIMISSON

Í umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur var jafn mikið um jákvæða og neikvæða umfjöllun. Um 28 prósent greina eða frétta voru neikvæð, tæplega 30 prósent jákvæð og um 42 prósent hlutlaus.

Þegar fjallað var um erlent vinnuafl var umfjöllunin tvöfalt oftar neikvæð en jákvæð. Tæplega 31 prósent var neikvætt, um 16 prósent jákvætt og um 54 prósent hlutlaust. Þetta segir Magnús að skýrist aðallega af umfjöllun um atvinnu- og kjaramál.

„Umfjöllun um innflytjendur er skammt á veg komin, hún er eins og á sem er að byrja að finna sér farveg,“ segir Magnús.

„Það hefur gengið á ýmsu á undanförnum árum, bæði hvað varðar innflytjendur og erlent vinnuafl. Erlenda vinnuaflið geystist inn í íslenskt þjóðfélag. Spurningin er hvort samfélagið hafi verið tilbúið fyrir það, ég tel ekki,“ segir hann.



**VINNUAFL** Erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja voru mikið í sviðsljósinu á síðasta ári. Þrátt fyrir það var aðeins rætt við þá í tæplega fimm prósentum greina og frétta í fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðsendar greinar í dagblöðum geti í vissum tilvikum verið af neikvæðum toga, en þegar komi að innflytjendum og erlendu vinnuafli sé það ekki áberandi, segir Magnús. Það séu frekar fréttirnar sem séu neikvæðar fyrir þessa hópa.

Magnús segir eftirtektarvert að þegar fjölmiðlar hafi fjallað um innflytjendur hafi oftast verið rætt við opinbera aðila eða samtök, en í ríflega sautján prósentum tilvika hafi verið rætt við innflytjendurna sjálfa.

Þegar fjallað sé um erlent vinnuafl sé aðeins talað við erlenda starfsmenn í tæplega fimm prósentum tilvika. Oftast sé rætt við opinbera aðila og verkalýðsfélög. **brjann@frettabladid.is**






**SKILABOÐ** Jens Stoltenberg, t.h., hitti Morgan Tsvangirai í Jóhannesarborg í gær og flutti honum skilaboð frá norrænu utanríkisráðherrunum. NORDICPHOTOS/AFP

Norrænir utanríkisráðherrar:

## Heita stuðningi við Simbabve

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðherrar Norðurlandanna ræddu stjórnmálaástandið í Simbabve á reglulegum samráðsfundi sínum í Stokkhólmi í gær. Skilaboð þeirra um stuðning Norðurlandanna við lýðræði í þessu hrjáða Afríkulandi flutti norski forsætisráðherrann Jens Stoltenberg leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Simbabve, Morgan Tsvangirai, á fundi í Jóhannesarborg í Suður-Afríku.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra var fjarverandi samráðsfundinn að þessu sinni. Þess í stað sat ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fundinn fyrir Íslands hönd.

Sænski utanríkisráðherrann Carl Bildt sagði á blaðamannafundi að Norðurlöndin væru „reiðubúin að ræða hraða aukningu (þróunar-) aðstoðar og stuðning við Simbabve til að koma landinu á réttan kjöl,“ ef breyting til batnaðar yrði á stjórnarfari þar og eftirmál þing- og forsetakosninganna leystust farsællega. **- aa**



**GRUND** Stúlkan starfar enn hjá stofnuninni.

Faðir starfsstúlku á Grund:

## Kærði þrátt fyrir afsökunarbeiðni

**FÉLAGSMÁL Sautján ára stúlka, sem Persónuvernd segir að elliheimilið Grund hafi brotið á með því að fela Heilsuvernd ehf. að halda skrá um heilsufarsupplýsingar hennar án samþykkis, starfar enn á Grund.**

**Helga Karlsdóttir, starfsmannastjóri Grundar, segir að þar sem faðir stúlkunnar vildi ekki að stúlkan tilkynnti til Heilsuverndar ef hún væri veik hefði henni verið sagt að hennar veikindatilkynningar yrðu samkvæmt kjarasamningi Eflingar og þannig sé það í dag: „Hún var beðin afsökunar á athugunarleysi okkar á því að hún þyrfti leyfi forráðamanns til að fara eftir samningum okkar við Heilsuverndarstöðina. Faðir hennar kærði til Persónuverndar eftir það.“ - gar**

**STJÓRNSÝSLA**

### Nýr sýslumaður í Kópavogi

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði í gær Guðgeir Eyjólfsson, sýslumann í Keflavík, í embætti sýslumanns í Kópavogi. Guðgeir tekur við embættinu 1. júní næstkomandi. Alls bárust þrettán umsóknir um embættið.

**LÖGREGLUMÁL**

### Ofsaakstur í hesthúsahverfi

Lögreglan á Sauðárkróki stöðvaði ungan karlmann sem ók á 153 kílómetra hraða við bæjarmörkin í gær. Hámarkshraði á þessum kafla er 90 kílómetrar, en mikið er um hestamenn á þessum slóðum. Ökumaðurinn fær 130 þúsund króna sekt og missir líklega prófið í mánuð.


Nýkomin garðljós
í miklu úrvali
20% afsláttur um helgina
Nýkomið styttuúrval
Engill
áður 3.840kr
3.072kr
Ljón
áður 5.720kr
4.096kr
Drengur
áður 7.900kr
6.320kr
Börn
áður 6.980kr
5.520kr
Köttur
áður 3.840kr
3.072kr
Hundur
áður 5.120kr
4.096kr
VOR TILBOÐ
TURBO KALK
Turbokalk
blómhelgarinnar
Eldliljur
295kr.
50% afsláttur
Af öllum silkiblómum
20% afsláttur um helgina
Nýkomið mikið úrval af garðrósum og runnum.
VOR TILBOÐ
CASORON illgresiseyðir
2.250kr
Garðheima blaðið
Garðheimablaðið
Stútfullt blað af góðum ráðum - skemmtilegum greinum - umfjöllun um sumarblóm og trjáplöntur -náðu þér í frítt eintak!
Lífrænt – hollt
– gott fyrir budduna!
Ræktið sjálf:
kartöflur
matjurtir
NJÓTUM VORSINS – munið: GARÐVINNA ER GAGNLEGT SPORT!
Úrvalið er í Garðheimum:
15 tegundir af WEBER grillum!
weber
Fyrir vandláta...
GARÐHEIMAR
heimur heillandi hluta og hugmynda
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is
Munið eftir
ÚTSÖLULOFTINU
– alltaf eitthvað nýtt!




Viðræður ríkja sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum:

# Einkageirinn beri kostnaðinn

**PARÍS, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði í gær að baráttan gegn loftslagsbreytingum krefðist stóraukinnar þátttöku einkageirans í þeim kostnaði sem hún útheimti. Til lengri tíma litið ættu níutíu prósent framlaga til þessarar baráttu að koma frá einkageiranum. Alþjóðasamfélagið yrði að „beina í stórum stíl fjárstreymi til hins nýja lágkolefnishagkerfi“.

Sarkozy lét þessi orð falla á fundi fulltrúa þeirra ríkja heims sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum, sem fram fór í París. Viðræðurnar eru liður í undirbúningi loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn á næsta ári, þar sem til stendur að komast að samkomulagi um arftaka Kyoto-bókunarinnar sem rennur út árið 2012.

Sarkozy lét í ræðu sinni í gær ógert að bregðast sérstaklega við tímamótatilkynningu George W. Bush Bandaríkjaforseta frá því á miðvikudag um að Bandaríkin verði að stöðva aukningu á losun sinni á gróðurhúsalofttegundum fyrir árið 2025. Viðbrögð evrópskra ráðamanna hafa annars að mestu verið á þá lund að þetta sé „of lítið og of seint“ en batnandi mönnum sé best að lifa. **- aa**



**FJÁRFEST Í FRAMTÍÐ** Sarkozy talar á fundinum í París í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

# Frumvarp gegn vilja og hefð nemenda

**Fulltrúar menntamálanefndar og stúdentar segja nýtt frumvarp um opinbera háskóla stríða gegn lýðræðishefð Háskóla Íslands og bera þess merki að ekki hafi verið haft samráð við nemendur.**

**MENNTUN** Nýtt frumvarp um opinbera háskóla er á skjön við lýðræðishefð Háskóla Íslands og ber það með sér að sjónarmið nemenda voru virt að vettugi við gerð þess. Þetta er mat stúdenta og allra nefndarmanna menntamálaráðs, nema formannsins Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem tóku til máls á málþingi um frumvarpið í Háskóla Íslands í gær.

Lýstu þeir yfir mikilli óánægju með þá breytingu að sjö manns muni sitja í háskólaráði í stað tíu áður og þar af verði aðeins einn fulltrúi frá nemendum í stað tveggja. „Mér þykir frumvarpið bera þess merki að nemendur voru ekki með í ráðum við samningu þess,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, fulltrúi Samfylkingar í menntamálanefnd. Hún sagði enn fremur að nefndarmenn sem hefðu unnið að frumvarpinu hefðu ekki haft þekkingu á þeirri lýðræðislegu hefð námsmanna Háskóla Íslands.

Kristján Freyr Kristjánsson, frá menntamálanefnd Stúdentaráðs, lýsti einnig yfir áhyggjum stúdenta af þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir að fólk sem ekki starfi í háskólanum verði í meirihluta í háskólaráði. Sagði hann að með frumvarpinu væri háskólaráði einnig fengið lögformlegt hlutverk um að koma með tillögu til ráðherra um hækkun skráningargjalds. Í því skjóli gætu utanaðkomandi fulltrúar komið tillögu til ráðherra um að hækka skráningagjöld.

Katrín Júlíusdóttir sagði að þessi breyting gæti ekki verið mikilvæg þar sem upphæð skráningargjaldsins, 45 þúsund krónur, væri lögbundin.

Sigurður Kári Kristjánsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntamálanefnd og formaður hennar, sagði að frumvarpið væri aðeins í fyrstu umræðu og gæti því tekið nokkrum breytingum. Hvatti hann stúdenta til að koma með tillögur þegar þeir fengju frumvarpið til umfjöllunar.

Katrín sagðist ánægð með frumvarpið en þó gætti skoðanaágreinings hjá henni og hinum fulltrúa stjórnarflokkanna og þótti Sigurði Kára rétt að minna á að frumvarpið væri runnið undan rifjum stjórnarflokkanna beggja.

**jse@frettabladid.is**



**FRÁ MÁLÞINGINU Í HÁSKÓLA ÍSLANDS** Katrín Jakobsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í menntamálaráði, var sammála nöfnu sinni úr Samfylkingunni um að frumvarpið bæri það með sér að ekki hefði verið tekið mið af vilja nemenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FJÖLDI NEMENDA Í HÁSKÓLARÁÐUM**

| | Fulltrúar alls | Fulltrúar nemenda |
|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 10 | 2 |
| Miðað við nýtt frumvarp | 7 | 1 |
| Háskólinn á Bifröst | 18 | 4 |
| Háskólinn í Reykjavík | 8 | 0 |
| Háskólinn á Akureyri | 5 | 1 |

Fyrirætlanir um sameiningu heilsugæslustöðva:

# Telja svörin fátækleg

**DALVÍK** Bæjaryfirvöld í Dalvíkurbyggð leggjast gegn fyrirætlunum heilbrigðisráðherra um sameiningu heilsugæslustöðvanna á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Telja þau hagsmunum íbúanna mun betur borgið með því að sameina heilsugæsluna í Eyjafirði öllum heldur en að fara í smærri sameiningar.

„Það var ekkert samráð haft áður en tillagan var sett fram,“ segir Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð sem ritað hefur bréf til ráðherra um málið. Í bréfi sínu vísar Svanfríður til bókunar bæjarráðsfundar og segir þess vænst að hugmyndir um skiptingu Eyjafjarðar í tvö heilsugæsluumdæmi verði endurskoðaðar og stefnt að einu.



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR**

Svanfríður segir svör fulltrúa ráðuneytisins hafa verið afskaplega fátækleg. Í þessu sambandi sé rætt um bætta þjónustu en bæjaryfirvöld og starfsfólk heilsugæslustöðvarinnar eru sammála um að hagsmunum íbúanna sé mun betur borgið með því að sameinast heilsugæslunni á Akureyri. „Við höfum reyndar komið með þá tillögu áður, eða að sameina allan Eyjafjörð sem væri langrökréttast til framtíðar litið.“

Segir hún Dalvíkinga ekki skilja af hverju setja á hlutina upp með þessum hætti. „Við skiljum það ekki og við fáum ekki svör sem útskýra það.“ **- ovd**



**SUNDLAUG SELTJARNARNESS** Nýr klefi breytir miklu fyrir fatlaða.

Sundlaug Seltjarnarness:

# Fatlaðir fá betri búningsklefa

**FÓLK** Ný búningsaðstaða fyrir fatlaða hefur verið tekin í notkun í Sundlaug Seltjarnarness.

„Aðstaða þessi breytir miklu fyrir aðgengi fatlaðra í sundlaugina. Í búningsklefanum er hreyfiskynjari sem stjórnar ljósabúnaði og gefur til kynna hvort klefinn sé í notkun eða ekki. Með tilkomu þessarar aðstöðu geta fatlaðir einstaklingar komið með aðstoðarmanneskju með sér óháð kyni,“ segir á heimasíðu Seltjarnarnessbæjar. **- gar**

Eldvarnakerfið fór í gang:

## Eldur kom upp í ljósvél togara

**ELDUR** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að togara í Hafnarfjarðarhöfn laust fyrir miðnætti á fimmtudagskvöldið þar sem eldur var laus í vélarúmi skipsins.

Kom eldurinn upp við ljósavél skipsins en unnið hefur verið að viðgerðum á skipinu. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en nokkuð fjölmennt lið var sent á vettvang þar sem erfitt er að eiga við eld í skipum. Þrír menn voru um borð þegar eldurinn kom upp og komust þeir sjálfir frá borði um leið og eldvarnarkerfi skipsins fór í gang. Einhverjar skemmdir urðu, mestar vegna reyks. **- ovd**

Fyrrverandi Bandaríkjaforseti sætir gagnrýni ríkisstjórna Bandaríkjanna og Ísraels:

# Carter ræddi við leiðtoga Hamas

**SÝRLAND, AP** Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, hitti í gær Khaled Mashaal, leiðtoga palestínsku Hamas-hreyfingarinnar, í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, þar sem hann býr í útlegð.

Bæði Bandaríkjastjórn og Ísraelsstjórn hafa gagnrýnt þetta framtak Carters, sem lætur þó hvorug stjórnvöldin segja sér fyrir verkum.

„Það er ekki hægt að gera samkomulag, sem ákveðnir aðilar þurfa að eiga hlut að, án þess að ræða við þá aðila til þess að gera samkomulagið að veruleika,“ sagði Carter í Egyptalandi á fimmtudag. Hann segir nauðsynlegt að ræða við Hamas ef friðarsamningar milli Ísraela og Palestínumanna eiga að geta gengið upp. Hamas-samtökin sigruðu í þingkosningum Palestínumanna í byrjun árs 2006 og eftir hörð átök við Fatah-hreyfinguna tóku þau völd á Gaza-svæðinu en hafa verið áhrifalaus á Vesturbakkanum.

Bandaríkjastjórn vill ekkert vita af fundi Carters með fulltrúum Hamas, þetta sé alfarið einkaframtak forsetans fyrrverandi. Ísraelsstjórn hefur heldur ekkert viljað hafa saman við Hamas að sælda, segir samtökin ekkert annað en hryðjuverkasamtök sem beri ábyrgð á mannránum og sjálfsmorðsárásum. **- gb**




**CARTER Í KAÍRÓ** Fyrrverandi Bandaríkjaforseti færði rök fyrir því að ræða yrði við Hamas. NORDICPHOTOS/AFP



**ÞUNGT HUGSI** Fundarmenn voru þungt hugsi, enda brennur margt á þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hagsmunafélag bílstjóra:

## Bílstjórar stofna til Samstöðu

**FÉLAGSMÁL** Atvinnubílstjórar og einyrkjar hafa stofnað með sér félagið Samstöðu og er því ætlað að standa vörð um hagsmuni stéttarinnar. Nokkur fjöldi var á stofnfundinum og ýmsum var heitt í hamsi þegar mótmæli undangenginna vikna bar á góma.

Jón Gunnar Margeirsson var kjörinn formaður félagsins. Hann segir næg verkefni fram undan og þó að mótmælin séu mönnum ofarlega í huga hafi þau ekki verið kveikjan að stofnun samtakanna. „Nei við höfum rætt þetta um nokkra hríð. Það hefur vantað hagsmunagæslusamtök fyrir okkur og nú hefur verið bætt úr því,“ segir Jón. **- kóp**

Átök í Austur-Evrópu:

## Hagsmunir Rússlands

**STJÓRNMÁL** Staðbundin átök í Austur-Evrópu þar sem Rússland á hagsmuna að gæta er heiti á erindi sem Göran Lenmarker, þingmaður og formaður utanríkismálanefndar sænska þingsins, flytur á fundi Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs í Skála á Hótel Sögu á mánudaginn.

Lenmaker hefur mikið beitt sér í friðsamlegum sáttalausnum og hefur gert það að forgangsverkefni að vinna að framtíðarlausn í ríkjadeilum innan Evrópu. Auk þess leggur hann áherslu á aukin mannréttindi, baráttu gegn glæpastarfsemi milli ríkja og traust kosningaeftirlit. Fyrirlestur hans hefst klukkan 18 og stendur til klukkan 19.30. **- ovd**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Einn stútur á Suðurlandi**

Lögreglan á Selfossi tók ökumann fyrir ölvunarakstur á Biskupstungnabraut í gærmorgun. Var hann fluttur á lögreglustöð til skýrslu- og sýnatöku en sleppt að því loknu.

**Fimm teknir undir áhrifum**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði fimm ökumenn fyrir ölvunarakstur í fyrrinótt. Þá var einn ökumaður stöðvaður fyrir að aka undir áhrifum lyfja.



N1

GRILLIN ERU KOMIN

í verslanir og á þjónustustöðvar



FRÍ HEIMSENDING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Á SAMSETTUM GRILLUM

BROIL KING SIGNET 90
- 13,2 kW / 50,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 2,7 kW / 10,000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli
- 5,25 kW / 15,000 BTU bakbrennari fyrir grilltein
- 3 Dual-Tube™ ryðfrír línubrennarar
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Rotisserie grillteinn
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Skápur með stálhurðum

89.900,-



BROIL KING SIGNET 20
- 13,2 kW / 50,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 3 Dual-Tube™ ryðfrír línubrennarar
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Skápur með stálhurðum

72.900,-



BROIL KING ROYAL
- 11,4 kW / 40,000 BTU H brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli með áhaldakrókum

32.900,-



BROIL KING GEM
- 8,8 kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

22.900,-



BROIL KING PORTA-CHEF
- 5 kW / 20,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi

17.900,-

N1 VERSLUN N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR SÍMI 440 1000 WWW.N1.IS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.300 **+1,45%**

**Fjöldi viðskipta:** 342
**Velta:** 3.939 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FLAGA | +41,10% | TEYMI | -4,07% |
| EXISTA | +2,69% | ATL. PETROLEUM | -0,94% |
| KAUPÞING | +2,53% | ÖSSUR | -0,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,38 +0,00% ... Bakkavör 42,70 +0,71% ... Eimskipafélagið 23,15 +0,00% ... Exista 12,24 +2,69% ... FL Group 6,72 +1,21% ... Glitnir 17,05 +0,29% ... Icelandair Group 24,10 -0,41% ... Kaupþing 852,00 +2,53% ... Landsbankinn 31,30 +1,30% ... Marel 89,70 +0,00% ... SPRON 5,34 +0,95% ... Straumur-Burðarás 12,31 +0,41% ... Teymi 4,01 -4,07% ... Össur 91,00 -0,66%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Google hagnast í byrjun árs



ERIC SCHMIDT FORSTJÓRI GOOGLE

Bandaríski netleitarrisinn Google hagnaðist um 1,31 milljarð dala, jafnvirði 98,5 milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er talsvert meira en bjartsýnustu menn höfðu reiknað með.

Tekjur fyrirtækisins námu 5,19 milljörðum dala, sem er 42 prósenta aukning, og slær á hrakspár manna um samdrátt hjá fyrirtækinu. Rétt rúmur helmingur tekna Google kemur utan Bandaríkjanna og hífir það afkomutölurnar upp í skugga gengisfalls Bandaríkjadals upp á síðkastið.

Gengi hlutabréfa Google lækkaði lítillega á bandarískum hlutabréfamarkaði áður en afkomutölurnar lágu fyrir í fyrrakvöld. Tölurnar birtust eftir lokun markaða vestanhafs og skaust gengi bréfa í netleitarrisanum upp um 18 prósent í utanmarkaðsviðskiptum. - jab

# Kauphöllin vill að lífeyrissjóðir láni verðbréfin

**Nefnd um alþjóðlega fjármálamiðstöð hér á landi lagði til að lífeyrissjóðum yrði heimilt að lána verðbréf. Kauphöll Íslands átti frumkvæði að lagasetningu um þetta nú. Fjármálaráðuneytið segir að þetta verði til hagsbóta fyrir lífeyrisþega.**



KAUPHÖLLIN Frumkvæði að lögum um að lífeyrissjóðir megi lána allt að fjórðung eigna sinna kemur frá Kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Fjármálaráðherra fékk erindi frá Kauphöllinni um að koma á fót einhvers konar lánamarkaði með verðbréf, þar með talið hjá lífeyrissjóðunum,“ segir Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp ráðherrans, sem meðal annars felur í sér að lífeyrissjóðum verði heimilt að lána allt að 25 prósentum hreinnar eignar sinnar.

Maríanna segir mikilvægt að í frumvarpinu séu engar skyldur lagðar á hendur lífeyrissjóða um að lána bréfin sín, hvort sem um er að ræða skuldabréf eða hlutabréf. Eingöngu felist í frumvarpinu heimild til þeirra að gera slíkt.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB og varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, leggst gegn þessum ákvæðum frumvarpsins og hefur sagt þetta bjóða heim hættu á skortsölu með eignir landsmanna í lífeyrissjóðum. Til þess að hagnast á slíku verði hlutabréfaverð að lækka og þá rýrni eignir landsmanna í lífeyrissjóðum.

Maríanna, sem raunar er stjórnarformaður sama lífeyrissjóðs, segir þessa spurningu pólitíska og vísar á fjármálaráðherra. Ekki hefur náðst í hann.

Aðspurð segir Maríanna að þetta verði til hagsbóta fyrir lífeyrisþega og bætir því við að lífeyrissjóðum sé fyllilega treystandi til að meta áhættu af fjárfestingum sínum.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, hefur sagt að sér lítist ekki vel á þennan þátt frumvarpsins og segir það hafa verið sett fram án þess að samráð hafi verið haft við eigendur lífeyrissjóðanna.

Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð, sem birt var í október í hittifyrra, er meðal annars lagt til að lífeyrissjóðir fái heimild til að lána verðbréf.

Maríanna segir að tilkoma frumvarpsins nú sé ótengd niðurstöðu nefndarinnar.

Þess má geta að Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, átti sæti í nefndinni.

Ekki náðist í Þórð Friðjónsson, forstjóra Kauphallarinnar, við vinnslu fréttarinnar. ingimar@markadurinn.is

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2008

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík þriðjudaginn 29. apríl 2008 kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 10. apríl 2008,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

# Mjólkursamsalan óskar Hagaskóla til hamingju




SKÓLAHREYSTI

Við óskum Hagaskóla til hamingju með glæsilegan árangur. Skólahreysti hefur aldrei verið stærra og eru krakkarnir í Hagaskóla þeir hraustustu af öllum hraustu krökkunum í þeim 106 skólum sem tóku þátt.

MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is

Aðalstyrktaraðili Skólahreysti

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FORESTER

# NÝR SUBARU

VIÐ FRUMSÝNUM NÝJAN SUBARU FORESTER Í DAG UM LA

KOMDU OG REYNSLUAKTU GLÆNÝJUM FORESTER.

**VIÐ BJÓÐUM ALLA VELKOMNA TIL OKKAR Í DAG Í LÉTTAR VEITINGAR OG KYNNINGU Á SUBARU FORESTER OPIÐ FRÁ 11.00 - 17.00 UM LAND ALLT**



ENNEMM / SÍA / NM33206



## ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

**Bjóðum upp á reynsluakstur á eftirtöldum stöðum í dag frá kl. 11.00 - 17.00**

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR



INGVAR HELGASON

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Auglýsingadeildin er enn opin.

## Samkeppnisgrundvöllurinn

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Á fimmtudagskvöld var fjallað um innlenda dagskrárframleiðslu í Ríkissjónvarpinu: Tökur eru nýlega hafnar á þáttaröðinni Dagvaktin sem sýnd verður á Stöð 2. Þessi leikna þáttaröð er kostuð með styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og áskrifendur að dagskrá einkareknu stöðvarinnar kaupa sér aðgang að henni. Stöðin selur síðan auglýsingatíma umhverfis þetta vinsæla efni.

Í Ríkissjónvarpinu var líka fjallað um lokaþáttinn í Skólahreysti, vinsælli þáttaröð á Skjá 1. Kostnaði við þá framleiðslu er mætt með auglýsinga- og kostunartekjum einkafyrirtækis sem rekur þá sjónvarpsstöð. Bæði fyrirtækin eru í bullandi samkeppni um auglýsinga-, kostunar- og áskriftartekjur við alla aðra sem fyrir eru á þeim markaði.

Fyrr þennan sama dag var haldinn aðalfundur Ríkisútvarpsins ohf. Þar voru lagðir fram reikningar þessa ríkisrekna hlutafélags. Þar var fjallað sérstaklega um tekjur Ríkisútvarpsins í samkeppnisrekstri og þær voru taldar engar í skýringum endurskoðenda. Núll.

Svo má kalla hlutina röngum nöfnum að það venjist: allar auglýsinga- og kostunartekjur Ríkisútvarpsins eru sóttar á samkeppnismarkað. Þar etur ríkisstofnunin kappi við önnur fyrirtæki á ljósvakamarkaði, prentmiðla af öllu tagi, vefmiðla, smáa og stóra, auglýsingafyrirtækin öll á opnum markaði. Rúm 30 prósent af tekjum Ríkisútvarpsins eru úr samkeppnisrekstri þess sem auglýsingamiðils.

Rangvísandi og ósannar skilgreiningar sem kokkaðar eru upp á þingi og í ráðuneyti breyta engu um eðli þeirrar samkeppni: tugir fyrirtækja í einkarekstri finna fyrir þeirri samkeppni á hverjum degi. Og líða fyrir hana. Yfirburðir ríkisstofnana undir hatti Þorgerðar Katrínar í auglýsingaþjónustu eru ósæmilegir, ranglátir og hafa ekkert með hlutverk Ríkisútvarpsins sem menningarstofnunar að gera. Þótt hún vilji kalla svart hvítt; auglýsingadreifingu annað en samkeppnisrekstur.

Það var enginn fulltrúi eigenda á aðalfundinum til að mótmæla rangfærslum í reikningum RÚV. Fulltrúi eigenda talaði ekki mikið þar um sérgæði ríkisreksturs, jafna samkeppni á markaði, og blómstrandi einkaframtak. Þá ræðu flytur menntamálaráðherrann annars staðar.

Ríkisútvarpið ohf. stendur ekki undir nafni sem menningarstofnun í almannaþágu fyrr en það er tekið af auglýsingamarkaði. Það stendur ekki undir nafni sem menningarstofnun fyrr en það er leyst undan þeirri ánauð að eltast við sem mest áhorf til að þóknast auglýsendum. Það mun standa undir nafni sem menningarstofnun laust úr þeim álögum og frjálst til að sækja áhorfendaskara sinn vegna gæðaefnis, og þarf þá að fá til þess nægilegt fjármagn svo sómi sé að. Þegar það verður geta Páll Magnússon og Þorgerður Katrín klappað saman lófunum fyrir hvort öðru á aðalfundi RÚV ohf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Lærðu þeir ekkert?**

Enn ætlar REI að reynast sjálfstæðismönnum í borginni fjötur um fót. Á sama tíma og Ólafur F. Magnússon hélt því fram í beinni sjónvarpsútsendingu á fimmtudag að ekki kæmi til greina að selja REI voru fulltrúar meirihlutans í stjórn OR að semja tillögu um að hefja undirbúning á sölu REI. Daginn eftir var aftur dregið í land og ákveðið að kippa REI úr áhætturekstri. Þessi bægslagangur er með ólíkindum í ljósi þess sem á undan er gengið. Eru borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins virkilega búnir að gleyma að REI kostaði þá meirihlutann og borgarstjórastólinn fyrir alls ekki svo löngu?



**Hugsa sér til hreyfings**

Ekki er að furða þótt borgarbúar séu búnir að fá nóg af vandræðaganginum í kringum REI, meira að segja borgarfulltrúar eru að fá sig fullsadda. Vitað er að fleiri en einn innan meirihlutans er farinn að hugsa sér til hreyfings nema REI-málið verði leyst bráðlega og vinnufriður komist á.

**Ræðunámskeið**

Guðnýju Hrund Karlsdóttur, varaþingmanni Samfylkingarinnar, vafðist tunga um tönn í jómfrúarræðu sinni á Alþingi á fimmtudag. Svo heppilega vill hins vegar til að nú stendur yfir ræðunámskeið á vegum Málfundarfélagsins Óðins, sem tilheyrir ungum sjálfstæðismönnum. Þar er farið yfir helstu þætti ræðumennsku og þátttakendur fá leiðsögn í ræðuskrifum og flutningi á ræðum við ólík tækifæri, til dæmis skálaræður og mótmælaræður. Kjörið fyrir stirða ræðumenn á þingi. Og þeir eru sannarlega fleiri en Guðný Hrund.



**bergsteinn@frettabladid.is**

## Gulrótarlögmálið



**HALLGRÍMUR HELGASON**
**Í DAG** | Efnahagsmál

Enn er Seðlabankinn í sviðsljósinu. Og enn á ný á röngum forsendum. Tilskipunum hans, sem áður var hlýtt í hljóði, er nú tekið með öllu í bland; hlátri, reiði og furðu. Í hvert sinn sem þær birtast fjölgar þeim sem gagnrýna bankann. Nú síðast krafðist þungavigtarmaður í Háskólanum þess að bankaráð og stjórar segðu af sér, öll sem einn. Seðlabankinn er í sömu vandræðum og efnahagslífið, sem hlýtur að teljast slæmt. Vald hans er brotið.

En stjórum hans er vorkunn. Stundum virðist manni hagfræðin líkari list en vísindum, þar sem tilfinning og innblástur vega þyngra en talnarýni og rannsóknir. Tökum dæmi:

29. mars 2007 birti Seðlabankinn verðbólguspá sína. Samkvæmt henni átti verðbólgumarkmið bankans að nást um mitt ár 2008. Verðbólga átti því að vera á bilinu 3% í dag og vera komin í 2,5% um mitt sumar. Hún mælist nú tæp 9% og er á uppleið.

1. nóvember 2007 var komið annað hljóð í strokkinn. Þá var búið að færa markið fram á næsta ár. Hið fræga 2,5% markmið átti ekki að nást fyrr en um mitt ár 2009. „Stýrivextir munu haldast óbreyttir fram yfir mitt næsta ár en eftir það lækka fremur hratt og verða komnir niður undir 4% árið 2009“.“ Þeir eru 15,5% í dag.

**Verðbólgufræðin**

Hinn 10. mars 2008 eru Seðlabankafræðingar ekki lengur jafn bjartsýnir. Verðbólgumarkmið mun nú ekki nást fyrr en árið 2010.

Ætli maður geti ekki leyft sér að spá því „með nokkurri vissu“ að bankinn birti nýja spá í haust sem geri ráð fyrir að verðbólgumarkmið náist ekki fyrr en árið 2011. Og svo koll af kolli …

Eru þetta vísindi? Þetta minnir helst á veðurfræðing sem fæst við að spá fyrir um veðrið ár fram í tímann. Á hverju hausti birtist hann á skjánum: „Því miður fengum við enn eitt rigningarsumarið en ég spái nú samt sól næsta sumar.“

*Getur verið að á Íslandi gildi gulrótarlögmál í efnahagsmálum? Að stýrivextir séu sú gulrót sem verðbólguasninn eltir?*

Þrátt fyrir þetta er verðbólguspá Seðlabankans jafnan tekið sem miklu fagnaðarerindi í hvert sinn sem hún birtist. Efnahagselítan (allt vel rólfærir karlmenn) mætir að morgni dags (þegar aðrir landsmenn eru að vinna) og hlýðir á sinn æðstaprest fara með sömu gömlu þuluna. „Því miður spáðum við rangt síðast, eins og reyndar í síðustu tólf skiptin, en hér kemur nýja spáin.“

Og fjölmiðlar gleypa þessa gjólu og slá upp á forsíðum sínum: Enn ein stýrivaxtahækkunin. Og þjóðin kinkar kolli, en lætur ekki segjast. Þrátt fyrir heimsins hæstu vexti hættir hún ekki að eyða og byrjar ekki að spara. Getur verið að seðlabankastjórarnir skilji hana ekki? Gilda hér önnur lögmál en þau sem þeir vinna eftir? Getur verið að stýrivextir virki fremur verðbólguhvetjandi en letjandi? Það hvarflar óneitanlega að manni þegar ferlarnir eru bornir saman.

**Stýrir bankinn verðbólgunni?**

Í lok árs 2004 stóðu stýrivextir í 8.25% og verðbólga mældist um 4%. Í lok árs 2005 voru vextir komnir í 10,5% og verðbólga í 5%. Um mitt ár 2006 höfðu vextir hækkað í 13,5% og verðbólgan var um 7%. Þá tók við hjöðnunarskeið. Stýrivextir stóðu í stað og verðbólga fór minnkandi. Í lok árs 2007 var hins vegar skrúfað frá vöxtum á ný og ekki stóð á verðbólgunni. Í dag mælist hún 8,7% þegar vextirnir eru komnir í 15,5%. Því hærri vextir, því meiri verðbólga. Reglan virðist sú að deila megi með tveimur í stýrivexti til að fá út verðbólgu.

Getur verið að á Íslandi gildi gulrótarlögmál í efnahagsmálum? Að stýrivextir séu sú gulrót sem verðbólguasninn eltir? Að verðbólgunni sé með öðrum orðum stýrt af Seðlabankanum? Í aldarfjórðung lærðu Íslendingar að hlýða sínum Davíð, fyrst borgarbúar og síðan landsmenn allir. Og í hvert sinn sem hann birtist nú á skjánum og sveiflar stýrivaxtasvipunni hlaupum við til og leggjum enn harðar að okkur, en líkt og taugatrekktur hundur misskiljum við skilaboðin og eyðum fremur en að spara.

Ég er ekki hagfræðimenntaður, frekar en fleiri, en óneitanlega eru tölurnar óþægilegar. Kenningin um gulrótarlögmálið er því fremur listræn eðlis en vísindalegs. Líkt og efnahagsspár Seðlabankans.

## Einkavæðingin lætur á sér kræla fyrir norðan

**UMRÆÐAN**
Baldvin H. Sigurðsson skrifar um bæjarmál á Akureyri



**BALDVIN H. SIGURÐSSON**

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Akureyrar kom fram í máli formanns Félagsmálaráðs Akureyrarbæjar að biðlistar í félags- og heilbrigðiskerfinu væru farnir að valda fagfólki og stjórnendum stofnana bæjarins áhyggjum.

Sömuleiðis hafa stjórnendur fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar bent á að vegna mannfæðar og fjárskorts anni þau ekki lengur brýnustu erindum.

Forvarnateymi Verkmenntaskólans á Akureyri hefur kallað eftir liðsinni bæjarins við að ná utan um þá nauðsynlegu þjónustu sem þar er veitt án þess að fá viðhlítandi svör frá bæjaryfirvöldum. Þessu til viðbótar hafa breytingar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á starfsemi Menntasmiðju kvenna vakið ugg á meðal bæjarbúa og sér í lagi þeirra sem hafa nýtt sér þá góðu þjónustu sem þar hefur verið veitt um árabil. Eins og Akureyringar vita hefur Menntasmiðja kvenna unnið ótrúlega gott starf fyrir konur í bænum og er reyndar fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög sem vilja gera átak í jafnréttismálunum.

Viðbrögð bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks við þessu ástandi voru þau að rétt væri að bærinn færi að huga að auknum einkarekstri í þessum málaflokkum. Engin fagleg rök eru fyrir slíkum breytingum og engu líkara en að Sjálfstæðisflokkurinn á Akureyri ætli að fórna þeim árangri sem náðst hefur í þessum efnum fyrir hugmyndafræði einkavæðingar og einkarekstrar.

Sigrún Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður félagsmálaráðs, sá ástæðu til þess að taka það fram að hún væri ósammála áherslum sjálfstæðismanna í þessum efnum. Það er ánægjulegt enda mun einkarekstur ekki leysa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Afstaða bæjarfulltrúa Vinstri grænna á Akureyri er því skýr: Við munum verja félags- og heilbrigðiskerfi bæjarins með kjafti og klóm gegn öllum einkavæðingaráformum Sjálfstæðismanna. Á það geta Akureyringar treyst.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Vinstri grænna á Akureyri.*




# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN HOLTAGARÐAR!

Í dag er opnunarhátíð Holtagarða sem hafa tekið miklum breytingum. Nú skartar verslunarmiðstöðin úrvali nýrra verslana og fjölda bílastæða. Stærri og fjölbreyttari Holtagarðar verða formlega opnaðir kl. 13 í dag.

Holtagarðar er ein af lykileignum fasteignafélagsins Landic Property á Íslandi. Við óskum verslunareigendum til hamingju með nýju húsakynnin.

BÓNUS
MAX RAFTÆKI
ÚTILÍF
Landsbankinn
HAGKAUP
habitat
SS pylsur
Jói Fel BAKARÍ
Eymundsson
TE & KAFFI
STUBBASMIÐJAN
Apótek
Quiznos Sub

LANDIC PROPERTY

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Seðlabankinn kominn út í horn

Helgarviðtal við Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins

## Sumarið 2008

Hvert vilja landskunnir Íslendingar fara, og með hverjum?

## Íslensk sköpunargleði

Lokasýning fatahönnunarnema í Listaháskóla Íslands lofar góðu.

## Menning

Menning fylgir Fréttablaðinu á sunnudag:

Tveir menn í hálfleik – Tólf tónar tíu ára. Tinna Gunnlaugsdóttir svarar gagnrýni Þórhildar Þorleifsdóttur. Ólafur Elíasson í MOMA. Kvikmyndir um raunverulegar manneskjur.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





## MENN VIKUNNAR

### LILJA PÁLMADÓTTIR OG STEINUNN JÓNSDÓTTIR



**FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN TEKIN** Lilja Pálmadóttir og Steinunn Jónsdóttir (fyrir miðri mynd) tóku í vikunni fyrstu skóflustunguna að sundlaug sem þeir færa íbúum Hofsóss að gjöf. Forsetahjónin veittu verkefninu blessun sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### STEINUNN JÓNSDÓTTIR: ÆVIÁGRIP

Steinunn Jónsdóttir innanhússarkitekt fæddist 27. maí 1968, dóttir Jóns Helga Guðmundssonar, sem kenndur er við Byko, og Bertu Bragadóttur kennara. Hún er elst þriggja systkina.
Steinunn lauk stúdentsprófi frá MR og fór svo til náms í innanhússarkitektúr í Bandaríkjunum. Hún hefur einnig verið í listnámi í Bandaríkjunum og lokið MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík.
Steinunn situr í stjórn fyrirtækja sem tengjast fjölskyldunni auk þess sem hún stýrir fjárfestingarfélaginu Arki. Hún hefur byggt upp alþjóðlegt listasetur að Bæ á Höfðaströnd.
Steinunn býr með Finni Reyr Stefánssyni hagfræðingi. Steinunn á tvö börn, Nönnu Katrínu og Jón Braga Hannesarbörn, 13 og 10 ára. Hún og Finnur eiga Baldur, 18 mánaða.

### LILJA PÁLMADÓTTIR: ÆVIÁGRIP

Lilja Sigurlína Pálmadóttir hrossabóndi er fædd 10. desember 1967, dóttir hjónanna Pálma Jónssonar, kaupmanns í Hagkaup, og Jónínu Gísladóttur húsmóður. Lilja er alin upp í hópi fjögurra systkina og er yngst.
Lilja lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands og fór svo í myndlistarnám í New York og síðar í framhaldsnám í Barcelona.
Lilja stundar í dag hrossarækt á Hofi og nám í hrossarækt og reiðmennsku á Hólum í Hjaltadal og hefur losað sig úr stjórn félaga.
Hún er gift Baltasar Kormáki kvikmyndaleikstjóra og hafa þau búið á Hofi í tvö ár en eiga líka heimili í Reykjavík. Lilja og Baltasar eiga og reka framleiðslufyrirtækið Sögn ehf. Lilja á Stellu Rín, 15 ára, og svo eiga þau Pálma Kormák, átta ára, og Storm Jón Kormák, sex ára. Stjúpbörn Lilju eru Ingibjörg Sóllilja, 12 ára, og Baltasar Breki, 19 ára.

# Römm er sú taug

Höfðingleg gjöf þeirra Lilju Sigurlínu Pálmadóttur, listamanns og hrossabónda, og Steinunnar Jónsdóttur innanhússarkitekts hefur vakið mikla athygli en þær byggja sundlaug á Hofsósi og gefa íbúum þar. Fyrst skóflustungan var tekin í vikunni. Báðar eiga þær Lilja og Steinunn rætur að rekja norður, Lilja er ættuð frá Hofi í föðurættina og Steinunn er ættuð úr Fljótum. Lilja rekur hrossabú og leggur stund á nám í hrossarækt á Hólum. Steinunn á hins vegar jörðina Bæ á Höfðaströnd og rekur þar listasetur og hrossabú.

Rætur Lilju Pálmadóttur á Hofi liggja djúpt. Faðir hennar, Pálmi Jónsson sem oft hefur verið kenndur við Hagkaup, var alinn upp á Hofi. Hún var hjá ömmu sinni á Hofi á sumrin en afi Lilju ræktaði hross. Jörðin hafði verið í eigu fjölskyldunnar frá 1911 þegar Pálmi og tvíburasystir hans seldu Hof 1982. Lilja og Baltasar, eiginmaður hennar, keyptu Hof aftur árið 2002 og hafa nú haft þar fasta búsetu í tvö ár.

Lilju Pálmadóttur hafði lengi langað til að gera eitthvað sem skipti máli fyrir Hofsós og nágrenni. Á sama tíma og hún velti vöngum langaði hana alltaf í sund. Fyrir nokkrum árum fannst heitt vatn á svæðinu og þá datt henni í hug að hafa samband við Steinunni og athuga hvort hún væri til í að vera með í að byggja sundlaug fyrir Hofsósinga. Lilja og Steinunn höfðu aldrei hist eða talað saman áður en Steinunn var strax til í framkvæmdina og þurfti ekki einu sinni að hugsa sig um.

Lilja er mikill dugnaðarforkur sem sést ekki síst á því uppbyggingarstarfi sem hún hefur unnið á Hofi undanfarin ár ásamt því að ala upp stóra, kraftmikla fjölskyldu. Hún gefur sig alla í það sem hún gerir, hvort sem það er myndlistarnám í New York og Barcelona eða hrossarækt í Hólaskóla, og þessar tvær persónur þykja sitja vel saman, heimsborgarinn Lilja og Sigurlína hrossabóndi á Hofi.

„Lilja hefur einstaka tilfinningu fyrir fagurfræði og það sem kannski lýsir henni best er húsið sem hún hefur byggt á Hofi, sem er sennilega eitt besta hús sem hefur verið byggt á Íslandi síðari ár, vegna þess að það er hannað og byggt af einstakri næmni fyrir náttúrunni, staðháttum og fegurð,“ segir Halldór Lárusson, vinur hennar.

Steinunn Jónsdóttir er dóttir hjónanna Jóns Helga Guðmundssonar, sem kenndur er við Byko, og Bertu Bragadóttur kennara. Steinunn á ættir að rekja í Fljótin en afi hennar Guðmundur Jónsson, faðir Jóns Helga í Byko, er frá Molastöðum í Fljótum. Pabbi hennar var í sveit á Molastöðum á yngri árum en sjálf var Steinunn hjá Hermanni Jónssyni, afabróður sínum í Lambanesi, og öðru skyldfólki sínu öll sumur í æsku.

Steinunn hefur lengi átt sér þann draum að koma á fót listasetri þar sem listamönnum gefst færi á að dvelja um tíma og sinna list sinni. Í þessu augnamiði keypti hún jörðina Bæ á Höfðaströnd fyrir þremur árum. Steinunn féll fyrir útsýninu og hefur nú gert upp húsin á jörðinni, vinnustofur listamanna og hús fyrir fjölskylduna auk þess sem þar er stórt eldhús þar sem kokkur matreiðir fyrir listamennina og setustofa. Þá er hún með 23ja hesta hesthús, reiðaðstöðu og er byrjuð með hrossarækt.

Steinunn er elst þriggja systkina, og fór gjarnan fyrir systkinum sínum í æsku, var full ábyrgðar gagnvart þeim, eins og títt er um elstu systkini. Hún var samviskusöm sem barn, raunsæ og jarðbundin og sinnti skólagöngu af alúð. Það orð fer af Steinunni að hún sé einstaklega traustur og góður vinur. Hún lifir heilbrigðu lífi og hugsar vel um líkama og sál. Hún æfði sund og var góður sundmaður en eitt af hennar helstu áhugamálum á fullorðinsárum er langhlaup og hefur hún hlaupið nokkur maraþon um ævina. Til að ná árangri í hlaupum þarf aga og skipulag og það hefur Steinunn Jónsdóttir.

Steinunn anar aldrei út í neitt heldur framkvæmir hlutina að vel athuguðu máli. Hún þykir alvörugefin og er laus við galgopahátt, sver sig þannig í föðurættina. Hún þykir mjög traust manneskja og vinur vina sinna fram í fingurgóma, heiðarleg prinsippmanneskja. Hún er lítið fyrir sviðsljósið og kann betur við sig innan um fáa vini og kannski fyrst og fremst fjölskylduna. Steinunn er kát og hress í hópi vina sinna en gefur lítið færi á sér gagnvart þeim sem hún þekkir ekki. Hún er athafnamanneskja sem hefur gaman af að takast á við verkefni á borð við listasetrið auk þess sem það er henni hugsjón að auðvelda listamönnum um allan heim að vera í skemmtilegu umhverfi og fá hugmyndir. Hún hefur alltaf haft áhuga á listum og arkitektúr og listasetrið veitir henni tækifæri til þess að blanda þessu tvennu saman.


OPNUM NÝJA VERSLUN Í DAG GLÆSILEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR
Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði
Opið 10-19 mán-mið, 10-21 fim, 10-19 fös, 10-18 lau og 12-18 sun. Te & kaffi opið alla daga.
habitat
HOLTAGÖRÐUM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐUR UM HELGINA

NÝTT KORTATÍMABIL




Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.

Holta-kjúklingur

**FERSKUR KJÚKLINGUR**
**40% AFSLÁTTUR**




Holta fersk kjúklingalæri m/legg
**449 kr./kg.** MERKT VERÐ 748 KR./KG.




Holta fersk hálfúrbeinðu kjúklingalæri
**641 kr./kg.** MERKT VERÐ 1069 KR./KG.




Holta ferskir kjúklingavængir
**239 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




Holta eldaðir kjúklingavængir
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 599 KR./KG.

# LAMBIÐ BREGST EKKI




KS frosin lambasvið 50% afsláttur
**199 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




KS frosinn lambabógur 30% aflsáttur
**489 kr./kg.** MERKT VERÐ 698 KR./KG.




KF frosnar T-bone-lambakótilettur
**1.flokkur 1598 kr./kg.**




KF frosnar lambalærisneiðar
úr miðlæri **1798 kr./kg.**




KS ferskt lambaprime **1499 kr./kg.**




KS frosnar lamba-sirlonsneiðar
Góðar á grillið **aðeins 998 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

NÝTT KORTATÍMABIL

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJÖTMARKAÐUR UM HELGI
NÝTT KORTATÍMABIL
Ali
FERSKT ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT
30-40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali ferskar lúxus úrbeinaðar svínakótilettur
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali ferskur svínahnakki í sneiðum
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
499
Ali ferskur svínabógur
aðeins 499 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
Ali fersk kjötmikil svínarif
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
Nautaat
100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT
798
Nautaat ferskt íslenskt ungnautahakk
798 kr./kg.
489
Nautaat ferskir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 489 kr pakkinn.
499
Bónus íspinnar 24 stk. 499 kr.
119
Bónus brauð 1 kg 119 kr
ORKA
49
Egils orka 250 ml 49 kr. fl.
Vanillu ís BÓNUS
198
Bónus ís 2 ltr. 198 kr boxið.
Vanilla & Súkkulaði.
Feti
198
Bónus fetaostur 250g 198 kr.
998
NF Laxabitar bein og roðlausir
998 kr./kg.
Avaxta toppur
98
Toppur 2 ltr. 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

# Á þunnum ís?

**UMRÆÐAN**
Þorvaldur Gylfason skrifar um efnahagsmál



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Greinarhöfundur segir að taugatitringurinn á fjármálamörkuðum heimsins í kjölfar undirmálslánakrísunnar hafi komið þróuninni hér af stað, en hún hefði samt sem áður átt sér stað á endanum. Yfirvöldin hefðu heyrt í viðvörunarbjöllunum, en kosið að skella skollaeyrum við þeim.

Snögg innsýn í stjórnmálasöguna getur varpað ljósi á nýliðna atburði og sviptingar í efnahagslífi á Íslandi. Áratugum saman eftir að Framsóknarflokkurinn náði völdum á Íslandi 1927 með þriðjung kjósenda á bak við sig var landið reyrt í viðjar hafta umfram flest eða öll önnur ríki Vestur-Evrópu nema kannski Írland. Ríkisafskipti og áætlanabúskapur voru regla fremur en undantekning, framtak og markaðsbúskapur voru litin hornauga og komust hvorki lönd né strönd.

Án þess að ýkja um of má segja, að ríkisvaldið hafi reynt að standa í vegi fyrir nánast öllum breytingum í átt til markaðsbúskapar. Ríkið átti stærstu viðskiptabankana og notaði þá til að skammta naumum fjármunum til atvinnuvega og fyrirtækja, sem það kaus að hygla; erlendur gjaldeyrir, sem var verðlagður of lágt með handafli, var skammtaður með svipuðum hætti. Innlendur sparnaður þurrkaðist upp, og sparifjárþurrðin innan lands kallaði á erlendar lántökur í stórum stíl, þar sem erlendri fjárfestingu var haldið í skefjum með þjóðernisrökum (og úthýst úr sjávarútvegi fram á þennan dag).

Róttæk frívæðing efnahagslífsins átti sér stað á sjöunda áratugnum og færði hagkerfið nær nútímanum með því að dregið var úr niðurgreiðslum til sjávarútvegs og gengi krónunnar var lækkað. Umbreyting viðreisnaráranna gekk þó ekki mjög langt, meðal annars vegna þess að bankarnir voru skildir eftir í höndum ríkisins. Þar að auki slaknaði ekki verulega á þéttu, allt að því kæfandi, faðmlagi framleiðenda og ríkisvaldsins. Þarna virðist liggja skýringin á því, hvers vegna Samtök atvinnulífsins hafa til þessa dags reynzt ófús til að styðja inngöngu Íslands í Evrópusambandið og ganga þannig gegn vilja Sjálfstæðisflokksins, eina fjölmenna borgaraflokksins í Evrópu, sem hefur streitzt gegn inngöngu.

**Heim til þín, Rússland**

Fyrstu frívæðingarbylgjunni í byrjun sjöunda áratugarins fylgdi ekki nauðsynlegt afnám stjórnmálaíhlutunar í efnahagslífið og ekki heldur næstu bylgju, sem reis undir lok níunda áratugarins. Síðari bylgjan fól í sér frjálsa vaxtamyndun á innlendum markaði, óhindrað flæði erlends fjár að og frá landinu, verðtryggingu fjárskuldbindinga, inngöngu á Evrópska efnahagssvæðið 1994 og einkavæðingu viðskiptabanka og fjárfestingarsjóða 1998-2003, þegar tveir stærstu ríkisbankarnir voru seldir. Bankarnir voru seldir samtímis – á hóflegu verði að mati Ríkisendurskoðunar.

Bankarnir voru ekki seldir erlendum bönkum eins og gerðist í Austur- Evrópu, til dæmis í Eistlandi, heldur voru þeir seldir einstaklingum, sem voru í nánum tengslum við ríkisstjórnarflokkana. Einn þeirra, sem hagnaðist á einkavæðingu bankanna, var stjórnmálamaður, sem hafði ekki aðra reynslu af einkarekstri en þá, að hann hafði á áttunda áratugnum rekið tvær litlar prjónastofur, báðar skamma hríð. Hann varð skyndilega milljarðamæringur. Annar flaug Elton John til landsins til að fagna afmæli sínu.

Ég gæti haldið áfram, en þess þarf ekki: Ísland varð Rússland. Forsætisráðherra 1991-2004 færðist um set niður í stól utanríkisráðherra 2004-2005 eftir kosningaósigur, og 2005 tilkynnti hann einhliða ákvörðun sína um að draga sig í hlé frá stjórnmálum og setjast í sæti seðlabankastjóra; launum hans var í skyndingu lyft upp fyrir laun forseta Íslands. Bankarnir og fólkið í landinu skildu skilaboðin: Engin fyrirstaða!

*Gengisfallið var óhjákvæmilegt. Órökstuddur orðrómur er því ekki líklegur til að hafa grafið undan krónunni.*

**Stigvaxandi skuldir**

Þegar bankarnir voru loksins lausir við afskipti ríkisvaldsins, slettu þeir ærlega úr klaufunum líkt og kýr, sem hleypt er út að vori. Þeir tóku lán í útlöndum sem aldrei fyrr og veittu þeim til innlendra viðskiptavina: innlend útlán bankakerfisins jukust úr 100% af landsframleiðslu 2000 í 450% 2007.

Viðskiptafyrirmynd bankanna var í megindráttum sótt til útlanda: fárra spurninga var spurt, bankamönnum var umbunað eftir umfangi lána, sem þeir veittu, og öðrum viðskiptum. Bankarnir virtust halda, og það gerði að minnsta kosti eitt erlent matsfyrirtæki, að ríkisábyrgð á bönkunum frá tímum ríkisrekstrar væri enn í gildi; ríkisstjórnin gerði lítið til að sporna gegn þessu viðhorfi bankanna. Bankarnir tóku skammtímalán á lágum vöxtum til að fjármagna útlán til langs tíma, þar á meðal 25-40 ára húsnæðislán. Margir viðskiptavinir tóku húsnæðislán með breytilegum vöxtum, það er með 4% raunvöxtum, sem eru háðir endurskoðun að fimm árum liðnum, án þess að vita, að lán þeirra væru fjármögnuð með skammtímalánum. Húnæðisskuldir náðu 140% af ráðstöfunartekjum ársins 2007, en voru 40% 1983 og 80% 1990. Vöxtur húsnæðisbólunnar hefur nú skyndilega stöðvazt.



ÞORVALDUR GYLFASON

Skuldir ríkisins drógust á hinn bóginn saman úr 55% af landsframleiðslu 1994 í 28% 2007, þar eð ríkið endurgreiddi skuldir sínar með tekjum af einkavæðingu og öðrum tekjum, þar á meðal umtalsverðum skattgreiðslum frá bönkunum. Enn mikilvægara er þó hitt, að tekjuskattar einstaklinga hækkuðu verulega, úr 10% af landsframleiðslu 1995 í 14% 2006, einkum vegna þyngri skattbyrðar láglauna- og millitekjuhópa.

Skatttekjur ríkisins og aðrar tekjur, þar með taldar tekjur af einkavæðingu, jukust úr 38% af landsframleiðslu 1990 í 49% 2005. Skattbyrðin á Íslandi 1990 var fimm hundraðshlutum undir meðallagi innan OECD, en skattbyrðin 2005 var komin fjórum hundraðshlutum yfir meðallag OECD. Þrátt fyrir þyngri skattbyrði allra nema hinna efnamestu tók ríkisstjórnin 2006 erlent lán sem nam 10% af landsframleiðslu til að tvöfalda gjaldeyrisforða Seðlabankans og rösklega það, svo að hann næði aftur fjárhæð sem nemur 3-4 mánaða innflutningsverðmæti.

Árin 2004-2007 nam viðskiptahallinn að meðaltali 18% af landsframleiðslu, þar eð innflutningur og vaxtagreiðslur náðu áður óþekktum hæðum; útflutningur hélzt á hinn bóginn áfram í nánd við þriðjung af landsframleiðslu eins og hann hefur verið frá 1870 (þetta er ekki prentvilla). Útflutningsstöðnunin er skýrt teikn um of hátt gengi krónunnar. Erlendar skuldir námu 550% af landsframleiðslu 2007, þar með taldar skammtímaskuldir, sem eru komnar upp í 200% af landsframleiðslu. Hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins 2007 námu 250% af landsframleiðslu, en voru 50% 1997. Hrein erlend staða þjóðarbúsins, þar með talið áhættufjármagn, það er bein erlend fjárfesting og hlutafé, versnaði einnig og varð -125% af vergri landsframleiðslu 2007 borið saman við -47% 1997.

Þessar tölur vekja upp tvö skyld umhugsunarefni. Hið fyrra snýr að því, að erfitt getur reynzt að meta virði sumra þeirra eigna, sem keyptar voru með lánsfé. Hið síðara er, að gæði fjárfestinganna, sem erlent lánsfé var notað til að standa straum af, ræður nú úrslitum um, hvort landið stendur undir þeim langtímaskuldum, sem hafa hrannazt upp. Arðsemi nýrrar vatnsaflsvirkjunar, gríðarstórrar á íslenzkan mælikvarða, sem sjá á nýrri álverksmiðju fyrir orku, er óvís og umdeild. Þetta stafar öðrum þræði af því, að stjórnvöld eru ekki reiðubúin til að gefa upp verðið, sem orkan verður seld á




**MYND 2.**
Erlendar skammtímaskuldir bankakerfisins sem hlutfall af gjaldeyrisforða Seðlabankans 1989-2007






**MYND 1.**
Ísland og Bandaríkin: Landsframleiðsla á mann 1975-2006

til álbræðslunnar. Þar að auki var hluta lánsfjárins varið til að fjármagna neyzlu.

**Frekari teikn um of hátt gengi krónunnar**

Þrír aðrir þættir benda til kerfisbundins ofmats krónunnar langt aftur í tímann. Fyrst ber að nefna mikla og landlæga verðbólgu (eins og stendur er verðbólgan 9% á ári og stefnir hærra); verðbólgulönd búa yfirleitt við ofmetna gjaldmiðla. Í annan stað hneigist lítt hagganlegur stuðningur ríkisvaldsins við landbúnað með ströngum innflutningshöftum og við sjávarútveg í gegnum ókeypis úthlutun verðmætra veiðikvóta, þótt fiskimiðin séu almannaeign að lögum, til að hækka gengi krónunnar upp fyrir eðlileg mörk. Gangvirkið er einfalt: með því að draga úr innflutningi matvæla dregur ríkisvaldið úr eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og lækkar um leið verð hans og hækkar gengi krónunnar. Með líku lagi ýtir óbeinn stuðningur ríkisins við sjávarútveginn verði á erlendum gjaldmiðli niður fyrir það verð, sem samrýmist eðlilegri arðsemi útvegsins, og skaðar með því móti aðra útflutningsatvinnuvegi, sem þurfa einnig að una háu gengi krónunnar. Í þriðja lagi hefur landsframleiðsla á mann á Íslandi, mæld í dollurum, verið meiri en í Bandaríkjunum síðan 2002, og 2007 var hún orðin helmingi meiri og skauzt þá upp fyrir rammann í kringum mynd 1.

Í þessu ljósi ber að skoða gengislækkun krónunnar í ár sem velkomna leiðréttingu. Mun gengið falla frekar? Hversu mikið? Hversu ört? Þessu er ógerningur að svara eins og ævinlega nema að því leyti, að yfirskot – það er meira gengisfall í bráð en lengd – virðist líklegt. Fremur en að reyna að snúa við gengisfallinu að undanförnu ættu stjórnvöld að ráðast gegn rótum þráláts ofmats krónunnar – gegn hágengisvandanum.

Mynd 2 sýnir, að erlendar skammtímaskuldir bankakerfisins voru í árslok 2007 fimmtán sinnum meiri en gjaldeyrisforði Seðlabankans. Í ljósi þess lærdóms, sem dreginn var af fjármálakreppunni í Asíu 1997-1998, hefði þetta ekki átt að geta gerzt. Stjórnvöld hefðu átt að standa í veginum. Hér er ekki litið í baksýnisspegil. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn voru hvað eftir annað vöruð við, opinberlega og afdráttarlaust. Svar þeirra var, að Ísland sé ekki Taíland. Nú, eins og 2006, er leitað leiða til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, enn og aftur með erlendri lántöku.

**Bankarnir þurfa meiri samkeppni**

Skyndileg gengislækkun krónunnar 2008 og lausafjárvandi bankanna nú, svo sem gríðarhá skuldatryggingarálög þeirra bera vitni um, eru eiginlega tvö ólík viðfangsefni, enda þótt fyrirhyggjulaus söfnun á hverfulum skammtímaskuldum virðist hafa hrundið falli krónunnar af stað. Þörfin á gengisfalli er ekki ný, þótt hún hafi nýlega orðið svo bráð. Gengisfallið var óhjákvæmilegt. Órökstuddur orðrómur er því ekki líklegur til að hafa grafið undan krónunni.

Vandi bankanna er aftur á móti nýr af nálinni. Taugatitringurinn á fjármálamörkuðum heimsins í kjölfar undirmálslánakrísunnar kom þróuninni hér af stað, en hún hefði samt sem áður átt sér stað á endanum. Það er engin önnur leið til að túlka mynd 2. Nokkrir samvirkir þættir lögðust á sömu sveif, þar með talið veikt fjármálaeftirlit, sem virtist koma á óvart, að trú erlendra aðila á bönkunum skyldi byrja að bila; mistök í stjórn peningamála af hálfu Seðlabanka Íslands, sem lýtur enn sem fyrr pólitískri stjórn og hefur hvorki nægilegan trúverðugleika né sannfæringarkraft; slakar ráðleggingar erlendra matsfyrirtækja; aðhaldslaus stefna í ríkisfjármálum, sem á illa við í verðbólgu; og áhugaleysi stjórnvalda um að bregðast tímanlega við ört vaxandi skuldum. Yfirvöldin heyrðu í viðvörunarbjöllunum, en þau kusu að skella skollaeyrum við þeim.

Hvernig bönkunum og lánardrottnum þeirra reiðir af, þegar upp er staðið, er að svo stöddu ekki gott að vita. En lánþegar þeirra og innstæðueigendur munu vafalítið þurfa að þola aukinn mun á innláns- og útlánsvöxtum á innlendum markaði í einangrun frá erlendri samkeppni. Bankakreppu hefur áður verið leynt með því móti, án þess að það væri viðurkennt opinberlega; það var um svipað leyti og bankakreppan reið yfir Norðurlönd í upphafi tíunda áratugarins. Á þeim tíma afskrifuðu íslenzku ríkisbankarnir tapað lánsfé í svipuðum mæli í hlutfalli við landsframleiðslu og frændur okkar á Norðurlöndum. Þetta er ein margra ástæðna fyrir því, að innganga í Evrópusambandið með tilheyrandi vernd í samkeppnislöggjöf þess er mikilvæg fyrir Ísland. Íslenzkir bankar þarfnast samkeppni heima jafnt sem erlendis, þar sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum umtalsvert betri kjör en þeir gera á Íslandi.

**Mun Ísland sökkva? Nei!**

Ekki misskilja orð mín: Grunnstoðir íslenzks efnahagslífs eru býsna sterkar. Frá því landið fékk heimastjórn 1904 hefur landsframleiðsla á mann fimmtánfaldazt. Í dag er landsframleiðsla á mann á Íslandi áþekk framleiðslu á mann í Danmörku, borið saman við helmingsmun Dönum í hag um aldamótin 1900 (sjá grein mína Þegar Ísland var Afríka hér í blaðinu 27. desember 2007).

Það er rétt, að umskiptin á Íslandi kostuðu mikla verðbólgu um langt skeið, erlenda skuldasöfnun og rýrnandi fiskstofna. Á hinn bóginn hefur menntun og menningu þjóðarinnar fleygt fram. Mikil vinna hefur einnig stuðlað að örum vexti og viðgangi landsins. Líkt og Bandaríkjamenn þurfa Íslendingar enn sem endranær að vinna mun lengri vinnudag en flestar aðrar hátekjuþjóðir til að tryggja sér góð lífskjör og yfirvinna ýmsar sjálfskapaðar brotalamir í uppbyggingu og skipulagi efnahagslífsins og sóun, sem þessu fylgir. Aðild að Evrópusambandinu myndi stuðla að því að færa þessa misbresti til betri vegar.

*Þessi grein birtist fyrst á ensku í vefritinu www.voxeu.org 7. apríl 2008 og birtist hér með smávægilegum breytingum í íslenzkri þýðingu Örnu Varðardóttur. Höfundurinn er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands, þýðandinn er hagfræðinemi í sama skóla.*


SIMPLY CLEVER

FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA.

**Skoda Octavia 1,9 TDI® – 4,9 lítrar á hundraðið**

Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð meðpláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin, skilarmiklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum akstursiginleikum. Skoðaðu Skoda Octavia – bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.



HEKLA Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss

# Schwedenkrimi og Wall Street Journal

Í dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá útrás – sem vonandi setur þjóðfélagið ekki á höfuðið. Einnig er fjallað um geðvonsku og heitar pylsur, íslensk sjónvarpsleikrit og sektargreiðslu fyrir óumbeðið bankalán.






## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

### Pylsur lækna geðvonsku

**LAUGARDAGUR, 12. APRÍL**

Sund, en mikið ansi var kalt. Litla Sól og vinkonur hennar héldu samt á sér hita með því að fara hverja salíbununa af annarri í stóru rennibrautinni. Svo fauk í þá litlu á heimleiðinni vegna ágreinings við vinkonur sínar Lilju og Helgu um lagaval, en það var mikið sungið í bílnum. Og þá fær maður aldeilis að finna fyrir því þegar ský dregur fyrir – þótt Sólin sé ekki stór.

Bæði sönginn sem var orðinn nokkuð einhæfur og langdreginn og geðvonskuna tókst að stöðva með því að kaupa pylsur á línuna handa kór hinna syngjandi sund-stúlkna.

### Íslensk sjónvarpsleikrit og íslensk knattspyrna

**SUNNUDAGUR, 13. APRÍL**

Í dag fór ég austur í Bolholt með Finni vini mínum. Við lentum í snjó og jafnvel ófærð, svo að það kom sér vel að Finnur ekur á traustum Toyota Hilux af fínustu gerð.

Ferðin heppnaðist að hálfu leyti því að innanhúss tókst mér að gera ýmsar mælingar sem frú Sólveig hafði falið mér að gera og stungið málbandi í vasa minn. Mælingar og athuganir sem við höfðum hugsað okkur að gera utanhúss fórust þó að mestu fyrir, því að óvenjudjúpur snjór var yfir öllu. Þótt ég sé ekki beinlínis Hard-Gore í heimshlýnunarspám trúi ég samt á vorið og að senn fari snjóa að leysa þar eystra.




Eftir heimkomuna horfðum við á síðasta þáttinn af „Mannaveiðum" í sjónvarpinu. Ég náði að vísu ekki að horfa alveg til enda, því ég nennti ekki að fylgjast með lengur þegar morðinginn var kominn með bæði lögreglumann og fórnarlamb í sumarbústað á Þingvöllum og var farinn að halda yfir þeim langar ræður um einhvern Shotgun-leik, og hafði límt upp myndasafn af sjálfum sér á einn vegginn í bústaðnum.

Mér þóttu Mannaveiðar fara líflega á stað. Mér þóttu leikararnir yfirleitt skila sínu með prýði. En handritið varð bara verra og verra.

Ég horfði líka á töluvert af Pressunni á sínum tíma án þess að sjá nokkurn tímann glóru í handritinu.

Íslensk sjónvarpsleikrit eru eins og íslensk knattspyrna. Maður fylgist spenntur með af því að þetta er íslenskt. Með betri handritsvinnu, með því að reyna ekki að eltast við útlit erlendra þátta, heldur skapa okkar eigin útlit og eigin stemmingu er ég ekki í nokkrum vafa um að okkur muni takast á næstu árum að búa til fínasta sjónvarpsefni. Sömu reglur gilda og í knattspyrnunni: Að halda áfram að æfa baki brotnu og leggja sig allan fram.





### Peningaplokk

**MÁNUDAGUR, 14. APRÍL**

Eftir fremsta megni hef ég reynt að styrkja ýmis góðgerðarfélög um dagana, en þeir peningar sem slík þjóðþrifafyrirtæki hafa fengið hjá mér, eru hreinir smáaurar miðað við það sem bankarnir hafa náð að plokka af mér gegnum tíðina.

Ég er með viðskipti við Kaupþing og fékk rukkun frá þeim á morgun fyrir að hafa farið yfir á debetkortinu mínu. Fyrir það á ég að borga ríflega sekt.

Þegar ég efast um að nóg sé inni á debetkortinu mínu til að borga fyrir einhver viðskipti bið ég viðkomandi afgreiðsluaðila að aðgæta hvort nóg sé inni á kortinu. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna Kaupþing hefur samþykkt greiðslu af þessu korti þegar innistæðan var búin. Og fyrir að samþykkja þessa greiðslu sem ég vildi alls ekki að bankinn samþykkti á ég núna að greiða bankanum sekt.

Hverslags svikamylla er þetta eiginlega? Er þetta virkilega löglegt? Allavega er það siðlaust.

Það væri nær að ég sektaði bankann fyrir að leyfa mér að eyða peningum sem ég átti ekki – og hafði ekki beðið hann um að lána mér.

### Sveðjumorðingjar í aktygjum

**ÞRIÐJUDAGUR, 15. APRÍL**

Það kostar yfir 9.000 kall að setja bensín á bílinn. Mér er skapi næst að hafa samband við eitthvert reiðtygjaverkstæði og láta sauma aktygi á sterkbyggða karlmenn.

Ef maður ætlar að skreppa eitthvað innanbæjar á bílnum er öruggleg ódýrara að leigja hóp af erlendum sveðjumorðingjum til að draga bílinn eða ýta honum en að knýja hann áfram með bensíni. Miðað við olíufélögin þéna erlendar mafíur aðeins rétt til hnífs og skeiðar eins og ástandið er núna, þegar hver einasti úlfaldi í Arabíu gengur með gullhring í nefinu.

Á fréttum er það að skilja að sveðjumorðingjar séu fjölmennari á Íslandi nú en á Sturlungaöld. Það er skrýtið að þessi gamla íslenska atvinnugrein skuli nú aftur vera að ryðja sér til rúms á landinu, eftir að hafa legið í gleymsku mestan part síðan á 13. öld.

### Blaðaviðtal við Wall Street Journal

**MIÐVIKUDAGUR, 16. APRÍL**

Kláraði í nótt að lesa Falið vald eiturlyfjakolkrabbans. Stórkostlega merkileg bók eftir Jóhannes Björn Lúðvíksson. Þessi bók kom út hjá Íslensku bókaútgáfunni ehf. árið 1997 og mér finnst alveg stórfurðulegt að hún skuli hafa farið framhjá mér, jafnvel þótt ég hafi mestan part verið starfandi erlendis á þeim tíma.



Sömuleiðis þekki ég ekki deili á höfundinum, Jóhannesi Birni Lúðvíkssyni, en hann er ákaflega vel ritfær, fjölfróður og rökfastur.

Það vill svo til að ég hef í hjáverkum undanfarin ár verið að kynna mér sömu mál og Jóhannes Björn fjallar um í þessari bók, og ég fæ ekki séð að neinu skeiki hjá honum.

Ýmislegt hefur gerst á þeim tíu árum síðan bókin kom út svo að það þyrfti að uppfæra suma kafla hennar, en í heild er þetta bók sem ætti að vera skyldulesning í skólum sem vilja kenna eitthvað um félagsfræði, fjármál og stjórnmál.

Morgunninn hjá mér fór í blaðaviðtal. Yfirleitt reyni ég að koma mér undan því að tala við erlenda blaðamenn. Ekki svo að skilja að þeir sitji um mig alla daga og heimti að ég tjái mig um land og þjóð, en það kemur fyrir að einn og einn slíkur biður um viðtal, og þá reyni ég yfirleitt að benda þeim á einhverja aðra aðila sem væru líklegri en ég til að laða ferðamenn til landsins.

En í þetta skipti gerði ég undantekningu því að blaðamaðurinn, sem heitir Marcus Walker, sagðist vera frá Wall Street Journal í heimsókn á Íslandi til að fræðast um efnahagsmál.

Efnahagsmál eru að vísu ekki sérgrein mín en þó finnst mér ég hafa meira vit á íslenskum efnahagsmálum en margir þeir sem eru á góðum launum við að sinna þeirri grein. Svo að ég bauð blaðamanninn frá Wall Street Journal hjartanlega velkominn og við áttum langt og gott spjall saman sem ég geri ráð fyrir lesendur blaðsins taki mark á og efnahagskreppan í heiminum fari því að leysast innan tíðar.

### Þjóðverjar lukkulegir með Valkyrjur

**FIMMTUDAGUR, 17. APRÍL**

Ekki alls fyrir löngu kom bók eftir mig sem heitir „Valkyrjur" út í Þýskalandi hjá stóru forlagi sem heitir DTV. Sú útgáfa skilst mér að hafi gengið prýðilega og stærsti bókaklúbbur Þýskalands, Bertelsmann, keypti slatta af upplaginu að bjóða sínum klúbbmeðlimum.

Ég var soldið spenntur eftir því að sjá hvernig viðtökur þessi bók fengi í öðru landi, því að hún fjallar jú um Magnús Mínus sem á Mínus-verslanirnar, týnda ævisögu sem kona nokkur skrifaði um hann og fleiri volduga menn og svo tilburði DD dómsmálaráðherra til að koma hér upp alltvitandi öryggislögreglu.

Fyrstu umsagnir voru ágætar en birtust í blöðum og tímaritum sem hafa takmarkaða útbreiðslu. Nú er loksins komin alvörugagnrýni í þeim miðli sem mest fjallar um innrás hinnar „norrænu sakamálasögu" í Þýskaland. Þar á ég við vefsetrið www.schwedenkrimi.de .

Til allrar hamingju virðast Þjóðverjar skilja bókina og vera lukkulegir með hana. Gagnrýnin endar svona:

„Þessi sakamálasaga býður upp á stórkostlega skemmtun og er frábær sakamálasaga. Þráinn Bertelsson hefur stórkostlegan ádeilu-húmor. Þessi bók er ekki eingöngu spennandi, heldur einnig skrifuð af leiftrandi fyndni. Þetta er sérdeilis skemmtileg umfjöllun um íslenskt samfélag uppábúin sem mögnuð glæpasaga."

Jahá. Verra gat það verið. Schwedenkrimi og Wall Street Journal í sömu vikunni.

Ég hlýt að vera kominn í útrás.


Við rýmum fyrir sumar og vorvörunum

Allt að 70% afsláttur



Flíspeysur frá 990,-
Úlpur frá 1990,-
Top Reiter reiðskór 4990,-

Úlpur, jakkar, flíspeysur og skór fyrir alla ekki bara hestamenn.
Eigum líka stórar stærðir.

TOP REITER Ögurhvarfi 2 • 203 Kópavogur • Sími 5655151

Stórsýningin

# Verk og vit 2008

íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöllinni **17.-20. apríl**

Verk og vit 2008

## Misstu ekki af glæsilegri sýningu um helgina!

Stórsýningin Verk og vit 2008 er haldin í Laugardalshöllinni dagana 17.-20. apríl og er stærsti viðburður sinnar tegundar á Íslandi. Komdu og sjáðu allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð.



### Sýningartími

Laugardagur 19. apríl 12:00-18:00
Sunnudagur 20. apríl 12:00-17:00

### Verð aðgöngumiða

1.200 kr. - Miðasala við innganginn

Námsmenn, eftirlaunaþegar og öryrkjar greiða 900 krónur. Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana. Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

**Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæðinu verkogvit.is**

AP sýningar, dótturfyrirtæki AP almannatengsla, er framkvæmdaraðili Verks og vits 2008.

**Samstarfsaðilar:** Iðnaðarráðuneyti · Reykjavíkurborg · SI Samtök iðnaðarins · Landsbankinn · ÍSTAK

AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavík · sími 511 1230 · www.appr.is · www.verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ég vil lýsa ánægju með að þetta frumvarp er komið fram hér. Mér sýnist að það sé þesslegt að óhætt sé að styðja það. Þó vil ég hafa einhvern fyrirvara á því þar sem ég hef ekki kynnt mér málið til hlítar.“*

***Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokki.***

„.........................................................................................................“

***Guðný Hrund Karlsdóttir Samfylkingunni.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Þrálátur orðrómur á kreiki

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, hefur lagt fram fyrirspurn á þingi til forsætisráðherra um samskipti ríkisstjórnar og Seðlabanka. Spyr hann hvernig þeim samskiptum hafi verið háttað undanfarna mánuði og vill vita hve margir fundir – formlegir og óformlegir – hafi verið haldnir og hvort bréf eða orðsendingar hafi gengið á milli. Þá spyr hann hvort rétt sé að ríkisstjórnin hafi fyrir nokkrum mánuðum hafnað eða ekkert gert með beiðni frá Seðlabankanum um að auka gjaldeyrisvaraforðann.

„Ég spyr af gefnu tilefni því það hefur verið þrálátur orðrómur á kreiki um að samskiptin séu ekki í lagi og að ríkisstjórnin hafi ekkert gert með ósk bankans um að gjaldeyrisvaraforðinn verði aukinn,“ sagði Steingrímur í samtali við Fréttablaðið.

Hann kveðst ekki hafa staðfestar heimildir fyrir að bankinn hafi óskað eftir að gjaldeyrisvaraforðinn verði aukinn en rétt sé að leyfa Geir H. Haarde að svara þessum þráláta orðrómi.

Svars má vænta á næstunni.



## BJARGRÁÐASJÓÐUR LAGÐUR NIÐUR

Bjargráðasjóður heyrir sögunni til, verði frumvarp samgönguráðherra þar um að lögum.

Bjargráðasjóður var stofnaður 1913 í þeim tilgangi að koma til hjálpar landsmönnum í hallæri eða til að afstýra því, eins og segir í greinargerð. Í lögum um sjóðinn er hallæri skilgreint svo að sveitarfélag verði svo illa statt að það megni ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

Í greinargerðinni segir einnig að skyldur til að mæta áföllum hafi verið lagðar á herðar annarra, til dæmis með lögum um félagsþjónustu, Viðlagatryggingu Íslands, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga og Atvinnuleysistryggingasjóði. Því sé ekki lengur þörf fyrir starfsemina.

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

## *Þingvöllum, vorið 2007*



Ljóst er að helsta ætlunarverk ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur mistekist. Og það hrapalega.

Strax í annarri línu stefnuyfirlýsingar stjórnarinnar segir að flokkarnir hafi einsett sér að mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf. Ég endurtek: kraftmikið efnahagslíf.

Ekki nóg með það. Hvers vegna að stoppa við að stefna að kraftmiklu efnahagslífi, hafa þau Geir og Ingibjörg sjálfsagt sagt í góða veðrinu á Þingvöllum í fyrra. Hvers vegna ekki að hafa markmiðin skýr og háleit? Og það varð ofaná. Í Þingvallaskjalinu stendur:

*„Eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs.“*

Þetta var á Þingvöllum 23. maí 2007.

Og hver er svo reyndin?

Ekki hefur verið jafnmikil verðbólga á Íslandi í næstum tuttugu ár.

Vextirnir eru svimandi háir.

Gríðarlegur halli er á vöruskiptum við útlönd.

Hagvöxtur er lítill og spárnar dræmar.

Tekjur ríkissjóðs munu dragast saman um milljarðatugi á næstu árum.

Já, og svo var það stöðugleikinn. Hvað er aftur stöðugleiki?

Ingibjörg Sólrún hefur nokkrum sinnum sagt að bróðurparti stefnumála stjórnarinnar hafi þegar verið hrint í framkvæmd. Fyrirheitin um efnahagslífið eru ekki í þeim flokki. Vitaskuld er einungis tæpur fjórðungur kjörtímabilsins að baki og ríkisstjórnin hefur svo sem tíma til að reyna að snúa stöðunni sér - og þjóðinni - í hag. En þangað til það gerist verður hún reglulega minnt á fyrirheitin fögru.

## Ásta kjörin í framkvæmdastjórn

Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var á dögunum kjörin í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins.

Ásta lagði þýska þingkonu í kosningu í landahópi vestrænna lýðræðisríkja og er annar Íslendingurinn til að setjast í framkvæmdastjórnina. Geir H. Haarde sat í stjórninni á árunum 1994-1998. Alþjóðaþingmannasambandið var stofnað 1889 en Alþingi varð aðili 1951.



**ÁSTA MÖLLER OG MBEKI FORSETI SUÐUR-AFRÍKU** Þing Alþjóðaþingmannasambandsins fór fram í Suður-Afríku í vikunni.

# Sá hvernig brotið er á fólki í skjóli Ólympíuleikanna

**Erla Ósk Ásgeirsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir mikilvægt að íslensk stjórnvöld mótmæli mannréttindabrotum kínverskra stjórnvalda og verði ekki við opnun og setningu Ólympíuleikanna í Peking í ágúst. Hún bjó í Peking og sá sjálf hvernig stjórnvöld brjóta á fólki í skjóli leikanna.**



**ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR** „Mér fannst mjög eðlilegt að taka þetta upp enda höfum við dýrmætt frelsi til að gagnrýna eigin forystufólk. Þó spurningin kunni að hafa verið erfið fagnaði Þorgerður henni og svaraði af fullri hreinskilni eins og alvöru stjórnmálamenn gera.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Erla tók sæti á Alþingi í vikunni og lét það verða sitt fyrsta verk að spyrja flokkssystur sína, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, hvort hún hefði endurskoðað fyrri ákvörðun um að vera við setningu Ólympíuleikanna. Svarið var einfalt; það hefur ráðherrann ekki gert.

„Ég spurði hana vegna þess að við, ungir sjálfstæðismenn, erum talsmenn þess að þegnar njóti borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda,“ segir Erla Ósk, sem er formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Þó að svarið hafi ekki verið það sem Erla vonaðist eftir telur hún baráttuna ekki vonlausa. „Ég bað hana að endurskoða ákvörðun sína og vona að hún breyti um afstöðu á endanum. En ég bað hana jafnframt – kjósi hún að fara – að ræða þá mannréttindamál við kínverska ráðamenn og hún sagðist tilbúin að skoða það. Við stígum þá eitt skref í rétt átt,“ segir Erla, sem telur að Íslendingar sem þjóð eigi ekki að gefa afslátt af kröfum um mannréttindi annarra.

Það vafðist ekki fyrir Erlu að gagnrýna ráðherra eigin flokks. „Mér fannst mjög eðlilegt að taka þetta upp enda höfum við dýrmætt frelsi til að gagnrýna eigið forystufólk. Þó að spurningin kunni að hafa verið erfið fagnaði Þorgerður henni og svaraði af fullri hreinskilni eins og alvöru stjórnmálamenn gera.“

Fyrirspurnin kom í kjölfar nýlegrar ályktunar Sambands ungra sjálfstæðismanna þar sem stjórnmálamenn eru hvattir til að sniðganga opnunar- og lokunarhátíð Ólympíuleikanna og sýna þannig andstöðu við meðferð kínverskra stjórnvalda á þegnum sínum. „Í Kína ríkir alræðisstjórn sem skeytir litlu um mannréttindi og velferð íbúa sinna,“ segir í ályktuninni og enn fremur að aðgerðirnar gegn Tíbet að undanförnu sýni hversu rangt það hafi verið hjá Alþjóða Ólympíunefndinni að velja Peking sem mótsstað leikanna.

Erla bjó í Peking fyrir nokkrum árum og vann í íslenska sendiráðinu þar í borg. Þá sá hún sjálf hvernig kínversk stjórnvöld nýttu sér leikana til að brjóta á þegnum sínum. „Stjórnvöld hafa gengið ansi hart fram. Mér virtist til dæmis að heimilislausir hefðu verið fluttir úr miðborginni og svo sá ég eitt hverfið jafnað við jörðu. Þar voru íbúðarhús merkt með tákni um að þau ætti að rífa og fólki gert að flytja í burtu.“ Erla segir að það hafi verið mögnuð lífsreynsla að búa í milljónaborginni. Hún hafi haft ákveðnar hugmyndir um lífið þar áður en hún hélt utan en upplifunin hafi bæði verið jákvæð og neikvæð. „Kínverjar eru yndislegt fólk upp til hópa en það kom mér á óvart hvernig kommúnisminn er allsráðandi í þjóðlífinu. Landið er stórbrotið eins og saga þess og menning en þjóðin hefur þurft að þola margt og verið kúguð af ráðamönnum sínum.“

Það er skoðun Erlu að íslensk stjórnvöld eigi að beita öllum ráðum til að gera kínverskum yfirvöldum ljóst að mannréttindabrot þeirra verði ekki liðin. Táknræn og öflug mótmæli felist í að vera ekki við setningu Ólympíuleikanna.

Viltu skjól á veröndina?




www.markisur.com og www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík

Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar



**BLESSAÐUR** Oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn og formaður Framsóknarflokksins hittust í Ráðhúsinu í Reykjavík í vikunni. Báðir brostu þeir breitt og vinkuðu. Guðni Ágústsson var í Ráðhúsinu til að hitta Ólaf F. Magnússon borgarstjóra. Skærur Ólafs og Óskars Bergssonar voru til umræðu og voru sverðin slíðruð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ímyndaðu þér stað ......



## Gravity Zero

- Gravity Zero er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meira en algengasti mótorinn er.
- Meiri kraftur, hljóðlaus, meiri hraði og engin bilun.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni - ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- Hljóðlátt og öflugt.
- Hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðarstilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður sem læknatæki frá Nemko - Þýskalandi.
- Mótor í Gravity Zero er viðukenndur af Nemko - Þýskalandi.
- Pillowtop m/ 2 nuddmótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind



# ....þar sem erfiði dagsins er létt af þér





betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK




**498** kr/kg. áður 830 kr/kg.
Goða grísabógur - 1/2




**99** kr/kg. áður 199 kr/kg.
X-tra franskar kart. í ofn - 1 kg.




**99** kr/pk. áður 159 kr/pk.
X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.




**39** kr/stk. áður 79 kr/stk.
X-tra maískorn 300 gr.




**99** kr/pk. áður 139 kr/pk.
X-tra hveiti - 2 kg




**99** kr/stk. áður 198 kr/stk.
X-tra appelsínusafi 1,5 ltr.




**99** kr/stk. áður 198 kr/stk.
X-tra eplasafi 1,5 ltr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 17. apríl til 20. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**489** kr/pk. áður 699 kr/pk.
Freschetta brick oven italiano classic




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar




**599** kr/kg. áður 937 kr/kg.
Netó nautahakk




**299** kr/kg. áður 498 kr/kg.
Ísfugl veisluvængir

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**JAYNE MANSFIELD HOLLYWOOD-BOMBA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ1933**

*„Kyntöfrar koma eingöngu innan frá og birtast sem fjörug þrá til að njóta lífsins.“*

***Jayne Mansfield var ein helsta kynbomba 6. og 7. áratugarins, stundum kölluð Marilyn Monroe fátæka mannsins. Hún lést í bílslysi árið 1967.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. APRÍL 2005

## *Ratzinger kardináli verður páfi*



Í dag eru þrjú ár síðan Jósef Ratzinger kardináli var útnefndur páfi. Ratzinger tók við af Jóhannesi Páli II páfa, hlaut nafnbótina Benedikt XVI og varð sá 265. til að gegna embætti páfa.

Jósef Ratzinger var 78 ára þegar hann var kjörinn páfi og er sá elsti sem kosinn hefur verið til embættisins páfa síðan Klement XII réði ríkjum á átjándu öld. Hann er níundi páfinn af þýskum uppruna, en sá páfi sem áður var kallaður Benedikt var Ítalinn Benedikt XV sem ríkti frá 1914-22, meðan á fyrri heimsstyrjöldinni stóð. Áður en Ratzinger varð páfi var hann meðal áhrifamestu manna innan rómversku kirkjunnar og náinn samstarfsmaður Jóhannesar Páls II páfa. Hann er heimskunnur guðfræðingur, afkastamikill rithöfundur og berst ótrauður fyrir hefðbundnum kenningum og gildum rómversku kirkjunnar, eins og banni gegn getnaðarvörnum, fóstureyðingum og samkynhneigð.

Benedikt XVI páfi talar, auk móðurmálsins, ítölsku, frönsku, ensku, spænsku, hollensku og latínu reiprennandi, en einnig hefur hann gott vald á portúgölsku og pólsku. Hann les forngrísku og hebresku, spilar á píanó og hefur dálæti á Mozart og Bach.

Á páfastóli hefur Benedikt XVI lagt áherslu á endurkomu Evrópubúa til kristinna gilda í baráttu sinni gegn afkristnun og því þegar ríki leggja undir sig eignir kirkjunnar. Hann prédikar um mikilvægi kaþólsku kirkjunnar og biður mannkyn að hugleiða alltumvefjandi og frelsandi ást Guðs sem og að ítreka mikilvægi og mátt bænarinnar.

## MERKISATBURÐIR

1246 Haugsnessfundur, mannskæðasta orrusta á Íslandi, háð í Blönduhlíð í Skagafirði.

1917 Leikfélag Akureyrar stofnað sem áhugamannafélag.

1923 Alþýðubókasafn Reykjavíkur, nú Borgarbókasafn Reykjavíkur, tekur til starfa.

1932 Hoover Bandaríkjaforseti leggur til fimm daga vinnuviku.

1943 Gyðingar ráðast á hernámslið nasista í Varsjá.

1954 Fermingarbörn í Akureyrarkirkju klæðast hvítum kyrtlum, sem ekki hafði verið til siðs á Íslandi.

1971 Charles Manson hlýtur lífstíðardóm fyrir morð á leikkonunni Sharon Tate.



†

*Ástkær eiginmaður minn, bróðir, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Einar Þorgeirsson**

skrúðgarðyrkjumeistari,
Heimalind 28, Kópavogi,

lést af slysförum föstudaginn 11. apríl.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 15.00
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Oddssjóð Reykjalundar.

**Sigrún Edvardsdóttir**
**Runólfur Einarsson** **Þórunn HallaUnnsteinsdóttir**
**Laufey Karítas Einarsdóttir** **Jónas Haukur Einarsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Bjarnadóttir**

Árskógum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 8. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Við þökkum auðsýnda samúð.

**Klara Hilmarsdóttir** **Róbert Trausti Árnason**
**Bryndís Hilmarsdóttir** **Árni Ómar Bentsson**
**Elísabet Hilmarsdóttir** **Vilhjálmur Kjartansson**
**Rósa Ingversen** **Bo Nico Ingversen**
**Valgerður Hilmarsdóttir Gram** **Jeppe Gram**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Bernhardsson**

áður Jörg Spitta, sútari á Akureyri,

andaðist 11. apríl í Brandenburg an der Havel/Þýskalandi.

**Karin Bernhardsson**
**Bernhard og Ute Spitta**
**Rolf og Heidemarie Spitta**
**Jörg Spitta Gunnarsson og ClaudiaRaimund Gunnarsson**
**Katrin Spitta Gunnarsdóttir**
**Gunter Spitta Gunnarsson og Kea Eilers**
**og barnabörn.**



†

**Guðlaug Kristjánsdóttir**

Frá Uppsölum, Svarfaðardal,

lést á Dalbæ, Dalvík, hinn 17. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**F.h. vandamanna,**

**Kristján Jónsson**
**Lára Stefánsdóttir.**

## AFMÆLI



**Elísabet Brekkan,** kennari og gagnrýnandi, er 53 ára í dag.



**Jón Páll Eyjólfsson** leikari er 38 ára í dag.



**Christian Hayden** leikari er 27 ára í dag.



**Unnur María Bergsveinsdóttir** sagnfræðingur er 30 ára í dag.



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Björg Sveinbjörnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík miðvikudaginn 16. apríl.

**Þórhallur Aðalsteinsson**
**Kristján Valur Jónsson** **Erla Óskarsdóttir**
**Steinvör Jónsdóttir** **Finnur Ingi Einarsson**
**Katla Kristjánsdóttir**
**Ylfa Björg Finnsdóttir** **Arngrímur Ari Finnsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnbjörg Hermannsdóttir**

Ólafsbraut 30, Ólafsvík,

andaðist á Dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, miðvikudaginn 16. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Börnin og fjölskyldur þeirra.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Haraldsdóttir**

Mýrargötu 20, Neskaupstað,

lést á hjúkrunarheimili FSN, Neskaupstað, miðvikudaginn 16. apríl.
Jarðarförin auglýst síðar.

**María Hjálmarsdóttir**
**Konráð Hjálmarsson** **Arndís Kristinsdóttir**
**Ragnhildur Hjálmarsdóttir** **Benedikt Sigurðsson**
**börn og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**SVIÐIÐ SIGRAÐ** Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, leikur sjálfan sig í revíu Leikfélags Keflavíkur í kvöld. MYND/VÍKURFRÉTTIR

ÁRNI SIGFÚSSON BÆJARSTJÓRI REYKJANESBÆJAR: LEIKUR SJÁLFAN SIG

# Stend mig best í þögnunum

Í kvöld stígur bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Árni Sigfússon, á svið Leikfélags Keflavíkur í revíunni Bærinn breiðir úr sér, en frumraunina þreytti hann fyrir fullu húsi í Frumleikhúsinu í gærkvöldi.

„Ég var spurður hvort ég væri til í að leika sjálfan mig og hlaupa í skarðið fyrir Axel Axelsson, sem leikur bæjarstjórann, þessar tvær sýningar. Revían er skemmtileg ádeila um mig og mína; um bæjarstjóra sem gerir bommertur. Ég hef alltaf talið nauðsyn að geta gert grín að sjálfum sér og geri slíkt óspart heima, en þarna fæ ég tækifæri til þess opinberlega,“ segir Árni hláturmildur, en enn haldinn vægum sviðsskrekk.

„Auðvitað er ég logandi hræddur því ég er ekkert fyrir sviðsljósið, sem er nú annar misskilningur. Ég læt þó á engu bera og verð að setja mig í þessi spor þótt mér séu náttúrlega lögð orð í munn, sem ég er alls ekkert sáttur við, en verð vitaskuld að taka því svo ég geti leikið af sannfæringu,“ segir Árni og setur sig í spor alvöru leikara:

„Þetta er auðvitað gríðarlega flókinn og skemmtilegur karakter og því betur sem ég kemst inn í hann því betur kann ég að meta hann,“ grínast Árni, sem fékk aðeins tvo leiklestra fyrir sitt nýja hlutverk frammi fyrir áheyrendum.

„Þetta er viðamikið hlutverk sem kallar á leik, dans og söng. Ég kannast auðvitað við ádeiluefni verksins og get sett mig inn í grínið, en af minni hálfu verður textinn varla orðréttur. Þetta verður einhver spuni í anda handritsins, en ég er ekki viss um að þetta verði leiksigur,“ segir Árni, sem ekki er alls ókunnur leikarastarfinu eftir að hafa tekið að sér hlutverk lögreglustjóra í barnamyndinni Didda og dauði kötturinn árið 2003.

„Ég hef grínast með að við Clint Eastwood séum ekki ósvipaðir því hann hefur verið bæjarstjóri og báðir höfum við leikið í kvikmyndum. Annar brandari er að ég hef tekið þátt í tveimur stuttmyndum en verið klipptur út í bæði skiptin. Þess vegna þykir mér áhugavert að taka þátt í sviðsuppfærslu; þar er ekki hægt að klippa mig út,“ segir Árni og skellir upp úr; viðbúinn því að fá mjólkurfernur í hausinn vegna frammistöðu sinnar.

„Ég stend mig best í þögnunum, en segi bara eins og í leikritinu: „Clint gerði sín stærstu verk eftir að hann varð bæjarstjóri í Carmel og fékk Óskarinn. Það er því aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér, en í textanum segir líka að það sé mjög langt í að ég hætti sem bæjarstjóri því hér sé bæjarpólitíkin stabílli en í Reykjavík,“ segir Árni sposkur, og Suðurnesjalífið á vel við hann, að eigin sögn.

„Hér er mjög gaman að taka þátt í stórum verkefnum með skemmtilegu og góðu fólki, hafa markmið, vinna að þeim og hafa gott samstarf við félaga sína og íbúa,“ segir Árni sem telur stöðu Axels sem bæjarstjóra revíunnar ekki ógnað með framlagi sínu.

„Axel þarf ekki að óttast um sitt, en hver veit nema hann geti leyst mig af sem bæjarstjóri síðar.“ **thordis@frettabladid.is**

S Ý N I N G A R H E L G I

# OPIÐ ELDHÚS

**Laugardaginn 19. apríl – Frá kl. 11–16**
**og sunnudaginn 20. apríl – Frá kl. 13–17**




*... þú færð það aðeins **betra** hjá* HTH

***Velkomin í OPIÐ ELDHÚS um helgina!***
***Upplifið DRAUMAELDHÚSIÐ – frá HTH!***
***Kynnist því heitasta í eldhústækjum – frá AEG!***

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 / FURUVÖLLUM 5 · AKUREYRI · SÍMI 461 5000

# Erum með Eurovision-gen

Fyrir átján árum öðlaðist þjóðin um skeið trú á það að við Íslendingar gætum hugsanlega náð einhverju meira en 16. sætinu í Eurovision þegar **Grétar Örvarsson** og Stjórnin tóku það fjórða með trompi. Skipst hafa á skin og skúrir síðan þá en nú er komið að Grétari að halda aftur út, nú sem umboðsmaður Eurobandsins og bakrödd. Grétar sagði ***Júlíu Margréti Alexandersdóttur*** frá gömlum tímum og því sem fram undan er.



**AFTUR Í EUROVISION** Grétar Örvarsson heldur út með Eurobandinu sem umboðsmaður þess og bakrödd en síðast þegar hann hélt utan náði hann einum besta árangri Íslands: fjórða sætinu. MYND/GASSI

Það hefði verið meir en lítið undarlegt ef leið Grétars hefði ekki legið um brautir lista. Systkini hans eru tíu talsins og Örvarsbörnin ellefu hafa meira eða minna öll lagt fyrir sig listir. Fjölskyldugenin eru því verðugt verkefni fyrir Decode-Kára. Grétar segist ekki viss um hvort hægt sé að rannsaka þetta og fá niðurstöðu en listamannagenið sé þarna vissulega og verulega stabílt. „Jú, jú, þetta er eflaust rannsóknarefni. Einn bróðir minn, Hákon Már, er einn fremsti matreiðslumaður heims – og hreppti þriðja sætið í Bocuse D‘or, virtust einstaklingskeppni matreiðslumanna í heimi. Bróðir minn, hann Atli Örvars, er sífellt að eflast í kvikmyndatónlist sinni og er nú að gera tónlist við nýjustu kvikmynd Antonio Banderas. Sirrý systir mín er með textílverkstæði og önnur, Harpa, er listmálari, Karl bróðir minn er grafískur hönnuður og tónlistarmaður og svo á ég annan bróður sem einnig heitir Karl, staðarhaldari á Reykjum, sem er mikið í að semja tónlist. Svo mætti áfram telja. Maður situr uppi með þetta.“

**Urðum að syngja á íslensku**

Grétar hefur drepið niður fæti á ýmsum stöðum í tónlistinni og er jafnan hlaðinn verkefnum. Við ætlum hins vegar að sveima um slóðir Eurovision en þegar Stjórnin tók fjórða sætið voru aðstæður talsvert ólíkar því sem er í dag. „Á þeim tíma höfðum við ekki aðra völ en að syngja á íslensku og tækifærin fyrir okkur til að kynna okkur voru ekki mikil. Af hverju heppnaðist þetta svona vel? Ja, ætli það hafi ekki einfaldlega verið blanda af góðu lagi og svo flutningur okkar. Augnablikið var okkar og við náðum að hrífa fólk með okkur. Tilfinningin var sannarlega yndisleg og maður var mjög stoltur af því að ná þessum árangri, okkur Íslendingum hafði ekki gengið svo vel fram að því.“ Keppnin greiddi Stjórninni enn frekar leið sem tónlistarmönnum og flytjendum á Íslandi þótt á þeim tíma hafi orðið „útrás“ ekki verið í spilum sveitarinnar. Upp úr þessu fór sveitin hins vegar í fjölmargar rútuferðir um allar trissur og náði að hala inn þúsund manna á dansleiki á Broadway og í Leikhúskjallaranum, helgi eftir helgi, ár eftir ár. 3.000 manns á einu kvöldi á Broadway þætti í dag saga til næsta bæjar.

**Góðir flytjendur skipta mestu**

Stjórnin varð hljómsveit þjóðarinnar og virtist ná til ótrúlega breiðs hóps og aldurs. Saknar Grétar aldrei þessa tíma? „Ég get nú kannski ekki beint sagt að ég sakni hans en ég hugsa alltaf til samstarfsins með ákaflega góðri tilfinningu. Allt hefur hins vegar sinn líftíma. Stjórnin átti ótrúlega góðan tíma og í nokkur ár var það þannig að við komum ekki með lag án þess að það yrði að slagara.“ Grétar segir að að sjálfsögðu séu mörg lög frá þessum tíma honum hjartfólgin og þar er Allt eða ekkert ofarlega á blaði. En hvað finnst honum um Eurovision-lögin sem Íslendingar hafa teflt fram árin eftir að hann steig þar niður fæti síðast? „Mörg hver



**BESTU SÖNGVARAR ÍSLANDS** Grétar Örvarsson telur Friðrik Ómar og Regínu Ósk vera meðal bestu söngvara sem Ísland á og hefur tröllatrú á að þau muni brillera í Serbíu.

> Stjórnin átti ótrúlega góðan tíma og í nokkur ár var það þannig að við komum ekki með lag án þess að það yrði að slagara.

hafa mér fundist mjög fín. Eins og allir hef ég auðvitað mína skoðun á þessu og ég sá nú svo sem hvert stefndi með Silvíu Nótt. Og þótt mér hafi fundist Eiríkur Hauksson í fyrra alveg frábær hafði ég samt ekki sterka tilfinningu fyrir því að það lag kæmist áfram. Hvað það er sem veldur hverju sinni að okkur gengur upp og niður er oft erfitt að sjá. Nú erum við hins vegar að mínu mati með eina bestu söngvara Íslands í dag: Regínu og Friðrik. Góðir flytjendur virðast að miklu leyti vera lykillinn að velgengni í keppninni, ekki síður en lagið – að sjálfsögðu.“

**Söng með Stjórninni þrettán ára**

Eurobandið stofnuðu þau Regína Ósk og Friðrik Ómar vorið 2006 eftir að þau höfðu bæði tekið þátt í forkeppninni hér heima og lent í öðru og þriðja sæti. „Hljómsveitin var í kjölfarið stofnuð í gríni og alvöru. Eurovision-lögin sem til eru eftir fimmtíu ára sögu keppninnar eru ótrúlega mörg og góð og þau sáu að það væri upplagt að stofna hljómsveit sem spilaði eingöngu Eurovision-lög.“ Grétar Örvarsson steig svo inn í þá hugmynd árið 2007 þegar hann fékk Friðrik Ómar til að flytja lag sitt Eld í forkeppninni. „Ég heyrði Friðrik Ómar fyrst syngja þegar hann var smápolli, um fermingaraldur, en þá tróð hann upp með okkur í Stjórninni á einhverri Vopnafjarðarhátíð. Friðrik var nefnilega bróðir trommuleikarans okkar, Halla Gulla eins og við kölluðum hann, og Friðrik Ómar var reyndar sjálfur og er flinkur trommuleikari. Ég hafði fylgst með honum lengi og á þessum tíma var Eurobandið bara í örfáum verkefnum og spilaði ekki oft. Ég vissi hins vegar að þau langaði til að gera meira úr þessu og úr varð að þau báðu mig að koma inn í þetta – bæði með mína Eurovision-reynslu, sem hljómborðsleikara og síðast en ekki síst sem umboðsmann sveitarinnar. Þannig fór þetta að vinda upp á sig.“

**Margt að gerast**

Framhald þessarar sögu er sú að utan um Eurobandið var stofnað fyrirtækið Rigg, sem sér í dag meðal annars um það helsta sem er að gerast í kringum Eurovision utan vébanda RÚV. Rigg skipuleggur einnig ýmiss konar aðra tónlistartengda viðburði og af því nýjasta má nefna fallega og lágstemmda minningartónleika sem haldnir voru um Vilhjálm Vilhjálmsson í Salnum í Kópavogi. Fyrstu tónleikarnir voru á dánardægri Vilhjálms en þeir urðu alls sex. „Nú um næstu helgi er Eurobandið svo að fara til Kaupmannahafnar og spilar á sumardaginn fyrsta á dansleik eftir stórtónleikana með Björgvini Halldórs. Daginn eftir halda þau Regína og Friðrik Ómar svo til London þar sem þau skemmta í gríðarlegu Eurovision-partíi byggðu á formúlu Eurovision-gleði Páls Óskars hér heima en partíið er á vegum ESC today. Við ákváðum að prófa þetta í London og virðist það ætla að heppnast vel þar sem það er að verða uppselt í þetta partí. Þessa helgi er Rigg svo að halda utan um ferð Selmu Björnsdóttur til Stokkhólms en hún mun syngja þar fyrir einkafyrirtæki ásamt öðrum þekktum Eurovision-förum. Það eru mörg járn í eldinum, til að mynda fyrsti geisladiskur Eurobandsins sem kemur út 5.maí en hann inniheldur This Is My Life í tveimur útgáfum og önnur þekkt Eurovision-lög í nýjum og skemmtilegum útfærslum.“

**Sívinsæl keppni**

En hvernig líst Grétari á að fara nú út sem umboðsmaður og bakrödd og af hverju í ósköpunum stendur þessi keppni, sem oftar hefur fært okkur vonbrigði en ekki, svona nærri þjóðinni? „Mér líst bara óskóp vel á það. Þegar sigrinum var landað hér heima, með yfirburðakosningu, var ljóst að ég færi út með þeim sem umboðsmaður en að öðru leyti var það ekki komið á hreint hvort ég yrði á sviði. Svo varð það sameiginleg ákvörðun höfunda og þeirra sem að keppninni koma, þar á meðal RÚV, að styrkur þeirra Regínu og Friðriks yrði meiri ef minna yrði gert úr dansatriðinu. Og með fullri virðingu fyrir þeim góðu dönsurum þá verður þetta auðvitað fyrst og fremst að snúast um hvað kemur best út fyrir flytjendurna og að ekkert skyggi á þá. Við ákváðum því að hafa fjóra góða bakraddara í staðinn og þar á meðal er ég. En af hverju keppnin er svona vinsæl? Er það ekki bara verðugt rannsóknarefni fyrir Kára líka? Þjóðin virðist að minnsta kosti vera með Eurovision-genið og flestallir setjast niður til að horfa. Og það er líka um að gera að njóta þess og hafa gaman.“

# SJÓNVÖRP TILBOÐ




## Dantax

**Dantax 40LCDV7**
40" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 2.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ ▶ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




enox.

**Enox LTV7315HD**
15" LCD SJÓNVARP me› 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990




UNITED

**United LTV20L42**
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Digital Comb Filter, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 39.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990




MIRAI

**Mirai DTL522P201**
22" LCD BREIÐTJALD með 1680x1050 punkta upplausn, ChroMAX, Progressive Scan, HD Ready,700:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




UNITED

**United LTW27W63**
27" LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP me› 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam Stereó hljó›kerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 69.990**
FULLT VERÐ kr.109.990




DynaPiX 3D Cinema Sound

**JVC LT32A80ZU**
32" LCD BREI‹TJALD með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 24w Nicam Stereó hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 89.990**
FULLT VERÐ kr.129.990




JVC DynaPiX 3D Cinema Sound

**JVC LT42A80ZU**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., DynaPix HD, 100 Hz Clear Motion Drive, HD Ready, 1.500:1 skerpu, 20w RMS MaxxAudio Nicam Stereó hljóðk., 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 189.990




GRUNDIG

**Grundig LXW1178735REF**
46" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ ▶ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990




PHILIPS

Powered by ambi light

**Philips 42PFL9900D - Toppurinn frá Philips!**
42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með Aurea, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Spectra, Digital Natural Motion, HD og Progressive Scan, HD Ready, 8.000:1 skerpu, Active Control og ljósskynjara, 100Hz Clear LCD, innb. digital DVB-T mótt., 48w Nicam stereó með 26 hátölurum, 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnart.tengi, Coax út og USB tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ ▶ 429.990**
FULLT VERÐ kr. 599.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Mótmælt hraðar, hærra, sterkar

Ólympíuleikar nútímans hafa verið haldnir í 114 ár. Von Pierre de Coubertin, aðalhvatamanns endurreisnar leikanna, var að þeir myndu sameina ólíkar þjóðir í heilbrigðri keppni og vonandi útrýma deilum og átökum. Eins og *Kolbeinn Óttarsson Proppé* komst að, hafa leikarnir oft og tíðum vakið deilur frekar en hitt. Mótmæli þeim tengd mega teljast aldargömul í ár.

Tugþúsundir íþróttamanna og enn fleiri áhangendur munu fylkja liði til Peking í sumar. Þá verða Ólympíuleikarnir haldnir í 29. sinn síðan þeir voru endurreistir í Aþenu árið 1896. Mikil mótmælaalda hefur skekið heimsbyggðina að undanförnu. Alls staðar þar sem kyndillinn hefur farið hefur fjöldi fólks safnast saman, fyrst og fremst til að mótmæla mannréttindabrotum Kínverja í Tíbet, en einnig stuðningi þeirra við stjórnvöld í Súdan. Þau mótmæli hófust fyrst og fremst þegar kyndillinn fór af stað; þegar tilkynnt var um að leikarnir yrðu haldnir í Peking urðu minni mótmæli en margur bjóst við.

### Lítill ágreiningur

Fyrir Alþjóða ólympíunefndinni lá að taka afstöðu til fimm borga, þegar hún kom saman 1. febrúar 2001. Þetta voru Peking, Toronto, París, Istanbúl og Osaka. Fjölmargar aðrar borgir höfðu lýst yfir áhuga sínum, en ekki komist í gegnum niðurskurð. Mikil pólitík var á bak við tjöldin, sumir fullyrtu að París eða Toronto ættu að verða fyrir valinu vegna tæknilegra yfirburða þar. Juan Antonio Samaranch, forseti nefndarinnar, var mjög áfram um að Peking yrði fyrir valinu og margir voru sammála því. Mönnum fannst tími til kominn að leikarnir yrðu haldnir í Asíu og Kína hafði sérstakan sess sem fjölmennasta ríki heims. Í þessari fyrstu atkvæðagreiðslu fékk Peking 44 atkvæði, Toronto 20, Istanbúl 17, París 15 og Osaka sex. Rúmum fjórum mánuðum síðar, 20. júní 2000, var önnur atkvæðagreiðslan haldin og fékk Peking þá hreinan meirihluta, eða 56 atkvæði, en Toronto kom næst með 22 atkvæði.

### Nýja Peking

Gríðarlegur fögnuður braust út í Kína þegar tilkynnt var um valið. Aðrir voru þó ekki eins ánægðir og ýmsir mannréttindahópar lýstu andstöðu sinni yfir. Kínverjar tilkynntu slagorð sitt – Glæný Peking, góðir leikar – en margir lýstu yfir efasemdum sínum að mannréttindi væru hærra skrifuð í hinni nýju Peking en þeirri gömlu. Alþjóða ólympíunefndin varð fyrir nokkurri gagnrýni, en bar hana af sér. Þar á bæ fullyrtu menn að valið mundi einmitt stuðla að því að mannréttindamál í Kína kæmust í umræðuna. Atburðir síðustu mánaða virðast hafa rennt nokkrum stoðum undir þá fullyrðingu. Menn geta skemmt sér við að velta því fyrir sér hvort þau mál væru jafn mikið til umræðu og nú er, ef leikarnir hefðu ekki komið til.

### Leikar sniðgengnir

Eins og sést hér á síðunni er þetta alls ekki í fyrsta skipti sem mótmæli setja mark sitt á Ólympíuleika. Árið 1908, á fimmtu leikunum í London, sniðgengu Írar leikana, vegna tregðu Breta við að veita þeim sjálfstæði. Síðan þá hefur það gerst nokkrum sinnum að ríki sniðganga leikana í mótmælaskyni. Árið 1956 ollu Súesdeilan og innrás Sovétmanna í Ungverjaland því að nokkur ríki mættu ekki og 1976 sniðgengu 26 Afríkuríki leikana þar sem Nýja-Sjáland var ekki útilokað frá keppni, en landslið þess í rúgbí hafði nýverið keppt í Suður-Afríku.

Hæst ber þó leikana 1980 í Moskvu og 1984 í Los Angeles þegar kemur að því að sniðganga keppnina. Um 60 ríki, undir forystu Bandaríkjanna, mættu ekki til leiks í Moskvu og fjórum árum síðar endurguldu Sovétmenn, og 16 bandalagsþjóðir þeirra, greiðann í Los Angeles. Margir telja að úrslit þessara tveggja leika verði að skoða í því samhengi, sérstaklega í Los Angeles þar sem austantjaldsþjóðir voru æ í hópi þeirra vinningshæstu, sex af tíu vinningshæstu ríkjunum frá 1976 sniðgengu leikana í Los Angeles.

## MÓTMÆLI Í HEILA ÖLD

Hin alþjóðlegu mótmæli sem verið hafa við för ólympíukyndilsins eru sérstök, þó saga pólitískra mótmæla í tengslum við leikana sé löng. Í fyrsta sinn beinast þau gegn kyndlinum, síðan för hans frá Ólympíu til leikvangsins varð fyrst að veruleika í Þýskalandi nasismans árið 1936.



■ London 1908: Bretland neitar að veita Írlandi sjálfstæði og írskir íþróttamenn sniðganga leikana.



■ Los Angeles 1932: Ítalinn Luigi Beccali, ólympíumeistari í 1500 metra hlaupi, mótmælir með því að heilsa með fasistakveðju á verðlaunapallinum.

■ Berlín 1936:



Þrátt fyrir kröfur víða um heim um að leikarnir verði sniðgengnir vegna öfgafullrar kynþáttstefnu Hitlers, taka 49 ríki þátt í leikunum. Þeir verða áróðurslegur sigur Hitlers.



Frammistaða níu verðlaunahafa af gyðingaættum og hins þeldökka Jesse Owens, sem vann fjögur gullverðlaun er aríski kynþáttahyggju til háðungar.




■ Melbourne, 1956: Sex ríki, Egyptaland, Írak Líbanon, Holland, Spánn og Sviss, sniðganga leikana ýmist til að mótmæla árás Bretlands, Frakklands og Ísrael á Egyptaland – Súesdeilunni – og hins vegar sovéskri innrás í Ungverjaland.



■ Munchen 1972: Hryðjuverkamenn gera í fyrsta sinn árás á leikana. Félagar í palestínsku samtökunum Svartur september ryðjast inn í ólympíuþorpið og taka níu ísraelska íþróttamenn sem gísla og myrða tvo. Hryðjuverkamennirnir myrða hina níu í misheppnaðri björgunaraðgerð.

■ Montreal 1976: Tuttugu og sex Afríkuríki sniðganga leikana. Þau höfðu krafist að Nýja-Sjálandi væri meinuð þátttaka, eftir að rúgbílandsliðið hafði farið í keppnisferð til Suður-Afríku aðskilnaðarstefnunnar, en því var hafnað.

■ Mexíkó 1968: Stjórnvöld óttast mótmæli stúdenta í tengslum við leikana og myrða 200-300 mótmælendur í Tlatelolco. Bandarísku spretthlaupararnir Tommie Smith og John Carlos heilsa á verðlaunapalli að sið Svörtu hlébarðanna, upprétti hendi með krepptan hnefa.





■ Moskva 1980: Um 60 ríki sniðganga leikana að kröfu Jimmys Carter Bandaríkjaforseta til að mótmæla innrás Sovétmanna í Afganistan. Fjöldi vestrænna ríkja mætti þó á leikana; Bretland, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð og Ísland svo nokkur séu nefnd.




■ Los Angeles 1984: Sovétríkin og 16 ríki Austurblokkarinnar sniðganga leikana vegna sniðgöngu Bandaríkjanna árið 1980.

■ 2008 Peking: Mótmælendur safnast saman á leið ólympíulogans til að mótmæla mannréttindabrotum Kínverja í Tíbet. Stuðningi Kínverja við Súdan einnig mótmælt, vegna þjóðarmorðsins í Darfúr.



© GRAPHIC NEWS



Meira að segja Ástríkur hefur unnið verðlaun á Ólympíuleikunum, eða Ólyktarleikunum eins og sveitungar hans nefndu þá.

### Hörð mótmæli

Líkt og áður segir urðu mótmæli við valinu á Peking ekki eins mikil og ætla mætti. Einhverjir mótmæltu þó og margar ályktanir voru samdar. Fór Ólympíukyndilsins vakti hins vegar ríkar tilfinningar í brjóstum margra. Það var eins og sú staðreynd að leikarnir yrðu í Peking líkamnaðist í íþróttamönnum berandi kyndilinn.

Víða um heim urðu mótmæli, fólk þusti út á götur og óeirðir brutust út þegar lögreglu laust saman við mótmælendur þegar hún reyndi að vernda kyndilinn. Breyta hefur þurft leiðinni og hópur mótmælenda sem safnast hafði saman í miðborg San Fransisco fór fýluför, enginn kom kyndillinn.

Mótmælin nú eru að því leyti sérstök að þetta er í fyrsta skipti sem þau beinast beint að kyndlinum. Segja má að nú séu mótmælin af hálfu almennings, en áður hafi þau verið á vettvangi stjórnvalda. Ekki hafa heyrst háværar kröfur um að ríki sniðgangi leikana, helst hefur verið rætt um að sniðganga opnunarathöfnina. Þess í stað hefur almenningur sýnt óánægju sína heima fyrir.

### Friðarhátíð?

Frakkinn Pierre de Coubertin var aðalhvatamaður þess að leikarnir voru endurreistir. Hans von var að heilbrigð íþróttakeppni drægi úr alþjóðlegum deilum. Tvær heimsstyrjaldir og fjöldi smærri átaka sýna að hugsjón Coubertin hefur ekki náð fram að ganga. Eða hvað? Hver veit hvort stríðin hefðu orðið fleiri ef íþróttamenn ólíkra þjóða hefðu ekki fengið að kljást á vellinum?

Í kalda stríðinu má heita að einu samskipti austur- og vesturblokka hafi verið íþróttakeppnir og Ólympíuleikarnir sérstaklega. Því þrátt fyrir þá göfugu hugsjón sem býr í frægasta slagorði de Coubertin; „mikilvægast er ekki að vinna, heldur að vera með“, hefur reyndin orðið sú að mikill metnaður einkennir Ólympíuleikana og samviskusamlega er haldið utan um hvaða þjóð vinnur flest verðlaun. En heilbrigð sál í hraustum líkama hlýtur að þrífast á heilbrigði samkeppni.




**NÝ BIRTINGARMYND HINS SANNA ÍÞRÓTTAANDA?** Lögregla tekst á við mótmælanda í París.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ÍSLAND ALLTAF MEÐ

Íslendingar hafa aldrei sniðgengið Ólympíuleikana í mótmælaskyni. Hæst varð krafan um það fyrir leikana í Moskvu árið 1980. Fulltrúi Bandaríkjastjórnar kom á fund íslensku Ólympíunefndarinnar og fór þess á leit að Ísland sniðgengi leikana. Gísli Halldórsson, þáverandi formaður nefndarinnar, hefur lýst þessu í bókinni Íslendingar á Ólympíuleikunum.

Hann segir að á fundi með bandaríska sendiboðanum hafi því verið lýst að nefndin blandaði ekki saman stjórnmálum og íþróttum, þá væri of skammur tími til stefnu til að hætta við. Að auki bentu nefndarmenn á að þeir hefðu „alltaf tekið þátt í Ólympíuleikunum meðan Bandaríkin háðu sitt innrásarstríð í Víetnam nokkru áður“.

Þessi afstaða olli nokkrum deilum og erfiðar gekk með fjármögnun en ella. Gísli skrifaði blaðagrein í Morgunblaðið og má segja að inntak hennar endurspegli orðræðu nefndarinnar nú.

„Yfirgangur og kúgun mega ekki eiga sér stað. Það er ekki í anda okkar Íslendinga né íþróttamanna. Þess vegna verðum við að berjast gegn slíku. Það gerum við best með því að þjóðir heims auki kynni sín í milli og ræði vandamálin hispurslaust.

Íþróttamenn og konur um heim allan vilja stuðla að því af einurð og festu að varanlegur friður verði hlutskipti allra þjóða. Af þessum ástæðum tel ég að Ísland eigi að senda þátttakendur á Ólympíuleikana í Moskvu sem hefjast í júlí 1980.“
















Silfurvagninn hefur farið víða og á sér mikla sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Silfurvagn sem er með sjálfstæðan vilja

***Sigríður Theodóra Sigbjörnsdóttir, nemi á fjórða ári við Menntaskólann á Akureyri, ekur um á bíl sem á sér ef til vill meiri sögu en bílar margra skólafélaga hennar.***

„Bíllinn heitir Silfurvagninn og var leigubíll í Reykjavík áður en hann kom í mína fjölskyldu og hafði upphaflega verið fluttur inn notaður frá Þýskalandi," segir Sigríður. „Þetta er Opel Omega og einn af fáum svona hér á landi. Lengi vel var Sigurður bróðir minn á honum, en hann er núna í skóla í Ástralíu og ég sé því um bílinn á meðan.

Á köldum dögum má vel sjá glitta í gamlar leigubílamerkingar í rúðum Silfurvagnsins, meðal annars símanúmer Hreyfils og fleira slíkt.

„Þetta er góður bíll en hann hefur samt frekar sjálfstæðan vilja. Til dæmis veit maður aldrei hvaða hurð opnast eða hvað hurð læsist þegar maður ætlar að læsa honum, því samlæsingin er orðin frekar lúin."

Sigríður segir að þau systkinin hafi farið með Silfurvagninn nánast um allt land. „Það er smá hluti af Austurlandi sem hann á eftir að rúnta um og það verður vonandi bætt úr því fyrr en síðar."

*hnefill@frettabladid.is*




**Vekjaraklukkuna** má ekki gleyma að stilla þegar vakna þarf snemma til að fara í flug. Notið háværa klukku og látið hana standa minnst þremur skrefum frá rúminu.




sími 540-5800 • www.carmax.is



Buell Firebolt XB12R árg 2002 verð 850 þús



Bmw 318is árg 04/1992
ekinn 210þús
verð 340 þús



Ford Focus 09/2003 ekinn 74 þús
verð 1170 þús áhv ca 1090 þús



Audi A6 Quattro árg 11/2001,ssk, verð 3850 þús
áhv ca 2330 þús.




Margeir er ánægður með húsbílinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Getur farið hvert á land sem er, hvenær sem er

***Húsbílar eru afar skemmtilegur ferðakostur sem verður stöðugt vinsælli hér á landi. Ekki þarf að hafa mikið fyrir því að bregða sér í ferðalag og nánast nóg að keyra bara af stað, enda húsbílar búnir öllu sem þarf í gott ferðalag.***

Margeir Pétur Jóhannsson er stoltur húsbílaeigandi. Fyrir rúmum tveimur árum fjárfesti hann í Fiat-húsbíl sem hefur reynst honum mjög vel.

„Ég skellti mér á þennan húsbíl í þeim tilgangi að eiga fleiri samverustundir með fjölskyldunni. Ég keypti húsbílinn hjá Víkurverk og hann hefur staðið vel undir væntingum. Bíllinn er af gerðinni Fiat og er ítölsk gæði fram í fingurgóma,“ útskýrir Margeir og bætir við: „Kostirnir eru þeir að þegar maður vill fara eitthvert keyrir maður bara af stað. Það er allt til alls í bílnum og maður þarf aðeins að stoppa til þess að taka bensín og kaupa mat. Svo þegar farið er heim eru bara allir kallaðir inn í bíl og svo brunað í bæinn. Þannig er maður alveg laus við óþarfa umstang sem fylgir hefðbundnum útilegum.“



Í húsbílnum er allt til alls eins og sjá má.



Vel er búið að bílstjóranum.

Í húsbílnum er svefnpláss fyrir sex manns. Í bílnum er að finna ísskáp og gaseldavél, vask, eldhúsborð og fataskáp. Í honum er líka sturta ásamt salerni og nægt geymslupláss.

Margeir segir að mjög þægilegt sé að aka húsbílnum. Það hafi verið skrítið í fyrstu, enda bíllinn kassalaga og tekur á sig mikinn vind. „Húsbíllinn er beinskiptur og vel er búið um ökumanninn. Ég hef ferðast mikið á honum. Við fjölskyldan förum nánast um hverja helgi síðasta sumar og út um allt land. Í rauninni er hægt að fara á alla staði sem maður vill fara á svo lengi sem veður og færð leyfa og viðhaldskostnaðurinn er afar lítill.“

Margeir hvetur alla þá sem hafa gaman af að ferðast um landið að skella sér á húsbíl og segir að það sé frábær ferðamáti og nægt pláss sé fyrir alla sem eru með í för. Á húsbílum er hægt að elta góða veðrið og flýja það slæma án mikillar fyrirhafnar.



Svefnplássið er þægilegt og alls eru rúm fyrir sex manns.

*mikael@frettabladid.is*




Citroen picasso 04/2004. Ekinn 42 þús.
ssk verð 1100 þús



Chrysler pt cruiser '2006 ekinn 71kílóm.
ssk verð 2990 þús áhv ca 2600 þús.



Renault megane 08/1999 beinsk,
verð 290 þús



M.Benz ML55 AMG árg 05/2002 ekinn
90 þús,ssk verð 4900 þús
áhv ca 4000 þús



Toyota aygo 08/2006 ekinn 16 þús,verð
1420 þús áhv 1280 þús.



Nissan patrol "38 07/1997 ekinn 185
þús verð 1390 þús tilboð 790 þús



M.Benz E500 árg 10/2002 ekinn 82
þús,ssk verð 4900 þús áhv ca 3950 þús



M.Benz C200 kompressor árg 02/2007
ekinn 12 þús verð 5800 þús
áhv 4900 þús

sími 540-5800
www.carmax.is



Í góðu hjólhýsi getur fjölskyldan eytt dágóðum hluta sumarsins.

# Með annað heimili aftan í bílnum

***Hjólhýsi verða æ vinsælli og er árið í ár engin undantekning.***

Margir hafa fjárfest í hjólhýsum með það í huga að geta notið sín til fulls í útilegunni.

Hjólhýsin verja ferðalanga fyrir bleytu og slagviðri af allri sort. Nú þegar útilegurnar eru handan við hornið ættu þeir sem vilja hafa það reglulega gott í þeim að snúa sér til seljenda hjólhýsa og skella sér á eintak.

*mikael@frettabladid.is*



Favorit 710 kemur með vandaðri eldhúsinnréttingu. Svefnpláss er fyrir sex til sjö manns, hjónarúmið er 200x140 cm og fylgir rúmteppi með. Í eldhúsinu er ísskápur, gaseldavél og vifta fyrir ofan eldavélina. Heitt og kalt vatn er í eldhúsinu og baðherberginu. Lofthæðin er 195 sentimetrar og þykir afbragð. Burðargetan er 2200 kíló og eigin þyngd er 1614 kíló. Hjólhýsið er frá LMC í Þýskalandi og fæst í Víkurverk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



AMBASSADOR 650 RMD framfylgir öllum íslenskum öryggis- og frágangsreglugerðum um útbúnað á hjólhýsum. Svefnpláss er fyrir fimm til sex og stærð hjónarúmsins er 197 sinnum 156 sentimetrar. Í eldhúsinu er ísskápur, gaseldavél og vifta yfir henni. Heitt og kalt vatn er í eldhúsi og baðherbergi. Lofthæð hjólhýsins er 195 sentímetrar sem telst gott. Burðargetan er 2200 kíló, og eigin þyngd er 1730 kíló. Hjólhýsið er frá LMC í Þýskalandi og fæst í Víkurverk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tab L400 TD minnir helst á dropa og vekur athygli hvert sem það fer. Hjólhýsið er þúsund kíló og það þykir ekki mikið. Hjónarúmið er 135 sinnum 198 sentímetrar. Ísskáp og gaseldavél með þremur hellum má finna í hjólhýsinu ásamt heitu og köldu vatni. Tab L400 TD fæst hjá Seglagerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Leigubílar á fjöllum

*Mountain Taxi, eða Fjallaleigari eins og það gæti útlagst á íslensku, er fyrirtæki sem þeysist um fjöll og firnindi með útlendinga og Íslendinga í leit að ósnortinni náttúru og nýjum ævintýrum.*


Vilhjálmur Hjörleifsson, sölustjóri Mountain Taxi, ásamt eigandanum Kristjáni Kristjánssyni við tryllitækin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum með margar staðlaðar dagsferðir á suðvesturhorninu og líka prívatferðir sem vara kannski frá tíu upp í tólf daga,“ segir Kristján Kristjánsson, sem er eigandi og framkvæmdastjóri Mountain Taxi ásamt Ernu Björk Jónasdóttur. „Núna í vetur vorum við til dæmis í tíu daga ferð með þrjá farþega á tveimur bílum í alvöru vetrar- og hálendisleiðangri. Í því tilfelli kom fólkið bara á sinni einkaþotu frá Belgíu og við bjuggum til þessa ferð fyrir það.“

Stöðluðu jeppaferðirnar eru margvíslegar; Gullni hringurinn, upp í Landmannalaugar, til Heklu, á Mýrdalsjökul, um Fjallabak eða á Snæfellsnes. Svo er líka boðið upp á þann möguleika að ferðast um í þyrlu og kaupa má sérstakar lúxusferðir og sérpantaðar ferðir allt eftir óskum ferðalangsins. Í stuttu máli býður Mountain Taxi upp á allt sem hægt er að ætlast til af fullbreyttum öflugum Ford Excursion-tryllijeppum.

Kristján segir að markhópur fyrirtækisins sé fólk sem er ágætlega stætt peningalega en á því sé allur gangur. Sumir spari fyrir svona ferð auk þess sem stærri og minni fyrirtæki panti líka hópferðir. „Það getur allt mögulegt verið inni í þessu,“ segir Kristján og heldur áfram: „Í fjögurra daga hópferð má til dæmis fara í hestaferð, á fjórhjól, vélsleða eða í hvalskoðun. Þá tvinnast inn í ferðirnar sérhæfð fyrirtæki í ferðaiðnaði sem við kaupum þjónustu af,“ segir Kristján.

Mountain Taxi var stofnað árið 1995 og er með eldri fyrirtækjum í bransanum þótt ungt sé. Og þar er ekki fyrir að fara hugmyndaleysinu eins og heyra má á Kristjáni: „Við förum í sérstakar ferðir þessa dagana fyrir þá sem vilja renna sér á sleðum eins og börn nota. Þá erum við með umboð fyrir alveg nýjan sleða sem er eiginlega fjallahjól á þremur skíðum. Þeir nefnast SMX og eru í raun gömlu góðu BMX-hjólin á þremur skíðum. Þeir eru með dempara að aftan og þess vegna er hægt að sviga á þeim. Útkoman og tilfinningin verður nokkuð lík því að renna sér á skíðum,“ segir Kristján og bætir við að hægt sé að leika sér á þessum skíðahjólum í Bláfjöllum þar sem sleðarnir séu leyfilegir í lyftunum.

Spurður hvernig viðskiptin gangi segir hann að þau blómstri. „Við sjáum vel um fólkið okkar og þá spyrst ánægjan út. Þó gerist ekkert af sjálfu sér í þessum heimi, eitthvað höfum við auglýst og farið á kaupstefnur. En fólk leitar til okkar og við treystum mjög á að gott orðspor berist frá manni til manns,“ segir Kristján.

niels@frettabladid.is


ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Á FERÐ UM HEIMINN
Ógleymanleg ævintýri

AUSTUR PÝRENEAFJÖLL 21. - 27. apríl
KILIMANJARO 7. - 22. júní
Mt. BLANC 21. - 29. júní
UMHVERFIS Mt. BLANC 1. - 9. júlí
SUÐUR GRÆNLAND 18. - 25. júlí; 25. júlí - 1. ágúst örfá sæti laus; 1. - 8. ágúst
MAROKKÓ 6. - 13. september
NEPAL 18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is · sími: 587 9999

Frábær fjögurra nátta
Hvítasunnuveisla
til
Budapest eða Vilnius



Budapest


Vilnius


Heimsferðir bjóða frábær sértilboð til tveggja vinsælustu borga Evrópu, Budapest eða Vilnius.
Vorið er komið á fleygiferð á þessum tíma og því tilvalið að grípa þetta einstaka tilboð yfir Hvítasunnuhelgina. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgirnar og kynna þér sögu þeirra og heillandi menningu. Láttu slag standa og njóttu einstaks mannlífs, menningar og skemmtunar í fjórar nætur. Ath. mjög takmarkað framboð gistingar og flugsæta í boði á þessu frábæra tilboðsverði.

Budapest 8. maí
Verð kr. 49.990 *** Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 4 nætur á Hotel Mercure Duna *** með morgunmat.
Verð kr. 59.990 **** Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 4 nætur á Hotel Mercure Korona **** með morgunmat.

Vilnius 9. maí
Verð kr. 49.990 *** Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Europa City *** með morgunmat.
Verð kr. 54.990 **** Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel City Park **** með morgunmat.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR
ALLTAF BESTA VERÐIÐ
BORÐSTOFU-HÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200
FRAMLEIÐUM
Sófasett, hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
ATH . verðið kemur á óvart
Verðdæmi: Sófar 3+1+1 = 99.900 kr
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU
Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.
Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.
Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. ( Afgr.gjöld á flugvöllum).
Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.
DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum
Lalandia
LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.
LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
fylkir.is Ferðaskrifstofa Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

# Fjallaskíðamennska nýtur vaxandi vinsælda

***Fjallaleiðsögumaðurinn Jökull Bergmann heldur námskeið í fjallaskíðamennsku í Skíðadal á Tröllaskaga, norðan Akureyrar, í samstarfi við Ferðafélag Íslands síðustu helgi aprílmánaðar.***


Jökull Bergmann vill leyfa erlendum fjallaskíðaiðkendum að njóta Tröllaskagans í Skíðadal. MYND/GUÐMUNDUR TÓMASSON

Undanfarin átta ár hefur Jökull Bergmann staðið að uppbyggingu og markaðssetningu Tröllaskagans sem heimsklassasvæðis fyrir fjallaskíðamennsku. Hann hefur mikla reynslu af sportinu og hefur leiðbeint ferðafólki víða um heim.

„Fjallaskíðamennska hefur verið stunduð áratugum saman í Ölpunum og Klettafjöllum Norður-Ameríku á veturna og vorin. Sá hópur er nú að uppgötva töfra Tröllaskagans,“ segir Jökull og heldur áfram: „Hvar annars staðar í heiminum er hægt að skíða niður hæstu tinda og alla leið niður í fjöru með svörtum sandi?“

Jökull segir aðstæður á Íslandi til fjallaskíðaiðkunar einstakar. „Nálægðin við hafið er það sem heillar erlenda gesti mest sem koma á Tröllaskagann. Einnig langir dagar, nægur snjór til fjalla, milt veður og auðvelt aðgengi.“ Hann nefnir þætti sem nauðsynlegt er að tileinka sér. „Grunnþættir ferðamennsku á borð við skyndihjálp og að rata er nauðsynlegt fyrir þá sem hafa hug á fjallaskíðamennsku,“ segir Jökull og viðurkennir að fjallaskíðaleiðsögn sé óneitanlega nokkuð sérstakur starfsvettvangur enda snýst starfið um að vera á fjöllum nær alla daga! „Starfið er sannkölluð ástríða. Þetta er krefjandi íþrótt bæði líkamlega og andlega og snýst um að sameina gönguferðir og skíðamennsku,“ segir hann og gefur örlítið betri mynd af hvernig skíði þetta eru. „Fjallaskíði eru í raun eins og venjuleg svigskíði. Hins vegar eru bindingarnar þeim kostum búnar að hælstykkið er hægt að losa frá skíðunum eins og á gönguskíðum,“ segir Jökull sem getur gengið upp fjöll og rennt sér niður á sömu skíðunum.

Fram undan er námskeið fyrir byrjendur í samstarfi við Ferðafélag Íslands. Námskeiðið fer fram í Skíðadal á Tröllaskaga þar sem þátttakendur fá tækifæri til að prófa sig áfram í undirstöðuþáttum fjallaskíðamennsku. „Við förum meðal annars í gegnum leiðarval og mat á snjóflóðahættu. Á síðari hluta námskeiðsins er markmiðið að skíða á nokkra af fjölmörgum tindum Tröllaskagans,“ segir Jökull sem ber sterkar taugar til Tröllaskagans. „Gistiaðstaðan er á bænum Klængshóli sem er síðasta byggða ból í Skíðadal. Þar er yfirleitt hægt að komast á snjó nánast við bæjardyrnar fram á fyrri part sumars,“ segir Jökull og heldur áfram: „Húsfreyjan á Klængshóli, Anna Dóra Hermannsdóttir, hefur sérhæft sig í þjónustu við fjallaskíðahópa. Þar býður hún upp á hlaðborð á hverju kvöldi þá fjóra daga sem námskeiðið stendur þar sem lífrænn matur og hollusta er í fyrirrúmi.“

Útbúnað er hægt að fá leigðan hjá Fjallakofanum í Hafnarfirði. Námskeiðið, sem fer fram 24.-27. apríl, hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Sjá nánari upplýsingar á www.fi.is og www.skidadalur.is.

*- vg/rh*




Bókaðu bílinn fyrir 1. maí á **www.hertz.is** og fáðu 1000 vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair. **Tilboðið gildir til 1. maí.**
Vildarklúbbur
Hertz hefur yfir 7600 afgreiðslustaði í 146 löndum.
Hertz Car Rental
Flugvallarvegi
101 Reykjavik, Iceland
hertz@hertz.is
Tel. +354 522 44 00
Fax. +354 522 44 01
Hertz
www.hertz.is
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




**Eyðimerkur, grænir frumskógar, hrikalegt fjallalandslag Patagóníu í suðri og fjölþjóðleg menning Santiago og Buenos Aires eru meðal þess helsta sem ber fyrir augu í þessari ótrúlegu tveggja vikna hópferð um Chile og Argentínu.**

Hópurinn þræðir sig jafnt og þétt í gegnum hvern heiminn á fætur öðrum. Frá höfuðborg Chile, Santiago, er haldið til borgarinnar Mendoza sem er við rætur Andes-fjalla. Þar verður m.a. farið í vínsmökkun og Iguazú fossarnir skoðaðir áður en haldið er til höfuðborgar Argentínu, Buenos Aires, evrópskustu borg Suður-Ameríku. Þaðan er svo haldið aftur til Santiago. Að lokum gistir hópurinn fjórar nætur á „Chilesku Rivíerunni“ Viña Del Mar.

Ótrúlegt landslag, ótal skoðunarferðir og mikill tími til að drekka í sig fjölbreytta menningu beggja landa. Komdu með okkur í ævintýri á suðurenda Suður-Ameríku!

**14. - 30. október**
**Verð frá: kr. 527.900,-**
á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Elísabet Brand

**Innifalið:** Sjá nánar á www.uu.is
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL-ÚTSÝN
ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS




allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Langferðir geta verið þreytandi fyrir yngstu ferðalangana. Farið í spurningaleiki um örnefnin í kring og bjóðið ís í verðlaun fyrir rétt svör.


Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is


## GÓÐ RÁÐ fyrir þig og umhverfið



## Bílskúrinn - Hjólbarðar



Góðir hjólbarðar eru nokkuð afstætt hugtak en hvað varðar áhrif á heilsu okkar þá eru nagladekkin skaðlegust. Rannsóknir hafa leitt í ljós að harðkornadekk hafa álíka viðmót og hemlunarlengd og nagladekk við svipuð skilyrði. Góð vetrardekk geta gert sama gagn.

Ákvörðun um kaup á nagladekkjum ætti því aðeins að vera tekin að vandlega íhuguðu máli. Staðreynd er að svifryksmengun orsakast m.a. af því að nagladekkin spæna upp malbikið. Svifryk eru örsmáar agnir sem geta skaðað lungu okkar mjög alvarlega, valdið astma, ofnæmi, bronkítis og jafnvel lungnakrabba. Einnig ber að hafa í huga að sum dekk innihalda ekki PAH-olíur í slitfleti dekksins þó að öll dekk innihaldi PAH-olíur í innri hluta hjólbarðans sjálfs.

Þegar þú þarft að losa þig við gömul dekk getur þú skilað þeim í endurvinnslu. Það er endurvinnslugjald á dekkjum, sem þýðir að þegar dekk eru keypt er búið að borga fyrir endurvinnslu þeirra. Gömul dekk eru oft endurnýtt í hellur og rólur.

*Meira um bílinn og alla hluti í bílskúrnum á: http://www.natturan.is/husid/1257/*

**Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund**

# Sendibíll frá Citroën

***Nýlega frumsýndi Brimborg nýjan Jumper-sendibíl frá Citroën.***

Nýi Jumperinn verður fáanlegur í tveimur lengdum og útbúinn sambærilegum öryggisbúnaði og þægindum og eru í fólksbílum.

Citroën Jumper er flokkaður í hóp stærri sendibíla og þykir hagkvæmur í rekstri þar sem vélin eyðir aðeins um 6,8 lítrum í langkeyrslu og 8,2 innanbæjar.

Sendibíllinn er með afkastamikilli hundrað hestafla 2,2 lítra túrbódísilvél sem nær allt að 250 Nm togi. Jumper er öruggur sendibíll og búinn öryggispúðum, meðal annars í stýri og mælaborði.

Hemlakerfi nýja bílsins hefur verið endurhannað til þess að auka skilvirkni, endingu og áreiðanleika. Við öll sæti eru þriggja punkta hæðarstillanleg öryggisbelti með rafstýrðum bílbeltastrekkjurum. Jumper er með stöðugleikastýringu, spólvörn og ABS með EBD-hemlajöfnun og EBA-hjálparhemlun.

*- mmr*




RTR3 DRIFT



Fjarstýrðir bensínbílar í miklu úrvali.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið • Nethyl 2
sími 5870600 • www.tomstundahusid.is

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

www.alorka.is
Sumardekk – hjólbarðaþjónusta
Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.



BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða
Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080

Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900

ALORKA
PIPAR • SÍA • 80753

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

TOYO TIRES SUMARDEKK
PROXES T1R
SPORT
PROXES CF1
ÞÆGINDI
TOYO 350
HAGKVÆMNI



TOYO TIRES
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

#1 BRAND OVERALL TOYO TIRES

NESDEKK
561 4110
FISKISLÓÐ 30

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

**Hnésokkar** eru fallegir við hælaskó og pils. Þeir eru hlýir og henta því sérstaklega vel í íslensku vor- og sumarveðri.





Smekkleg Fashion Forward-hönnun.

Svartur og seiðandi kjóll frá Toni Francesc.

Katalónski hönnuðurinn Toni Francesc blandar saman svörtu og gráu og skreytir með appelsínugulu.

Klassísk hönnun frá mexíkóska hönnuðinum Jonathan Morales. Hnésítt pilsið nær upp að brjóstum og bolurinn er girtur ofan í. Hvítu stígvélin kóróna dressið.

# Grár og svartur glamúr

*Lítið er um væmni og litadýrð á tískuvikunni í Mexíkó.*

Tískuvikan í Mexíkó stendur nú sem hæst, en þar er haust- og vetrartískan 2008 kynnt.

Straumarnir koma víða að en ef á heildina er litið má segja að þröngar buxur, stígvél og víðir kjólar ráði ríkjum. Svartir og gráir tónar virðast allsráðandi, þó vissulega leynist litadýrð í litlum fylgihlutum og skrauti.

*vera@frettabladid.is*










Nýir veggstenslar og litir.



FÖNDRA

Dalvegi 18 • Kópavogi • s. 568 6500 • www.fondra.is

Virkir dagar: 10:00-18:00 & Laugardagar: 11:00- 16:00




allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17 | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is | AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bílasalan Bílfang**
www.bilfang.is



TOYOTA YARIS ek 115 þús, samlitur, filmur, nýleg heilsárdekk. Áhv 500 þús, TILBOÐ 120 þús út + yfirtaka á láni. Rn.129923



JEEP WRANGLER 1990, 2,5L, bsk, 33" breyttur á heilsárdekkjum, ek.104þús. mílur. Ásett 390 þús. Gott stgr verð!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



PORSCHE 911 CARRERA 4S árg 2007 km 1 þ. ssk. stept,sóllúga sport pakki,og fl. verð 14.900 þ.



AUDI Q7 QUATTRO 3.0 DÍSEL nýsk 7/2007 km 14 ssk,álfe, leður,lúga og fl verð 9.900 þ. áhv. 6.600 þ.



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX DISEL V8 nýr bíll einn með öllu verð 12.850 þ.



FORD F350 SUPER CREW 4X4 KING RANCH nýr bíll verð m/vsk stgr 4.990 þ.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



**750 þ. kr. afsláttur**
JEEP WRANGLER SAHARA 5 DYRA, árg 2007, Ek 500 km, 3.8L, 202 Hö, SJÁLFSKIPTUR, Flottur bíll, Verð 4.750 þ. Tilboð 4.000 þ. Nánari uppl á www. arnarbilar.is rn: 120480 S: 567 2700



HYUNDAI TERRACAN GLX, 35" breyttur, árg. 03/05, ek. 60 þ. km., sjálfsk. álfelgur. Áhv. 2.673. Verð 3.590. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140350 S. 567 2700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100 bílar.is bílasala



Hyundai H-1, árg. 2003, ek. 46 þús.km. Bsk., diesel, 7 manna, dráttarkúla, filmur ofl. Verð 1990 þús.kr. áhv. 1410 þús.kr. Frábært eintak.!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



Ford Transit 220D Connect árgerð 2005, diesel, ekinn 42 þús., háþekja, sk.'09, 100% lánað. Verð kr. 1.550.000. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



**0 kr. ÚT!**
Skoda Fabia Comfort 1.4. Árg.' 01, ek. 74 þús., sk. '08, fæst gegn yfirtöku á 456 þús. láni. Uppl. í s. 894 4161.




Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300.



Til sölu Ford Ranger Extracap 4x4 árg. '91 ek. 134.800 km. Nýsk., heillegur og góður bíll, óryðgaður. Ásett v. 170 þ. Uppl. í s. 893 0411.



WV Passat '98 1.6 Ek. 157 þ. V. 380 þ. S. 869 6701.



**Nýr Toyota LandCruiser 200 - 5 mkr. afsláttur!**
V8, 381 Hö, leður/hiti/rafmagn/minni í sætum, topplúga, bakkmyndavél, dráttarb, navi, 14 hátalarar o.m.fl. Ca. 5m. ódýrari en bensínbíllinn frá umboði en með 100 Hö kraftmeiri og eyðslugrennri vél, betra hljómkerfi og 6 þrepa ssk. í stað 5 þrepa. Víðtæk ábyrgð fylgir . Tilboðsverð: 8.990 þ. Bíll.is s. 577 3777.



Yfirtaka + Glaðningur - Volvo S40 '04 ek. 79 þús.km. Ssk., leður, krókur, ný dekk. Sk. '09. Áhv. 1,9 m.kr. S. 865 0046.



VW Touareg V8 2004, ek. 67þ. km. Loftpúðafjöðrun, leður, topplúga, 19"felgur á nýjum heilsarsdekkjum, mjög vel með farinn. Áhvílandi 4.7 skoða skipti á ódýrari. S. 867 5000.



Camaro árg. '94, sk. '09. Verð 690 þ. S. 865 0046.



Til sölu Ford Edge árg. '07 vél 3.5 ssk. framhjóladrifinn. ek. 20 þús. Sparneytinn eðalvagn. Þú yfirtekur lánið og færð 200 þús. í pen. S. 694 3636.



Musso árg. '98 2.9 turbo diesel. ssk. nýsk. 09, ek. 126 þ. Góður bíll í góðu standi. Verð 330 þ. S. 864 7498.



Land Rover Discovery 3 HSE 4x4 . Árgerð 2005. Ekinn 53 þ.km sjálfskiptur. 7 manna. Aukasæti fellanleg ofan í gólf. Leðurinnrétting. 3 sóllúgur. Harmon Kardon hljómkerfi. Raddstýring. 19" álfelgur. Rafmagn, minni og hiti í fram og aftursætum. Hiti í framrúðu og rúðusprautum. Bakkskynjari. Loftpúðafjöðrun sem má hækkka og lækka. Verð 5.3 milljónir. Ekkert áhvílandi. Uppl. í síma 695 3822.



Renault Traffic '04 ek. 141 þ. Mikið yfirfarinn sem nýr. Yfirtaka á einkaleigu 45 þ. á mán. S. 860 6227.



VW Passat 1.6 '00 ek. 157 þ.km. Nýsk. m/topplúgu. Ný.sumard. og bremsur. Nýl. tímareim.T ilboð 580 þ. S. 864 8280.



Audi A4 Turbo Quattro árg.'07, ek. 17 þús. Leður, lúga og luxary. V. 4290 þús. tilb. 3850 þús. stgr. S. 821 4068.



WW Caddy '05, ek. 48 þús., bsk., bensín 1400, 5 manna, aukhl. toppbogar. Uppl. í s. 893 6746.



35" breyttur Pajero V6 ssk., ek. 217 þ. Bíll í góðu lagi með smá aukabúnaði. V. 650 þ. S. 897 5635.



WV Polo comfortline ek. 94 þ. 5 dyra, ljósblár, sumard. + naglad. V. 550 þ. S. 866 6732.



VW Bora 1600 árg. '99, ssk., ek. 137 þús. Góður bíll í góðu standi. V. 390 þús. Uppl. í s. 858 7421.



Chrysler Town & Country fjölskyldubíll. Nýlega innfl. Frl.ár 2000. Mjög fallegur og þægilegur 7 manna bíll. 3,3l V6 vél. Fimm hurðir. Dökk grænn. Ljósgrár að innan. Áhv. Ca. 900 þ. Uppl. á bílasölu Guðfinns 562 1055 eða í 694 9741.



Ford Mercury Cougar RX7 árg. '94. Tilboð óskast. Þarfnast viðgerðar. Rikki í s. 866 8915. V8



Subaro Impreza 09/1999. Ekinn 80.000 km Ssk. 2000cc, 125 hö, 4WD. Góður bíll. Verð 550 þús. Uppl. í s. 891 6116.



VW Golf GTI '05 ekinn 54 þ.km. Verð 2.490.000. S. 695 9229.



Traust og sparneytin Toyota Corolla árg.'00, keyrð 107 þ. Beinskipt með 1400 vél. Hagstætt lán, 520 þ. áhvílandi. S.820 9325.



Toyota Rav 4 árg. '00. Ekinn 85000, ssk., krókur, sk. '08, sumar og vetrard, mjög góður bíll. Verð 1150 þús. Uppl. í s. 868 3096.



Toyota Yaris árg. '03. Ekinn 129 þ., 5dyra, 630 þ. Lán 620 þ. Sími 867 8825.



M. Benz E320 árg. '96 frábær bíll. AMG pakki, ek. 150 þ. Fæst á góðu stgr. verði! S. 846 1286.



Til sölu MMC Mondero árg. 2002 ekinn 94.000 mílur. Verð stgr. 1.600 þús. Uppl. í síma 660 2424.



Volvo S80 4 dyra, 2.4, 170 hö, keyrður 160.000. Frábært eintak hlaðin aukabúnaði. M.a. álfelgur, leðuráklæði, rafdrifið ökumannssæti, geisladiskamagasín 10 diska, innbyggður barnabílstóll, sólhlíf í afturglugga og hliðargluggum að aftan, innbyggður gsm sími, þokuljós, tölvstýrð loftkæling,og margt fleira. Verð 1.430.000. Nánari uppl. gefur Gummi í síma 861 7081.



**Rols Royce Silver Spirit '86 árg.**
Ekinn 52 þús. km. Tilboð 280 þús. + yfirtaka 3.710 þús. Uppl. í s. 694 5384.




Alfa Romeo Crosswagon 4x4 diesel „jepplingur". Leður, Bose hljómkerfi, sjálfvirk miðstöð o.m.fl. Einn eigandi. 24 þ.km. Skr. 01/"06. Rétt verð 3.3m. Tilboð 2.8m. Áhv. lán ca. 2.4m. Skoða öll tilboð. S. 690 1025.

Til sölu Suzuki hayabusa árg. '05. Ek. 5800km. V. 1200 þ. Uppl. í s. 894 0515, Ágúst.

Subaru Outback árg. '04 ek. 25 þús. Sumar og vetrard. Leður, upplýsingskjár, topplúga ofl. Glæsilegur bíll. V. 2.190 þús. Uppl. í s. 660 7575.

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 19. APRÍL 2008

**HÖNNUN**
## Herzog og de Meuron

**HÖNNUN**
## Umhverfisvernd í öndvegi

**INNLIT**
## Gotneska hverfið í Barcelona



FRÉTTABLAÐIÐ

Stórsýningin **Verk og vit 2008** í Laugardalshöllinni, 17.-20. apríl 2008

**Misstu ekki af glæsilegri sýningu um helgina!**

www.verkogvit.is

Verk og vit 2008

Iðnaðarráðuneyti
Reykjavíkurborg
Samtök iðnaðarins
Landsbankinn
ÍSTAK

AP almannatengsl / H2 hönnun



HEIMILISHALD

RUT HERMANNSDÓTTIR

# Staðbundin húsfreyja

Í dag þykir verulega smart að vera meðvitaður um matarmenningu. Gæða sér á staðbundnum árstíðabundnum réttum, vera svolítið kúltíveraður, rækta eigin matjurtir og sérpanta trufflur úr sælkeraverslunum.

Skápar heimilanna svigna undan rándýrum flöskum af balsamediki, dökku súkkulaði, hummus og lífrænum sultum. Það þykir bara sjálfsagt og svalt að borga sex hundruð-kall fyrir þrjár litlar lífrænar perur. Við erum loksins orðin heimsborgarar og höfum kvatt dauðleiðinlegt gráleitt mataræði íslenska sveitavargsins. Þetta er inni, þetta er dýrt og alveg svoleiðis glænýtt af nálinni. Eða hvað?

Sama hvað fyrir mig var sett mér fannst það allt jafn dásamlegt. Ýsa og hrogn, hjörtu og lifur. Svið, hrossakjöt, gráfíkjur og skyr. Lifrarpylsa, epli, rabarbari og lúða.

Æskuheimili mitt ómaði af mat frá morgni til kvölds. Ef ég man rétt vorum við fjórar kynslóðir undir sama þaki á tímabili. Örugglega tólf ef ekki tuttugu í mat þegar mest var. Björg í bú kom héðan og þaðan. Afabræður komu með nýveiddan fiskinn, rennt var í sveitina eftir skinku og reyktum laxi. Kartöflurnar komu lífrænar ásamt staðbundnum rabarbaranum úr garðinum. Skyrið var selt í lausu án aspartam og enginn hafði nokkru sinni þekkt þá endemis vitleysu að kaupa sér vatn. Brauðið var heimabakað allan ársins hring og kleinurnar ultu af einskærri ást úr pottinum. Veisluhöld og hátíðir kölluðu á gríðarlegan undirbúning. Það glamraði í hrærivél og sleifum fram á nótt. Kjallari og skúr svignuðu undan kynstrum matar og ég var alltaf södd og sæl.

Þegar haustið gekk í garð í allri sinni dýrð var sjálf sláturnálin dregin fram. Garnið var síðan hægt að nota í fuglafit. Eldhúsið fylltist af konum með fangið fullt af vömbum sem báru með sér undarlegan keim. Í Kaupfélaginu var síðan hægt að troða nokkrum staðbundnum sauðum í frystihólf sem komu sér vel fram á vorið. Sama hvað fyrir mig var sett, mér fannst það allt jafn dásamlegt. Ýsa og hrogn, hjörtu og lifur. Svið, hrossakjöt, gráfíkjur og skyr. Lifrarpylsa, epli, rabarbari og lúða.

Maturinn var gerður af hreinræktuðum kærleika sem ég reyni stundum að leika eftir í eigin eldhúsi. Jafnvel með því að skrifa „Ást“ og „Kærleikur“ á ýmsar krukkur og bauka.

Af skrifum mínum mætti halda að ég væri að minnast daga minna í torfkofa við strendur Íslands snemma á síðustu öld. Hins vegar er ég aðeins rétt um þrítugt og deili þessum minningum með jafnöldrum og jafnvel yngra fólki. Ég hef gert mitt besta til að verða smart og kúltíveruð húsfreyja. Ég verð bara aldrei jafnsvöl og fólkið sem fæddi mig í æsku. Þau ráku sitt eigið heilsuhús, kölluðu þetta bara hversdagsleikann og hann bara var déskoti góður svona líka staðbundinn, lífrænn og fínn.



**Forsíðumynd:** Mynd tók Halla Harðardóttir í gotneska hverfinu í Barcelona. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



**BORÐBÚNAÐUR** Þetta bollastell frá franska framleiðandanum Bernardaud myndi sóma sér vel í kaffiboði hjá Lísu í Undralandi. Öllu er snúið á hvolf og höldur settar á ólíklegustu staði. Fyrirtækið, sem framleiðir skartgripi, húsgögn og gjafavöru leikur sér óspart með gyllingu og þá helst í borðbúnaði sem oftar en ekki hefur yfir sér höfðinglegt yfirbragð. Sjá nánar á http://www.bernardaud.fr

# Þægilegur griðastaður

Grafíska hönnuðinum Erni Smára Gíslasyni finnst gott að láta líða úr sér í þægilegum leðurstól í stofunni og er hann þar með helstu nauðsynjar við höndina.



Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður heima í stofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég á það til að taka vinnuna með mér heim og þá finnst mér gott að koma mér fyrir í leðurstól sem ég keypti í Öndvegi. Hann er mjög þægilegur og þar er gott að sitja með ferðatölvuna,“ segir Örn Smári Gíslason.

„Ég smíðaði svo krossviðarplötu undir tölvuna sem ég skorða á milli hárra armanna á stólnum en þá losna ég við að sitja með tölvuna funheita í kjöltunni,“ bætir hann við. Á breiða armana leggur hann síðan frá sér minnisbók og kaffibolla og þarf lítið annað.

Örn Smári hefur auga fyrir umhverfi sínu og þó að hann vilji ekki hafa allt klippt og skorið í kringum sig þá leggur hann upp úr því að umhverfið sé stílhreint.

Hann hefur sankað að sér töluvert af samtímalist og á veggnum fyrir ofan stólinn er langt verk eftir listakonuna Guðrún Oyahals.

Á tekk-skenknum fyrir neðan eru svokallaðar dellur úr postulíni eftir Laufeyju Jensdóttur. „Þó að þær séu úr postulíni þá eru þær grófar og skemmtilegar og það kemur sérstaklega vel út að setja í þær sprittkerti,“ segir Örn Smári. Í gluggakistunni er svo hvítur vasi með bláum blómum sem Örn og konan hans keyptu á Spáni.

Örn Smári, sem starfar sjálfstætt og er með vinnustofu á Korpúlfsstöðum, hannar meðal annars merki, umbúðir og gerir auglýsingar sem hafa vakið athygli. Hann á til að mynda heiðurinn að mjólku-merkinu og lagði upp með umbúðalínu fyrir Himneska hollustu sem margir þekkja.

Upp á síðkastið hefur hann verið að teikna frímerki og er um þessar mundir að glíma við Friðarsúluna en það merki kemur út í kringum 9. október þegar kveikt verður á súlunni í Viðey á ný.

Þá hefur hann komið að hönnun persónulegra frímerkja í samstarfi við Póstinn og koma þau út með vorinu. Hugmyndin með þeim er sú að fólk geti fengið frímerkjaarkir með myndum úr fjölskyldualbúminu. - ve



ECL stjórnstöðvar fyrir hitakerfi

Danfoss

Húseigendur!
Aukið þægindin og
lækkið hitunarkostnaðinn
með ECL stjórnstöð á hitakerfið
Kynnið ykkur kosti og verð
ECL stjórnstöðvarinnar frá Danfoss

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# Lyf gegn verðbólgu




Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

## Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

## Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Stuttur- og Langur skuldabréfasjóður eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingar má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.
















Tónlistarhús Fílharmóníunnar í Hamborg sem nú er í byggingu. MICHAEL URBAN/NORDICPHOTOS/GETTY

# Samherjar með einstakt ímyndunarafl

● Svissnesku arkitektarnir Jacques Herzog og Pierre de Meuron leita sífellt nýrra leiða í sköpun sinni. Þeir hafa meðal annars notað veggjakrot til að forma nýjar byggingar og breytt orkuveri í listasafn.

Arkitektúr Jacques Herzog og Pierre de Meuron sameinar listfengi arkitektúrs í gegnum aldirnar og ferskleika nýrra tíma, sem einkennast af möguleikum tækninnar.

Þeir fæddust báðir í Basil í Sviss árið 1950 með tæpu mánaðar millibili, en Herzog er fæddur 19. apríl og de Meuron 8. maí. Árið 1975 útskrifuðust þeir frá Eidgenössische-tækniháskólanum með gráðu í arkitektúr og þá hófst samstarf þeirra fyrir alvöru. Þremur árum seinna opnuðu þeir saman arkitektúrstofu í Basil.

Hugmyndaflugi félagana virðast engin takmörk sett en þekktastir eru þeir fyrir að hafa breytt stóru orkuveri við árbakka Thames í London í nýlistarsafnið Tate Modern. Fyrir það hlutu þeir mikið lof eins og fyrir öll þeirra verk.

Fáir standast þeim snúning þegar kemur að hugmyndum og lausnum og nota þeir efniviðinn á einstakan máta, sérstaklega í klæðningum bygginga.

Meðal þekktari verka þeirra eru Forum-byggingin í Barcelona, verslun Prada í Tókýó, og nú síðast ólympíuleikvangurinn í Peking.

Þess má geta að tæpum tíu árum eftir að Herzog og de Meuron opnuðu saman arkitektúrstofuna hlutu þeir sín fyrstu arkitetkúrverðlaun, og árið 2001 hlutu þeir Pritzker-verðlaunin fyrir arkitektúr sem eru virtustu arkitektúrverðlaunin sem veitt eru í heiminum. *-keþ*



Herzog og de Meuron sameina listfengi arkitektúrs í gegnum aldirnar og ferskleika nýrra tíma sem einkennast af möguleikum tækninnar.



Herzog og de Meuron teiknuðu nýtt tónlistarhús fyrir Fílharmóníuna í Hamborg, framkvæmdir á húsinu hófust í fyrra.



Fyrirhuguð viðbót við Tate Modern í London. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2012 um leið og Ólympíuleikarnir verða haldnir í London.



Caixaforum-menningarmiðstöðin í Madrid sem Herzog og de Meuron hönnuðu var opnuð í síðasta mánuði.


COMFORT solutions®
By King Koil®
RÝMINGARSALA
SÍÐUSTU DAGAR!
Vegna nýrrar vörulínu frá King Koil Comfort solution
verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga
á gamla genginu með allt að 30% afslætti.
AVERY Spine support (Full XL 135x203) kr. 84.800
AVERY Spine support (Queen size 153x203) kr. 89.900
AVERY Spine support (King size 193x203) kr. 129.800
AVERY Spine support (Twin XL 97x203) kr. 68.900
AVERY Spine support (Cal King size 183x213) kr. 129.800
Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum
síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem
eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-
samtök kíropraktora) og Good housekeeping
(stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
Good Housekeeping
Promises
SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI
Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til
5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi
og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun
og réttan stuðning við axlir og mjóbak.
rekkjan
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is
HEILSURÚM



Þvottur hangir á snúrum nágrannanna í þröngum bakgarðinum.



Gotneska hverfið hefur upp á mestan fjölbreytileika að bjóða að mati Höllu. MYND/HALLA HARÐARDÓTTIR

# Eldað af ást og dansað fram undir morgun

Halla Harðardóttir og Arnar Orri Bjarnason hafa búið í Barcelona undanfarin sjö ár og hafa komið sér vel fyrir í gotneska hverfinu nálægt höfninni.

„Við fórum út til að læra og höfum ekki ennþá komið okkur heim,“ segir Halla Harðardóttir, sem er nú að klára nám í listfræði í Barcelona, eftir að hafa lagt þar stund á ljósmyndun. Sambýlismaðurinn Arnar lærði forvörslu og húsgagnasmíði og hefur unnið við það síðan hann kláraði námið. Skötuhjúin eiga tvö börn, Uglu, 3ja ára, og Eldar, 3ja mánaða, og kann fjölskyldan vel við sig í Barcelona. Halla segir þau þó sakna þess að vaða snjó og hangi pollagallar barnanna ónotaðir inni í skáp.

„Eftir að hafa alist upp á Íslandi verður frekar leiðigjarnt til lengdar að sjá bara bláan himin, en það skemmtilegasta við að búa í Barcelona er mannlífið. Hér rekst maður á ótrúlegustu karaktera og gotneska hverfið þar sem við búum hefur upp á mestan fjölbreytileika að bjóða,“ segir Halla og heldur áfram: „Á torginu við hliðina á okkur býr félagi okkar, norskur útigangsmaður, sem seldi systur minni stóran og fallegan antíkspegil um daginn. Hann fann hann úti á götu, og þar sem hann á engan stað til að hengja hann upp á seldi hann Guðrúnu systur minni spegilinn á 10 evrur. Hann hangir nú uppi á vegg hjá okkur þangað til systir mín sendir eftir honum.“

Íbúðin sem fjölskyldan býr í er skemmtilega innréttuð og er forláta leðurstóll sem Arnar gaf Höllu í þrítugsafmælisgjöf í miklu uppáhaldi hjá henni. Sjálfur heldur Arnar mest upp á smíðabekk, sem nýtist nú sem hilla í svefnherberginu. Halla segir þau hafa fundið flest húsgögnin á kompudögum í hverfinu og síðast nældu þau sér í Thonet-ruggustól.

Aðspurð eru þau sammála um að eldhúsið sé hjarta heimilisins og eyða mestum tíma þar. „Hér er mjög gestkvæmt, okkur finnst gaman að elda og við höldum mörg matarboð. Hér er eldaður góður matur af mikilli ást og þó nokkur eldhúspartíin hafa endað með því að dansað hefur verið fram undir morgun,“ segir Halla hress að lokum.

*- rat*



Í horni stofunnar má sjá uppáhalds stól Höllu sem hún fékk að gjöf frá Arnari. Hátt er til lofts og fallegar gifsskreytingar í loftunum. Ugla óængð með athyglina.



Halla, Ugla, Eldar og Arnar heima hjá sér í rólegheitum. Fjölskyldan ætlar að flytja tímabundið út fyrir borgina og verður íbúðin þá til leigu. Halla bendir áhugasömum á að hafa samband með því að senda póst á hallaha@gmail.com.



Eldhúsið er hjarta heimilisins að mati Höllu og Arnars og hér hefur verið dansað fram undir morgun í matarboðum.



Póstkort af íslensku kindinni leynist innan um myndirnar á útidyrahurðinni til að minna á heimahagana.



Ugla dóttir Höllu og Arnars leikur sér í fallegu heimasmíðuðu eldhúsi.

# LÍNAN



## Þú velur...



**Coffee línan: 180 tegundir af áklæðum og 50 tegundir af leðri** | Verð: 2ja sæta frá 88.000 kr. í áklæði og 138.000 kr. í leðri

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16




Hvað segja notendur?
„Hún eldar kannski ekki, en hún ryksugar á meðan þú eldar“
„Þú ferð í vinnuna og hún er búin að ryksuga þegar þú kemur heim“



Tvær gerðir - skoðaðu málið á

iRobot
Hólshrauni 7, Hafnarfirði
símar 555 2585 - 848 7632
www.irobot.is

Fæst hjá: Byko um land allt, Max Kauptúni og Holtagörðum, Byggt og Búið, Heimilistæki, Ormsson Smáralind, Ljósgjafinn Akureyri, Ormsson, Model, Krákur ehf verslun, Rafsjá fasteignir ehf, Árvirkinn Selfossi og Tölvuþjónusta Vals.











Sumarstörf
við allra hæfi

Upplýsingar gefur:
Magnea, sími: 585 9529
magnea@hrafnista.is

Við bjóðum sveigjanlegan vinnutíma og aðlögun að þínum þörfum. Starfshlutfall samkomulag.

Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines




Matarstellið „Up side down“ eftir Monique Goossens. Kaffið er drukkið úr bollanum öfugum.

# Öfugir bollar og diskar

Gleði og leikur einkenna hönnun Monique Goossens en hún stundar nám í vöruhönnun í Hollandi. Hún leitast við í hönnun sinni að taka hluti úr samhengi og setja þá fram þar sem þeirra er síst von. Blanda saman hugmyndum úr ólíku umhverfi og hafa endaskipti á hlutum og hlutverkum. Hún vill að vörurnar hennar komi á óvart og fái fólk til að staldra við.

Í matarstelli Goossens, sem kallast „Upside down“, hefur hún snúið bollum og diskum á hvolf. Kaffið á þá að drekka úr bollanum öfugum og morgunkornið fer ofan í botninn á skálinni. Í öðru verkefni frá Monique sem ber heitið „Mini toys“ er lítill postulínskálfur að hoppa inn í skál og situr þar fastur. Afturhlutinn á honum getur þá virkað eins og hanki. Monique segist vilja hanna hluti sem erfitt er að búa til og hennar hönnun henti ekki til fjöldaframleiðslu. Nánari upplýsingar um Monique Goossens má finna á síðunni www.moniquegoossens.com



„Mini toys“. Lítill kálfur hoppar inn í postulínsskál.

- rat

## hönnun

●TÍMARITATRÉ Tímarit og blöð geta í sumum tilfellum verið stofustáss, þótt þau sé auðvitað best að endurvinna. Þetta tímaritatré er eftir tyrkneska hönnuðina Unal og Boler og kemur skemmtilega út á borði. Málmkrókar mynda munstur líkt og blóm eða tré og á milli þeirra má svo stinga blöðunum. Einnig hönnuðu þeir kaffiborð úr stáli með hreyfanlegum slám undir borðplötunni sem tímaritin hanga á innan seilingar. Vefsíða hönnuðanna er www.ub-studio.com.







maine sófi 3ja sæta 533201 79.900 / maine stóll 533188 39.900 / maine fótskemill 533195 16.900



**FUGLABÚR** 2 saman
519342 verð 3.990



**MOROCCAN LUKTIR**
2 stærðir, tveir litir verð frá 1.290
535649/535625/535632/535656



**PÁFUGL** með perlum, 85cm
464406 verð 7.990

the PIER

Glæsileg og framandi húsgagna- og gjafavöruverslun

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

# Umhverfisvernd höfð að leiðarljósi

Hönnuðir horfa í síauknum mæli til umhverfis og náttúruauðlinda í verkum sínum.

Umhverfið og náttúruauðlindir hafa verið okkur ofarlega í huga að undanförnu. Útgáfufélag Fréttablaðsins, 365, lét hanna og dreifa endurvinnslutöskur, sem kallast Blaðberinn, undir pappír til að efla vitund um umhverfisvernd og nýtingu verðmæta. Þá er vatnsvika UNICEF nýafstaðin þar sem athygli var vakin á vatnsskorti sem víða ríkir í heiminum. Er hvort tveggja angi af sívaxandi umhverfisvitund í hinum vestræna heimi.

Hönnuðir hafa til að mynda sýnt málstaðnum aukinn áhuga og má nefna að á hönnunarhátíð í London í fyrra var sýning sem bar nafnið Slow Water, þar sem höfð var til sýnis hönnun sem tengdist nýtingu á vatni.



Með þessari hönnun er hægt að safna regnvatni og nota síðar til að vökva garðinn.

Meðal sýningargripa eftir hönnuðina Freddie Yauner og Gregor Timlin, var tæki sem safnar regnvatn og geymir. Regnvatnið er síðan notað til að vökva garðinn.

Hönnun Yauner og Timliner er búin öflugri hlíf sem nota má sem sólhlíf. Grípur hún regnvatnið og kemur því áfram í garðslöngu sem tengist henni og í stólana. Stólarnir eru svo hugsaðir sem geymslustaður fyrir það regnvatn sem safnast hefur upp yfir einhvern tíma. Þetta hentar vel í löndum þar sem sumrin geta orðið mjög heit, því þar fara um sjötíu prósent af vatnsnotkun í að vökva blóm og grasfleti og því er ekki vitlaust að nýta það vatn sem kemur af himnum ofan í garðana.

Önnur sniðug hönnun er hinn svo kallaði Hippo Water Roler. Þetta er tunna sem hægt er að festa handfang á. Tunnan er hugsuð til að létta þeim lífið sem þurfa að ferðast langar vegalengdir til þess að sækja ferskt vatn. Hver tunna tekur mun meira vatn, eða um 90 lítra, en hinar hefðbundnu fötur sem bornar eru á höfðinu, þær taka að meðaltali um 20 lítra. Þar að auka vernda þær líkamann gegn því álagi sem felst í því að bera vatnið. Þessar tunnur eru frá Project H design og hægt er að lesa meira um þetta á www.projecthdesign.com



Hér er dæmi um gamla og nýja mátann. Konan gengur með nýðþunga vatnsfötu á höfðinu á meðan mennirnir draga á eftir sér tunnuna fulla af vatni.

-kka


Rýmingarsala
rýmum til fyrir garðhúsgögnum
20%
afsl. af öllum vörum í versluninni
aðeins í 2 daga







Opið virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16 - Sunnud. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 •108 Reykjavik
Símar 581 2275 • 568 5375



**HENGDU MIG UPP** Hægt er að nota snaga undir allt mögulegt. Fallega og fíngerða snaga má nota undir skartgripi, svo sem hálsmen og armbönd. Flott er að láta falleg undirföt hanga á snaga inn í svefnherbergi. Snagar í barnaherbergið eru til í mörgum sniðugum mynstrum og litum, lífga upp á barnaherbergið og halda fötunum frá gólfinu. Fyrir þá sem vilja hafa fötin sín á góðum stað en eru kannski ekki mikið fyrir stóra og áberandi snaga er tilvalið að skella nokkrum bak við hurðir. Þannig sjást snagarnir ekki eins mikið og fötin eru ekki í hrúgu úti um allt.



# Ruggað saman

Re-babe vaggan og Re-tire ruggustóllinn frá hönnunarsamsteypunni e-27 mynda saman Re-set settið. Stóllinn og vaggan eru bundin saman með leðurböndum sem gerir það að verkum að sá sem annast kornabarn getur ruggað því um leið og sá hinn sami ruggar sjálfur.

Þegar barnið er vaxið upp úr vöggunni er hægt að setja á fæturna hest og úr verður rugguhestur.

Karfan sem áður var svefnstaður barnsins þarf ekki að safna ryki því hana má til dæmis nota sem þvottakörfu. Ruggustóllinn þjónar svo sínu hefðbundna hlutverki þar til mögulega fjölgar í fjölskyldunni á ný.

Sjá nánar á http://www.tinydodo.com/



## hönnun



**● GLEÐISPEGILL**

Þessi spegill eftir danska hönnuðinn Louise Campbell er alsettur textabrotum úr ástarsöngvum sem öll fjalla um fegurð og má til dæmis nefna „Oh ooh you are really such a preytty one".

Spegillinn ætti því ávallt að gleðja þann sem í hann lítur svo lengi sem viðkomandi rýnir ekki of langt inn fyrir textann.

Sjá www.louisecampbell.com


# Danskir Fataskápar

á miklu betra verði!



85.600






47.300



59.100




82.300



97.600

Flex eru vandaðir fataskápar framleiddir í Danmörku. Þeir eru fáanlegir í hvítu, eik, kirsuber, hlyn og svarbrúnu (coffee).

Flex byggist á raðkerfi, 50 cm og 100 cm einingum sem hægt er að raða saman að vild.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is









# Plastás ehf framleiðir einangrunarplast í veggi, gólfplötu, sökkla, gluggabretti, þök ofl.





**Gerum verðtilboð um allt land.**
**Opið kl. 8.00-17.00 virka daga.**






**Plastás ehf**
*Einangrunarplast*

EPS

**Sími: 4627799 og fax 4627709 netfang er plastas@simnet.is.**

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**starf.is**

Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Óska eftir gröfumanni!**
**Á Reykjavíkursvæði og Hverargerði. Mikil vinna framundan.**
**Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarið hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 844 7589. www.cafeoliver.is

**Vélslípun ehf**
Óskar eftir vönum mönnum í niðurlagningu á steypu, vélslípun og demantsslípun. Mikil vinna framundan.
Uppl. í síma
**891 9193 & 892 5309.**

**Vaktstjórar í sumar**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra í sumarafleysingar á Select Vesturlandsvegi, Shell Hraunbæ, Skógarhlíð og Gylfaflöt. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu í skemmtilegu og líflegu umhverfi. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Heiða í síma 444 3056 eða á starf@skeljungur.is.**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti. Vinnutími frá kl. 10-17 og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Laus staða vaktstjóra á Pizza Hut Sprengisandi. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Þórey veitingastjóra í síma 822 3642.

**Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa**
**Starfsmaður óskast strax til afgreiðslustarfa frá 10 - 18 virka daga í verslunina Litir og Föndur Skólavörðustíg 12**
**Viðkomandi þarf að hafa einhverja myndlistar eða tómstundaþekkingu vera röskur, áræðanlegur, framkvæmdasamur og hafa góða þjónustulund. Umsóknareyðublöð í verslunum okkar eða á litirogfondur@simnet.is**

Granítsmiðjan

Granítsmiðjan ehf óskar eftir mönnum í vinnu sem hafa reynslu af smíðivinnu. Vinsamlegast sendið umsókn á starf@granit.is eða hringið í síma s: 822-4777 á milli 9-17



Hárrétt hárstofa Núpalind 1 Kópavogi. Ert þú metnaðarfullur hársnyrtir sem vill leigja stól. Mikil vinna. Frábær kúnnahópur. Uppl.gefur Linda Rós s. 868 7217.

**Erum að ráða menn í byggingarvinnu. Einnig vantar málara.**
**Upplýsingar í síma 892 5551.**

**Furðufiskar ehf**
**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Starfssvið:**

**- Innkaup og pantanir**

**- Starfsmannahald/mönnun vakta**

**- Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum**

**- Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð. Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.**

**Kokkarnir veisluþjónusta**
**Kokkarnir veisluþjónusta vantar að ráða aðstoðir í eldhús vegna aukinna verkefna. Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.**

**Öryggisgæslan**
**Vilt þú starfa hjá framsæknu fyrirtæki í fremstu röð Öryggisþjónustu á Íslandi. Öryggisgæslan leitar nú að starfsfólki til næturstarfa og verkefna á öllum tímum sólarhrings. Við leitum bæði að fólki í 100% starf sem og Hlutastörf td.helgarvinnu. Aukavaktir í boði. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 18 ár. Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6 - 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-17 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 568 5030. mailto: egill@oryggisgaeslan.is**

**Furðufiskar ehf**
**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Alurs takmark er 23 ár. Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.**
**Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.**

**Veitingahúsið Nings**
**óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í fullt starf í afgreiðslu. Um framtíðarstarf er að ræða þar sem unnið er á 15 daga vöktum. Hentar fyrir þá sem vinna vel með öðrum og hafa góða þjónustulund. Nauðsynlegt er að vera íslenskumælandi. Einnig vantar afgreiðslufólk í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Sif / Helga gefur uppl. í síma 696 0939 & 699 5423.

Mjólka og Vogabær óska eftir að ráð fólk til starfa við kynningar á vörum fyrirtækjanna. Vinnutími er venjulega milli klukkan 14 og 18 fimtudaga, föstudaga og laugardaga. Nánari upplýsingar veitir Dómhildur í síma 6641651.

AU-PAIR S-Frakkland byrja í maí ein 3 ára stelpa frekari upplýsingar í 6162414

Barinn, Laugavegi 22, óskar eftir starfsfólki á bar, í dyravörðslu og afgreiðslustörf. Umsóknir sendist með mynd á elmar@icarus.is Uppl. í s. 869 5835.

## ÞJÓNUSTA

Viltu láta dekra við þig í notalegu umhverfi þar sem sumarið er á næsta leiti?



Pantaðu þér hand og fótsnyrtingu á Dong Fang Salon og fáðu litun og plokkun frítt. Tilboðið gildir til 1. júní. Sannkölluð sumargjöf!

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

### Hjólagrafa
Vantar mann á nýja 15 tonna hjólagröfu í Reykjavík. S. 892 8340.

Vantar mannskap, menn vana málningu eða múrverki. Uppl. í s. 770 6563.

Bonita snyrtistofa óskar eftir menntuðum snyrtifræðingi í 50% starf . Uppl. í síma 866 1867, Ingibjörg.

Lítið og traust fyrirtæki óskar eftir starfsmanni í þrif í 50-100% starf. Fyrirtækið sinnir þrifum á heimilum á afmörkuðu svæði á höfuðborgarsvæðinu. Sveigjanlegur vinnutími. Íslenskukunnátta æskileg. Nánari upplýsingar í síma 770 2221 eða aslaug12@gmail.com.

Háseti óskast á 6 tonna netabát í Reykjavík. Uppl. gefur Jón Gunnar í s. 693 1917.

### Hjólagrafa
Óska eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Mikil vinna í boði. Uppl. í s. 824 7565 & 696 6676.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Atvinna óskast !**
**Par á tvítugsaldri frá Litháen óskar eftir atvinnu.**
**Uppl. gefur Ómar í s. 821 0656.**

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

### Eldri iðnaðarmaður
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, hlaða veggi og pússa, einnig flísalögn. Uppl. í s. 866 3175.

Get bætt við mig verkum í flísa, parket og málningavinnu. Uppl. í s. 847 8588.

### Smiðir!
Hópur vaskra smiða ásamt kranamanni óskar eftir verkefnum margt kemur til greina. nánari uppl. í shc@hive.is.

30 ára kk bráðvantar vel launaða og mikla vinnu, fram í sept '08. Hef reynslu af útkeyrslu/sölumennsku, háþrýstiþvotti og matreiðslu. Er með meirapróf. S. 694 3480 eða redarmy@visir.is, Ólafur.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta**

**Spjalldömur**

**S. 908 6666**

**Opið allan sólarhringinn.**

45 ára kona vill kynnast eldri karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8413

Hér er kona sem syngur auglýsingu til karlmanna. Í auglýsingunni felast ákveðin skilaboð. Áhugasamir heyri og svari auglýsingunni hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8349.

Sögur fyrir karlmenn, ný upptaka, sú „innilegasta" í manna minnum, alveg hreint frábær út í gegn. (Hafið í huga: upptakan er 5 mín 40 sek á lengd.) Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8571.

Halló! 58 ára kona óskar eftir að kynnast manni með svipuð áhugamál. Hef áhuga á gömlu dönsunum, ferðalögum, útiveru, sundi og ýmsu fleiru. Reykleysi skilyrði. Uppl. sendist til Fréttablaðsins merkt: Með hækkandi sól

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

Reikalingi patirti turintys darbininkai risti armatura ir lieti is betono sienasbutina Anglu kalba
Tel. 858 8880.

## TIL LEIGU

Þarftu að leigja?
Rentus LEIGUMIÐLUN
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




## FASTEIGNIR

**HÍBÝLI FASTEIGNASALA**
SUÐURGATA 7, 101 REYKJAVÍK, • www.hibyli.is • hibyli@hibyli.is
**SÍMI 585 8800 · FAX 585 8808**

**OPIÐ HÚS, SUNNUDAGINN 20. APRÍL Á ÖLDUSLÓÐ 13, HAFNARFIRÐI MILLI KL. 14 OG 15,**




Höfum í sölu mjög góða íb. á tveimur hæðum í tvíb. ásamt bílsk. samtals 212 fm. Neðri hæð; gott eldh. með nýlegum innr. úr kirsuberjaviði, saml. stofur, svefnh. gestasn. þvottah. vinnuh. Efri hæð; fjögur svefnh. hjónah. með skápum, baðh. flísar á gólfum, baðk. Gólfefni, parket og flísar. Nýjar innihurðir úr kirsuberjaviði á neðri hæð svo og sólbekkir. Rafl. endurn. nýleg tafla. Mjög góð eign sem vert er að skoða. **VERÐ TILBOÐ.**

***TORFI OG MARGRÉT TAKA Á MÓTI GESTUM***

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

Frum

**EIGNAMIÐLUN**
sala fasteigna í 50 ár
**Sími: 588 9090**

**TRYGGVAGATA 4-6 — 5. HÆÐ**




Mjög góð og vel skipulögð 2ja herbergja 66,5 fm íbúð á 5. hæð í Hamarshúsinu. Góðar suðursvalir og mikið útsýni.

*EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (laugardag) FRÁ KL. 16:00-17:00. Verð 18,9 millj.*

*Heiðar Birnir sölumaður verður á staðnum 824 9092*

Frum

## Laxalind 3
201 Kópavogur
Mögul. á ódýrari eign uppí

**Stærð: 190,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1998**
**Brunabótamat: 30.660.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Bær






**Opið hús í dag kl. 16.00 - 17.00**

**Verð: 69.500.000**

Glæsilegt 5 herb. parhús, með innb. bílskúr. Samt. er húsið 206 fm., með óskráðu rými á neðri hæð, u.þ.b. 15,5 fm. að sögn eiganda. Möguleg skipti á ódýrari eign og á að yfirtaka lán a.m.k. 26 milljónir. Frábær útsýnisstaður. Húsið er á tveimur hæðum, með gæða innr. og gólfefnum og allt hið vandaðasta. Hátt til lofts á efri hæð. Tvennir sólpallar. Inng. er frá efri hæð. 15,5 fm. óskráð rými er nýtt sem þvottageymslu- og fataherb.

Eggert
Sölufulltrúi
**893-1819**
eggert@remax.is



Þórunn Eiðsd.
Lögg. fasteignasali
tse@remax.is



**RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is**

Verkalýðsfélagið Hlíf

**Umsóknarfrestur í orlofshús félagsins 2008.**

Umsóknarfrestur í orlofshús félagsins í sumar er til 22 apríl.

Umsóknareyðublöð eru á skrifstofu félagsins að Reykjavíkurvegi 64 og á netsíðu félagsins www. hlif.is / orlofshus.

**Stjórnin**

Verkalýðsfélagið Hlíf

**AÐALFUNDUR**

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn kl 20:00. þriðjudaginn 22. apríl 2008 í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Kaffiveitingar.

**Stjórnin.**

**ÁRSFUNDUR EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA GLITNIS BANKA HF.**

verður haldinn mánudaginn 5. maí nk. klukkan 17.15 á 5. hæð (Hólum) á Kirkjusandi.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar kynnt.
2. Ársreikningar kynntir.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt kynnt.
4. Fjárfestingarstefna kynnt.
5. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með umræðu- og tillögurétti.

**Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf.**

**Aðalfundur Lóðarfélagsins Móhellu 4 (a-e),**

verður haldinn mánudaginn 28. apríl n.k. kl. 18:00 í Gaflinum Hafnarfirði.
Dagskrá samkvæmt póstsendu fundarboði, upplýsingar á skrifstofu Eignaumsjónar hf. Suðurlandsbraut 30, Reykjavík

F.h. stjórnar Lóðarfélagsins Móhellu 4 – Eignaumsjón hf.

# Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

***Spennandi tækifæri !***

Veitingarekstur/aðstaða á Stjörnutorgi Kringlunnar til sölu.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma: **898-7924**

ATVINNA

VERKTAKAR MAGNI

**Verkstjóri**

Vantar vanan verkstjóra við jarðvinnuframkvæmdir til starfa strax .

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

AÞ-ÞRIF 899 9900

**Sumarstörf**

Almenn þrif - Bónstöð - Gluggaþvottur - Iðnaðarþrif
Óskum eftir starfsfólki á aldrinum 17 - 30 ára í sumarvinnu.
Upplýsingar gefur Jón Gunnar í síma 821-7743, jongunnar@ath-thrif.is www.ath-thrif.is

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

**Bílstjóri óskast**

**Furðufiskar ehf** sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Alduras takmark er 23 ár.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf - Fiskislóð 81a - 101 Reykjavík

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

**Starfsmaður óskast**

**Furðufiskar ehf** sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.

**Starfssvið:**
- Innkaup og pantanir
- Starfsmannahald/mönnun vakta
- Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum
- Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf - Fiskislóð 81a - 101 Reykjavík

## SEYÐIÐ SOPIÐ

Ekki eru til mörg skjalfest dæmi um að mótmæli við Ólympíuleika hafi haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi. Frægasta dæmið um slíkt er líklega ástralski spretthlauparinn Peter Norman. Hann er á frægri ljósmynd, sem birtist hér á síðunni, þar sem þeir Tommie Smith og John Carlos heilsa að sið Svörtu hlébarðanna í Mexíkó 1968.

Norman, sem er í algjört aukahlutverki á myndinni, átti eftir að súpa seyðið af atvikinu. Þeir Carlos og Smith áttu fyrir höndum farsælan feril í ameríska fótboltanum, þótt þeir hafi sætt hótunum frá einstaklingum. Norman lýsti yfir stuðningi við atvikið og aðstoðaði þá Carlos og Smith í hvívetna. Þegar til kastanna kom voru þeir bara með eitt hanskapar og það var Norman sem stakk upp á í bríaríi að annar hefði hanska á hægri hendi en hinn vinstri. Venjan er sú að heilsa með hanska á krepptum hægri hnefa.



Norman sendi hvítum samlöndum sínum tóninn og sakaði þá um yfirgang gegn öðrum þjóðflokkum. Ástralska ólympíusambandið tók á málinu af hörku og Norman var meinað að keppa á Ólympíuleikunum 1972. Þessi silfurverðlaunahafi naut eftir atvikið sannmælis sem íþróttamaður og er flestum gleymdum í dag; ólíkt þeim Carlos og Smith sem urður hetjur.

## SÁRNA MÓTMÆLI VESTURLANDABÚA



KRISTÍN ARANKA ÞORSTEINSDÓTTIR

Kínverjar eru stolt þjóð og val ólympíunefndarinnar á Peking hreyfði mjög við þjóðarstoltinu. Kristín Aranka Þorsteinsdóttir hefur búið í borginni í sjö ár. Hún hefur fylgst með undirbúningi leikanna, enda varla hægt að komast hjá því. Hún segir að strax daginn eftir að valið var tilkynnt hafi mátt sjá fjölda manns með derhúfur merktar Peking 2008. „Þetta er stórt mál hér, fyrsta stóra alþjóðlega samkoman og þetta á greinilega að koma Kína á kortið. Hér snýst allt um leikana,“ segir Kristín.

Hún segir mótmælin á Vesturlöndum hafa verið nokkuð í fréttum í Kína. „Já, bæði hefur verið sagt frá þeim í opinberum fjölmiðlum og svo hefur fjöldi Kínverja náttúrulega aðgang að netinu. Fólk hér upplifir þetta sem árás á Kína og þetta hefur frekar styrkt samheldni Kínverja en að vekja þá til umhugsunar um þau málefni sem mótmælt er. Almenningur hér er frekar sár út í mótmælendur.“


ÍSLENSK KLASSÍK




*Bernskan* er skáldævisaga Guðbergs Bergssonar. Hér er dregin upp ógleymanleg mynd af veröld sem var; af fátæku fólki og auðugu mannlífi, andblæ þorpsins og dulmagni bernskunnar.

Skáldævisagan kom upphaflega út í tveimur bindum, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* og *Eins og steinn sem hafið fágar*. Fyrir fyrri bókina hlaut Guðbergur **Íslensku bókmenntaverðlaunin 1997** og hin var tilnefnd ári síðar. Báðar voru tilnefndar til **Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2000.**

**Skáldævisaga Guðbergs í einni bók**

„Tónar Guðbergs Bergssonar eru tærir, gegnsæir og töfrandi fegurð þeirra suðar í höfði manns.“

Wolfang Müller / Die Tagezeitung

FORLAGIÐ

www.forlagid.is






**Rockwood fellihýsi**

Sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum með galvaníseraðri grind, fjöðrum fyrir akstur á erfiðum vegum og upphituðum lúxusdýnum.

Fjöðrun f. ísl. aðstæður · Evrópskar þrýstibremsur · Vatn tengt heitt/kalt · CD spilari/útvarp · 12 cm Upphitaðar lúxusdýnur

**Polar hjólhýsi**

Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir. Evrópskar þrýstibremsur, galvaníseruð grind, iDC stöðugleikakerfi og ríkulegur staðalbúnaður.

-40 °C 44mm einangrun · Evrópskar þrýstibremsur · iDC stöðugleikakerfi · Séstakur vínkælir · 19˝LCD skjár · DVD spilari




Opið allar helgar **12-16**
á virkum dögum **10-18**

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

**Fosshals 5-9 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600**
**Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is**

Útilegu maðurinn®

# Hefur sannað tilverurétt sinn

Fyrir rétt rúmu ári síðan var Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) sett á laggirnar. **Anna Hildur Hildibrandsdóttir** var ráðin framkvæmdastjóri og hefur hún sinnt þessu starfi af mikilli kostgæfni undanfarið ár og séð um að móta stefnu ÚTÓN. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* settist niður með Önnu Hildi eftir þetta fyrsta viðburðaríka ár og ræddi við hana um hvernig starfið á skrifstofunni hefur vaxið og dafnað.

ÚTÓN var stofnuð fyrir tilstuðlan Samtóns, sem eru regnhlífarsamtök rétthafasamtaka í tónlistargeiranum. Samstarfsaðilar að skrifstofunni eru Landsbanki Íslands og Útflutningsráð Íslands, en þar að auki leggja utanríkisráðuneytið, menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið fram fé til rekstursins. Þegar nægilegs fjár hafði verið aflað til þess að reka skrifstofuna í þrjú ár var Anna Hildur ráðin framkvæmdastjóri. ÚTÓN hefur á þessum tíma fest sig rækilega í sessi, byggt upp öfluga vefsíðu sem er andlit skrifstofunnar út á við, og sinnir mikilvægu markaðs- og kynningarstarfi. ÚTÓN hefur einnig staðið fyrir fjölda kynninga á viðburðum og hátíðum þar sem íslenskar hljómsveitir hafa komið fram.

Mikil ánægja hefur með störf ÚTÓN til þessa, bæði meðal Útflutningsráðs og helstu samstarfsaðila skrifstofunnar. „Þeir hafa allir lýst því yfir með einum eða öðrum hætti að verið sé að vinna gott starf, þannig að ég held að við séum í góðum málum. Það er allavega nóg að gera hjá okkur og það er næg eftirspurn eftir að fá að nýta skrifstofuna. Ef það er til einhver mælikvarði um hvort skrifstofan hafi sannað tilverurétt sinn eða ekki held ég að henni hljóti að hafa tekist það,“ segir Anna og örlítið stolt gerir vart við sig.

### Jákvætt andrúmsloft

Þegar Anna Hildur var nýbyrjuð í þessu starfi birtist viðtal við hana hér í Fréttablaðinu, en þá var hún stödd á SPOT hátíðinni í Danmörku þar sem Reykjavík!, Pétur Ben og Helgi Hrafn komu fram. Þá hafði Anna uppi háleitar hugmyndir um framtíð skrifstofunnar og því lá beinast við að spyrja Önnu hvernig þetta fyrsta ár hefur gengið. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt ár, jafnvel skemmtilegra en ég átti von á. Ég átti alltaf von á að þetta myndi ganga vel en það hefur skapast alveg einstaklega jákvæður andi í kringum þetta. Mikið og gott samstarf er við alla samstarfsaðila og auðvitað við tónlistarfólkið sjálft,“ svarar Anna Hildur og heldur áfram. „Við höfum formast og mótast, bæði eftir viðbrögðum og fyrirspurnum sem hafa komið til okkar. Það hefur myndast skemmtilegur díalógur milli okkar og þeirra sem eru í útrás og það hefur tekist mjög vel að byggja grunninn að einhverju þar sem fólk getur komið saman og unnið að árangri.“

Skemmtilegast af öllu finnst Önnu að nefna þann beina árangur sem orðið hefur af ÚTÓN. „Ein hátíð þar sem okkur tókst mjög vel upp var SPOT-hátíðin [árleg hátíð haldin í Árósum] en þar tókum við þátt í að kynna íslensku tónlistarmennina mjög vel. Þar fékk Helgi Hrafn Jónsson umboðsmann og er núna að túra með Teiti á þriggja mánaða heimsreisu og nýverið fór Pétur Ben á þriggja vikna tónleikaferð með Kaizers Orchestra í Noregi og það er líka tilkomið með þáttöku hans á SPOT-hátíðinni. Auðvitað er gaman þegar svona raunverulegur árangur hlýst og að við áttum þátt í því. En auðvitað eru það samt alltaf listamennirnir sem verða þess valdandi að einhver árangur náist.“



**ANNA HILDUR AÐ STÖRFUM Á FLATEYRI** Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar mætti að sjálfsögðu á Aldrei fór ég suður og sá meðal annars um ferð erlendra blaðamanna í Önundarfjörð. Skrifstofan hefur verið starfandi í rúmt ár og hefur á þessum stutta tíma svo sannarlega sannað tilverurétt sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

### Tíu þúsund fá fréttir frá ÚTÓN

Anna Hildur segir að fyrst og fremst hafi ÚTÓN náð að stimpla sig inn á þessum erfiða markaði sem tónlistarbransinn er. Fyrirspurnum til Önnu hefur fjölgað gríðarlega á þessu ári sem nú er liðið, sem er mjög jákvætt að sögn enda höfuðmarkmið skrifstofunnar að vera gluggi út á við. „Við eigum að vera með aðgengi að þeim tenglum og upplýsingum sem fólk þarf að utan. Í gegnum okkur á að vera hægt að tengjast viðskiptaböndum.“

Anna Hildur nefnir sérstaklega heimasíðu ÚTÓN (icelandmusic.is) sem lykilhlekk að árangri. Þar er að finna helstu þjónustu sem aðilar að tónlistarmarkaðnum þurfa á að halda. Þar eru einnig sagðar fréttir af íslensku tónlistarlífi, listamönnum, tónlistarhátíðum og svo framvegis. ÚTÓN sendir einnig út mánaðarlegt fréttabréf sem fer til um tíu þúsund manns um allan heim.

### Styðja þarf innviðina

Eftir allt bjartsýnistal verður samt ekki hægt að komast hjá því að spyrja út í það sem miður hefur farið á fyrsta starfsári ÚTÓN. „Ákveðnir þættir á heimasíðunni tóku lengri tíma í þróun en ég get ekki sagt annað en að allt hafi gengið vel og verið jákvætt,“ svarar Anna. Hún segir jafnframt að skrifstofan finni núna fyrir einhverjum takti sem skrifstofan fylgi eftir. Hún nefnir sem dæmi fræðslukvöld sem skrifstofan setti á laggirnar. „Við vissum ekki á hverju við áttum von. Við byrjuðum á námskeiði um styrki og sjóði, enda erum við alltaf að fá fyrirspurnir um slík mál. Við tókum saman efni þessu tengdu, héldum námskeið í Norræna húsinu og það var uppselt á það. Það kom okkur algjörlega í opna skjöldu að svona mikill áhugi væri á efninu en um 120 manns mættu á þriðjudagskvöldi.“

Anna sleppur samt ekki svona auðveldlega frá því að segja frá neikvæðum hliðum starfs síns. Hún er því áfram spurð hvað vanti fyrir íslenskan tónlistarmarkað í útrásarhugleiðingum. „Ég held að það vanti að styðja við innviðina. Við þurfum að styrkja viðskiptaumhverfið til þess að eiga betri möguleika á að eiga alþjóðleg viðskipti í kringum íslenska tónlist.“

Anna undrast að ekki sé unnið meira með íslenska tónlist því hún sé ein af okkar sterkustu greinum. „Fólk er mikið að tala um ímyndarmál Íslands, verið var að gera skýrslu um ímynd landsins og hvernig eigi að halda á ímyndarmálum. Íslenskt tónlistarfólk hefur skapað alveg gríðarlega sterka ímynd á alþjóðlegum vettvangi, en við þurfum sjálf að styrkja innviðina hér heima, byggja grunninn og styrkja viðskiptaumhverfið. Þannig lærum við betur að halda utan um viðskiptin til að það komi peningar.“ Anna nefnir einnig að bæta þurfi hringrás fjármagns í gegnum tónlistargeirann. Nálgast þurfi meira fjármagn til að skapa betra viðskiptaumhverfi sem yrði nægilega öflugt til að hvetja til alþjóðlegra viðskipta í tónlist. „Íslenskt tónlistarlíf þarf að fara í laxveiði, renna fyrir á öllum stöðum og sjá hvar bítur á,“ útskýrir Anna og hlær.

### Heimspressan liggur dolfallin

Að sögn Önnu er tónlistarbransinn að ganga í gegnum einhvers konar millibilsástand á heimsvísu og á meðan þessar breytingar eigi sér stað verði að nýta þau tækifæri sem bjóðast. En hver eru þessi tækifæri og hvernig á íslenskt tónlistarlíf að nýta sér þau? „Möguleikarnir eru mjög miklir. Íslenskir tónlistarmenn eru eftirsóttir og þeir fá mikla athygli.“ Anna nefnir sem dæmi að á Aldrei fór ég suður hafi verið 23 blaðamenn frá fjórum löndum. „Síðan birtast stórar greinar í heimspressunni þar sem fólk er dolfallið yfir hæfileikunum hérna og hvað sé mikil sérstaða og gróska í tónlistarlífinu. Okkur skortir þess vegna ekki athyglina eða áhugann en við þurfum að næra hann og koma okkar fólki í þau tengsl og á þá markaði sem þau geta virkilega uppskorið. Þrátt fyrir að plötusala hafi dregist saman er fullt af tækifærum þarna úti. Viðskiptamátinn er að breytast, meiri peningar eru til dæmis í tónleikahaldi. Það eru að skapast öðruvísi sambönd og við eigum alveg jafn mikla möguleika og allir aðrir. Ég tala nú ekki um að með þessari stafrænu byltingu sem er að festa sig í sessi eru möguleikar lítilla þjóða eins og Íslands í rauninni miklu meiri en þeir hafa nokkurn tíman verið.

### Sérstaðan felst í fjölbreytni

Eftir ár í mótun er komið að því að styrkja og bæta starf ÚTÓN enn frekar. „Við erum að skoða hvar við getum þróað betra tengslanet við tónlist með sérstöðu, eins og í heimstónlist. Við erum einnig að skoða hvernig við getum unnið með tónskáldum og klassíska geiranum. Þetta eru hlutir sem fá meiri athygli og vægi á þessu ári,“ segir Anna. Hugmyndin með því að sýna þessum geirum meiri athygli sé að útvíka hugmyndir fólks um íslenskt tónlistarlíf.

„Sérstaða íslensks tónlistarlífs felst í fjölbreytninni. Þetta er klisja sem maður rekst aftur og aftur á en útlendingar heillast af. Frjáls og óhefluð sköpunargleði einkennir tónlistarlífið og fólk tekur eftir því hvað lítið er farið eftir formúlum hér. Sérstaða íslensks tónlistarlífs felst þess vegna ekki bara í einhverju einu, sem sést best á því hverjir eru að ná árangri.

Þarna komum við einmitt að helsta hlutverki skrifstofunnar, sem er þetta samtal milli okkar og tónlistarmanna á öllum sviðum. Galdurinn að árangri er að við vinnum saman og áttum okkur á því hvað virkar og hvað ekki,“ segir Anna Hildur að lokum.

## ➜ UM ÚTÓN



**JÓN ÁSBERGSSON, FRAMKV.STJÓRI ÚTFLUTNINGSRÁÐS**

„Þó svo að skrifstofan hafi aðeins starfað í rúmt eitt ár hefur hún að mínu mati náð afar góðum árangri. Markaðs- og kynningarstarfið fór strax af stað og hefur verið mjög öflugt, og þar höfum við notið þeirra tengsla sem Anna Hildur hefur inn í þennan heim tónlistar í gegnum fyrri störf sín. Þá finnst mér líka ástæða til að benda á fræðslustarfið, sem boðið hefur upp á margar nýjungar sem hin unga stétt tónlistarfólks hefur móttekið með miklum fögnuði. Mér finnst því að starfið hafi tvímælalaust skilað árangri. Fyrir okkur hér hjá Útflutningsráði hefur það líka verið gefandi að hafa ÚTÓN sem samstarfsaðila og ég tel samstarfið gott dæmi um hvernig ólíkir aðilar geta haft gagn og gaman af nánu samstarfi.“



**MUGISON, TÓNLISTARMAÐUR**

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur tónlistarmenn sem erum í endalausum útrásarpælingum að geta leitað á einn stað og aflað okkur upplýsinga. Þá erum við sérstaklega heppin að hafa Önnu því hún á að baki margra ára reynslu í bransanum. Maður er oft að finna upp hjólið í þessu og þess vegna er gott að fá ráðleggingar frá Önnu um útrásarhugmyndir.“



**NÍNA MARGRÉT GRÍMSDÓTTIR, PÍANÓLEIKARI**

„Það er mikill fengur að tilkomu Útflutningsskrifstofunnar fyrir tónlistarfólk á Íslandi og á hún örugglega eftir að vaxa og dafna undir öruggri forystu Önnu Hildar. Ég hef tekið þátt í nokkrum tónlistarráðstefnum innanlands og erlendis á vegum Útflutningsskrifstofunnar á tímabilinu 2007-08. Þar má telja Popkomm í Berlín, Midem í Cannes og ráðstefnu um tónlist á veraldarvefnum sem haldin var í Reykjavík með þátttöku erlendra og innlendra fyrirlesara. Það er styrkur fyrir tónlistarfólk að eiga aðgengi að formlegri skrifstofu sem rekin er á sömu forsendum og skrifstofur annarra útflutningsgreina, þ.e. að markaðssetja og flytja störf tónlistarfólks út fyrir landsteinana. Slík skrifstofa hefur margfalt meiri möguleika á að ná árangri fyrir hönd sinna umbjóðenda heldur en einstaklingarnir, ástæðan er einfaldlega að vægi starfseminnar er meira gagnvart umheiminum.”

# GÓLF EFNA DAGAR

16. apríl - 2. maí

## 20% afsláttur af öllum flísum




### Eikarplanki

**Moland** eikarplanki, hvíttaður og mattlakkaður. Míkrófasaður.
Borðastærð 15x148x1.860 mm.
Molalock krækja.
146603

**5.390**




### Askparket

Askur Family, 3ja stafa lakkað.
Borðastærð 15 x 207 x 2.200 mm
146911

**3.190** kr/m²




### Plastparket, EuroClic 7mm

Hnotulíki 3ja stafa
Borðastærð 7 x 192 x 1.292 mm
Just Click krækja ekkert lím
146950

**995** kr/m²




### Eikarplanki, Moland

Mattlakkaður.
Borðastærð 15 x 148 x 1.860 mm
Molalock krækja ekkert lím
146602

**4.990** kr/m²




### Evrópskur hlynur

Hlynur Family, 3ja stafa.
Borðastærð 15 x 207 x 2.200 mm
146920

**2.890** kr/m²




### Plastparket, EuroClic 7mm

Eikarlíki 3ja stafa
Borðastærð 7 x 192 x 1.292 mm
Just Click krækja ekkert lím
146951

15 ára ábyrgð




### Gólfflísar Club Ceramica

**Keope**, gegnheilar frostþolnar gólfflísar, 4 litir svargráar, gráar, drapplitar og brúnar. 45x45 sm, til notkunar á gólf eða vegg.
8630740/41/42/43

FRÁBÆRT VERÐ

VERTU TIL VORIÐ KALLAR

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál




# Stórglæsilegt

**Frábært SportTrac vortilboð**
Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
4 dyra 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 371 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Vortilboð: 4.240.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.





**Frábært Explorer vortilboð**
Ford Explorer Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
7 manna 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 374 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Vortilboð: 5.750.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 230.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Skoðaðu vel vortilboð Brimborgar. Berðu það saman við sambærilega 4x4 bíla. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu eldsneytisnotkunina. Komdu í Brimborg.**

**Veldu Ford 4x4.**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Nýtt tákn um gæði



## Frábært Escape vortilboð

Ford Escape Limited AWD
3,0i V6 200 hö 261 Nm
5 dyra sjálfskiptur
CO2 losun 257 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,2 l/100 km
**Vortilboð: 4.230.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.



**Ís fyrir alla sem prófa nýjan Ford 4x4**

**Prófaðu nýjan Ford 4x4 í dag og þú svalar þér á einum ís. Komdu kaffi, ís og kleinur. Vorið er komið í Brimborg.**

**Opið í dag milli kl. 12 og 16.**

# í Ford Limited

## vortilboð bíður þín í Brimborg

## Frábært Edge vortilboð

Ford Edge Limited AWD
3,5i V6 265 hö 339 Nm
5 dyra 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 313 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,8 l/100 km
**Vortilboð: 5.690.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 240.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.





## Frábært Expedition vortilboð

Ford Expedition Limited Luxury 4x4
5,4i V8 300 hö 495 Nm
8 manna 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 425 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 16,8 l/100 km
**Vortilboð: 6.990.000 kr.***

Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 160.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni. Dráttarbeisli frá Ford er staðalbúnaður.

## Nýir notaðir úrvalsbílar Brimborgar

Komdu einnig við í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma. Skoðaðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn þinn. Skoðaðu úrvalið af Ford 4x4. Komdu í vorstemninguna. Við gerum næstum allt fyrir þig.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Mynd af Ford Escape er af Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## HEIMSMÁLIN MEÐ GORBATSJOV

gorbatsjov@frettabladid.is




**„NATO ER DAUÐI"** Meðal þeirra sem efndu til mótmæla í Úkraínu gegn aðild landsins að Nató var úkraínska rétttrúnaðarkirkjan. „Þú trúir enn á lýðræði: NATO er dauði – kjóstu lífið," stendur á spjaldi með mynd af George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem einn mótmælenda hélt á nú í byrjun mánaðarins á útifundi í Kænugarði. NORDICPHOTOS/AFP

# Alheimsglasnost á villuvegi

**Mikhaíl Gorbatsjov** segir að ríki heims hafi ekki önnur fjörutíu ár til að deila um þau brýnu úrlausnarefni sem nú bíða mannkyns. Í nýjustu grein sinni í *Fréttablaðinu* segist hann þó trúa því að heilbrigð skynsemi muni þrátt fyrir allt bera sigur úr býtum.

Þegar veröldin er yfirhlaðin vandamálum, þá fagna menn hverri vonarglætu.

Til allrar hamingju hefur alþjóðaverkefnum undanfarið bæði verið fjölgað og hraðað.

Fáeinir atburðir skera sig þar úr og má þar nefna leiðtogafund Breta og Frakka nýverið. Þar ræddu Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, tillögur um endurbætur á helstu alþjóðastofnunum, sem fyrir löngu hefði þurft að hrinda í framkvæmd. Forsetarnir Vladimír Pútín og George Bush ætla einnig að hittast innan skamms, að því er virðist til að tryggja á síðustu stundu framlög sín til brýnustu öryggismála. NATO og Evrópusambandið eru um þessar mundir að taka grundvallarákvarðanir varðandi fjölgun aðildarríkja og samskipti við Rússland.

Allir virðast sammála um að þörf sé fyrir alþjóðlega stjórnskipan að einhverju marki svo forðast megi öngþveiti á alþjóðavettvangi, en spurningin er eftir sem áður: Hver á að fara með stjórnina?

### Keppt um völdin

Helstu keppinautarnir hafa kynnt stefnumál sín. Fyrir stuttu voru Bandaríkin þátttakendur í miklu óðagoti við að toga Úkraínu inn í NATO (jafnvel þótt meirihluti Úkraínubúa sé algerlega andvígur því). Bush forseti reyndi án árangurs að þrýsta á trega bandamenn sína í Evrópu um að taka fagnandi á móti Úkraínu og öðru fyrrverandi Sovétlýðveldi, Georgíu.

Í Írak höfum við séð skelfilegar afleiðingar af íhlutun Bandaríkjamanna sem beita valdi til að leysa erfið alþjóðamál.

Annar keppinautur um völdin á alþjóðvettvangi, G-8 ríkjahópurinn, nýtur ekki þeirrar alþjóðlegu viðurkenningar sem myndi gefa honum raunverulega valdheimild til að blanda sér í sameiginleg áhyggjuefni jarðarbúa.

Bandalag lýðræðisríkja, sem bandarískir forsetaframbjóðendur hafa viðrað tillögur um að stofna skuli, myndi enn síður njóta trúverðugleika. Hver ætti að taka ákvörðun um það hverjir eru þess verðir að hljóta aðild og hver yrðu inntökuskilyrðin? Þetta bandalag ætti væntanlega að koma í staðinn fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Sú staðreynd að bæði Kína og Rússland yrðu útilokuð eins og einn frambjóðandinn, John McCain, benti á nýverið, nægir til að gera þetta marklaust frá upphafi.

> Veröld sem er nýsloppin út úr tvískiptingu andstæðra fylkinga yrði enn á ný klofin í tvennt milli „góðu gæjanna" og „vondu gæjanna". Landið mitt yrði í flokki hinna síðarnefndu, rétt eins og væri það „glæparíki"

### Hættuleg tillaga

Tillaga af þessu tagi er ekki bara fáránleg heldur hættuleg: Veröld sem er nýsloppin út úr tvískiptingu andstæðra fylkinga yrði enn á ný klofin í tvennt milli „góðu gæjanna" og „vondu gæjanna". Landið mitt yrði í flokki hinna síðarnefndu, rétt eins og væri það „glæparíki". Rússland, sem lagði meira af mörkum en nokkurt annað ríki til að ljúka kalda stríðinu, er af vestrænum stjórnmálamönnum og fjölmiðlum sakað um „hefndarstefnu", um kúgunartilburði í krafti kjarnorku og orkuauðlinda, um tilraunir til að brjóta nágrannaríkin undir sig.

Raunveruleikinn í samskiptum Rússlands við önnur lönd, þar á meðal nágrannaríki sín, er gerólíkur þessari dökku mynd. Á síðustu mánuðum hafa orðið verulegar breytingar til hins betra eftir áralangar þrætur við Pólland og Lettland. Rússland og Úkraína eru að ná sáttum um erfið orkumál. Samskiptin við Georgíu eru að komast á loft nú þegar beint flug milli landanna er hafið.

### Sameiginlegir hagsmunir

Sameiginlegir hagsmunir Rússlands og nágrannaríkja þess eru of mikilvægir til þess að fórna þeim á altari metnaðar, leynimakks eða sársaukafullrar fortíðar. Nú má sjá ýmis merki um að stjórnmálamenn séu farnir að átta sig á þessu og byrja að haga sér í samræmi við þann skilning.

Samt sem áður eru þeir til, sem eru lítt hrifnir af og reyndar andsnúnir þessari jákvæðu þróun. Í hópi bandarískra stjórnmálamanna virðast allnokkrir taka undir hina frægu reglu Zbigniews Brzezinski um að því stærra sem bilið er á milli Rússlands og Úkraínu, því betra sé það fyrir lýðræðið. En á hinn bóginn á maður erfitt með að sjá minnsta lýðræðisvott í því að þröngva Úkraínu inn í NATO. Maður hefði haldið að bandaríski öldungadeildarþingmenn hefðu annað á sinni könnu en að samþykkja ályktun um stuðning við að stækkun NATO verði hraðað. Samt þráast þeir við og leika sína landfræðipólitísku leiki sem eru alls óskyldir ábyrgum alþjóðastjórnmálum eða þeim raunverulegu vandamálum sem steðja að æ alþjóðavæddari heimi.

### Heljartök fortíðar

Ég er nýkominn frá ráðstefnu í Túrin á Ítalíu þar sem samtökin World Political Forum, þar sem ég er forseti, og Rómarklúbburinn, alþjóðleg hugmyndaveita í fremstu röð, ræddu brýnustu heimsmálin eins og þau blasa við nú 40 árum eftir að fyrsta skýrsla klúbbsins kom út, fyrsta „alþjóðlega viðvörunin" sem hann sendi frá sér.

Við gátum ekki annað en viðurkennt þá staðreynd að varnaðarorð og tillögur snjöllustu hugsuða heims hafa ekki hlotið mikla athygli. Að verulegu leyti er það Kalda stríðinu að kenna, en jafnvel endalok þess hafa ekki skilað þeim árangri sem búist var við. Vopnakapplaupið, sem nú er að hefjast á ný, er skýrasta merki þess að við erum ekki laus úr heljartökum fortíðarinnar.

### Höfum ekki önnur 40 ár

Við höfum ekki önnur 40 ár til þess að átta okkur á þeim raunverulegu og brýnu málefnum sem bíða úrlausnar mannkynsins. Þetta eru öryggismál, fátækt og sú ógn sem steðjar að umhverfinu. En á meðan pólitísk forgangsröðun er jafn skekkt og nú, þá eru engar líkur til þess að þær bjargir, sem við bæði höfum þörf fyrir og ráðum yfir, verði notaðar í almannaþágu til að takast á við þessi úrlausnarefni.

Heiti nýlegrar bókar eftir Nóbelsverðlaunahafann Joseph Stiglitz segir allt sem segja þarf: „Þriggja trilljón dollara stríðið: Hinn raunverulegi kostnaður átakanna í Írak." Að mati sumra jafnast þetta á við kostnaðinn af heimsstyrjöldinni fyrri, og jafnvel heimsstyrjöldinni síðari – á tímum þegar milljarður manna hefur innan við einn dollara á dag til að sjá sér farborða.

Þrátt fyrir þetta verður maður að vera bjartsýnn. Ég trúi því enn að heilbrigð skynsemi muni bera sigur úr býtum, að fjölmiðlar, sem gera sér grein fyrir alþjóðlegri ábyrgð sinni, séu færir um glasnost á heimsmælikvarða og að stjórnmálamenn geti verið raunverulegir þjóðarleiðtogar. Í sameiningu verðum við að móta betri stefnu fyrir betri 21. öld.

### Gorbatsjov skrifar um heimsmálin

**Þetta er níunda greinin um alþjóðastjórnmál eftir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels, sem birtist í Fréttablaðinu í samvinnu við The New York Times Syndicate. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenju góða yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Gorbatsjov stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála og stjórnmála, The Gorbachev Foundation.**

**Lesendur Fréttablaðsins hafa tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið gorbatsjov@frettabladid.is merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.**



# Europris

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola, 33 cl 50

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# OPNUM Í HAFNARFIRÐI

## að Tjarnarvöllum 11, kl 13 í dag

FJÖLDI TILBOÐA Í TILEFNI DAGSINS

**2990**
KULDAGALLI
- L - XXL

1 ltr

**199**
FAIRY UPPÞVOTTALÖGUR
- 1 ltr

**5990**
SÓLHÚSGAGNASETT
- Borð og 2 stólar í setti (3 litir)

**99**
SALERNISPAPPÍR
- 8 í pk
- Miljø-spar

**39** pr. stk
FAXE - 33 CL
- Faxe Kondi
- Faxe Kondi Light
- Faxe Free

**39** pr. stk
NIKOLINE - 33 CL
- Appelsínu og sítrónu

**1990**
HERRASKÓR
- St 40 - 46

TAKMARKAÐ MAGN!

**9.990**
GARMIN nüvi 200
- GPS staðsetningatæki
- Kort af Norðulöndum fylgir
- Hægt að setja Íslandskort í
- 3,5'' LCD snertiskjár
- 147 gr

**790**
GRÓÐURMOLD - 50 LTR

**4990**
GRÓÐURKASSI
- Plast

TILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM EUROPRIS
Opið frá kl. 10 til 18 um helgar

www.europris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi

# Afmælisveisla í New Orleans

Tíu ára afmæli V-dagsins var haldið hátíðlegt í Superdome-íþróttahöllinni í New Orleans um síðastliðna helgi. Sunna *Dís Másdóttir* fylgdi þeim **Þóreyju Vilhjálmsdóttur, Hildi Sverrisdóttur og Ingibjörgu Stefánsdóttur** til borgarinnar.



**SUPERLOVE** Þær Hildur Sverrisdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir og Þórey Vilhjálmsdóttir voru fulltrúar íslensku V-dagssamtakanna á tíu ára afmælishátíðinni í New Orleans um síðustu helgi.



**EVE ENSLER** Höfundur Píkusagna og upphafsmanneskja V-dagsins, Eve Ensler, bauð þátttakendur á Superlove velkomna til „píku Bandaríkjanna", New Orleans. Hún kom einnig fram á uppsetningu á Píkusögum á lokakvöldi ráðstefnunnar, ásamt stjörnum á borð við Jane Fonda, Jennifer Hudson, Rosario Dawson og Jennifer Beals.

NORDICPHOTOS/GETTY

Það eru einungis fimm dagar liðnir frá því að Eve Ensler bað þátttakendur í Superlove, tíu ára afmælishátíð V-dagssamtakanna, velkomna til „píku Bandaríkjanna", þegar blaðamaður hittir þær Þórey Vilhjálmsdóttur og Hildi Sverrisdóttur á töluvert hljóðlátara, og minna bleiku, kaffihúsi í Reykjavík. Þær ferðuðust til New Orleans, ásamt Ingibjörgu Stefánsdóttur, sem fulltrúar íslenska V-dagsins, sem hefur verið haldinn hér á landi frá árinu 2002. Eftir erfiðleika á síðasta ári ákvað stjórn V-dagssamtakanna að taka sér hlé frá V-dagshaldi í ár. Eins og Þórey sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrr í mánuðinum leit stjórnin svo á að förin til New Orleans yrði þeim tækifæri til endurbyggingar og til að fá innblástur að áframhaldandi starfi. Hún segir það svo sannarlega hafa orðið raunin.

### Alþjóðlegur innblástur

„Við fengum tvímælalaust innblástur, og að miklu leyti frá því alþjóðlega baráttufólki sem við hittum. Þegar maður sér hvað þau hafa verið að gera frábæra hluti langar mann einhvern veginn alltaf til að gera betur og meira. Það hefur mikil áhrif á mann," segir Þórey. „Við erum mjög þakklátar fyrir að hafa komist þetta, sem við gátum gert vegna dyggs stuðnings frá Landsbankanum, sem hefur stutt við bakið á okkur frá upphafi," bætir hún við.

„Okkur fannst líka áhugavert að þrátt fyrir að við kæmum frá svona ólíkum menningarheimum og aðstæðum fann hver einasta manneskja þarna inni samhljóm í því af hverju við vorum þarna," segir Hildur. „Það er mikilvægt fyrir okkur að fara á svona atburð, því þar er svo mikil nálægð við konur sem búa yfir gríðarlega mikilli þekkingu á þessum málaflokki, og því auðvelt að búa til tengslanet. Við kynntumst til dæmis tveimur konum sem eru báðar framarlega í baráttunni gegn mansali. Önnur er yfir þeirri deild hjá Sameinuðu þjóðunum, og hin er að framleiða kvikmynd um mansal í Nepal. Nú eru því hæg heimatökin að nota þekkingu þeirra til að taka þetta málefni upp á Íslandi, og það er eitthvað sem við munum eflaust nýta okkur," segir hún.

### Ísland beitir sér fyrir Kongó

Á umfangsmikilli dagskrá ráðstefnunnar voru meðal annars pallborðsumræður með fulltrúum samtakanna víða að úr heiminum. Þórey tók þátt í einum slíkum, þar sem saman voru komnar baráttukonur frá Bandaríkjunum, Kenía, Gvatemala, Pakistan og Filippseyjum. Á öðru pallborði ræddu fulltrúar frá New Orleans, Króatíu, Kongó, Afganistan og Írak um stöðu kvenna á átakasvæðum. Sérstakri athygli var beint að Kongó, sem verður í brennidepli á næsta ári, þegar V-day og Unicef opna áfangaheimili, City of Joy, fyrir stúlkur og konur við Panzi spítalann í Bukavu, þar sem læknirinn Dr. Denis Mukwege hlúir að stúlkum sem hefur verið misþyrmt skelfilega. Stjórn íslensku samtakanna hefur ákveðið að taka þátt í verkefninu í Kongó á næsta ári.

„Þetta verður í fyrsta skipti sem við munum taka þátt í svona alþjóðlegu baráttumáli samtakanna. Þau velja eitt svona verkefni á hverju ári, en hingað til höfum við alltaf einbeitt okkur að Íslandi," útskýrir Þórey. „Það var alveg frábært að fá að hitta Dr. Mukwege, hlusta á hann og kynnast honum og því sem hann og Christine Schuler Deschryver, sem starfar líka í austurhluta Kongó, eru að gera. Hann sagði okkur til dæmis sögu af fjórtán ára stelpu sem hann tók á móti í skelfilegu ástandi, og þurfti að senda aftur út í heiminn skömmu síðar. Hún kom til baka tveimur árum síðar og hafði þá aftur verið nauðgað og var komin með eyðni. Þá finnur maður hvað það er mikil þörf fyrir einmitt þetta áfangaheimili," segir hún.

Starf íslensku V-dagssamtakanna á næsta ári verður með allt öðrum áherslum en venjulega, en eins og Hildur bendir á hefur barátta þeirra hingað til ekki heldur verið með nákvæmlega sama sniði og í flestum öðrum löndum.



**KONGÓ Í FÓKUS** V-dagurinn mun á næsta ári beina sjónum sínum að Bukavu í Kongó, þar sem Dr. Denis Mukwege og baráttukonan Christine Schuler Deschryver taka á degi hverjum á móti stúlkum sem hefur verið nauðgað og misþyrmt.

„Við ákváðum strax að fara ekki sömu leið og samtökin gera yfirleitt, sem er að halda viðburði í kringum Píkusögur, safna peningum og leggja í einhver ákveðin, eyrnamerkt verkefni. Íslensku samtökin eru líka þau einu sem aldrei hafa fengið peninga frá alþjóðlegu samtökunum. Við höfum haft aðrar áherslur og kannski ekki heldur fundist réttlætanlegt að það ætti frekar að nota peningana þar sem þörfin er brýnni. Á Íslandi er mun meiri þörf á almennri hugarfarsbreytingu gagnvart ofbeldi gagnvart konum. Núna ætlum við að skipta aðeins um áherslur og reyna að safna fé til styrktar þessu verkefni, þó við séum auðvitað alls ekki hætt að reyna að breyta hugarfarinu hér á landi," segir Hildur.

### Eftirtektarvert starf á Íslandi

Það liggur í augum uppi að sá veruleiki sem íslensku samtökin starfa í er talsvert frábrugðinn þeim sem til dæmis afgönsku og írösku fulltrúarnir töluðu um á ráðstefnunni. Íslensku samtökin þykja þó eftirtektarverð um margt. Ráðstefnugestum þótti ekki síst mikið til þess koma að íslenskar alþingiskonur hefðu tekið þátt í uppsetningu á Píkusögum hér á landi, og að forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, væri fyrstu „Vagina Warrior President" í heimi.

„Eve og stjórnin öll eru mjög hrifnar af því sem við höfum verið að gera, sem er mjög gaman og mikil viðurkenning fyrir okkur. Við höfum kannski verið svolítið frumleg í okkar starfi, og kannski frumlegri en við gerðum okkur grein fyrir til að byrja með," segir Þórey.

„Fyrsti fundurinn sem við áttum með Eve, þegar hún kom til landsins árið 2005, var líka svolítið fyndinn. Við héldum fund í Bláa lóninu, Þórey var með PowerPoint kynningu og við sögðum þeim frá markmiðunum okkar og stefnumótun, hvernig við vildum vinna þetta og hafa V-daginn. Eve sagði eftir á, „Þetta er fyrsti V-dagsfundurinn sem ég kem á þar sem einhver annar en ég byrjar að tala"," segir Hildur og hlær við.



**ALÞJÓÐLEG BARÁTTA** Þórey Vilhjálmsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum með fulltrúum V-dagsins frá löndum á borð við Pakistan, Kenía og Filippseyjum.

„Þær fengu líka svolítið sjokk á V-deginum 2005. Það er yfirleitt alltaf sama form á V-deginum, þar sem einræðurnar í Píkusögum eru til dæmis alltaf fluttar í sömu röð og þar fram eftir götunum. Við vorum búnar að fá leyfi til að breyta því aðeins, en þær vissu svo sem ekkert nákvæmlega hvernig. Þeim brá svolítið þegar þær sáu V-daginn hér, því við höfðum bara valið þær einræður sem við vildum nota og vorum með fullt af atriðum inn á milli, eins og við höfum alltaf gert. Þær skildu ekkert hvað var að gerast, en urðu mjög hrifnar af þessu formi," útskýrir Þórey.

„Það skemmtilega var að á laugardagskvöldinu í New Orleans, þar sem Píkusögur voru settar upp með fullt af Hollywoodstjörnum, sáum við að þær höfðu notað svipað form og það sem við höfðum lagt upp með," bætir Hildur við.

### Superlove í sárri borg

Dagskrá Superlove markaðist að miklu leyti af því að hátíðahöldunum hafði verið valinn staður í New Orleans, borg sem er enn í sárum eftir að fellibylurinn Katarína reið þar yfir í ágúst 2005.

„Það má segja Eve Ensler til hróss að hún hefur mjög gott næmi fyrir því á hvern er hallað í heiminum hverju sinni. Það var algerlega tímabært að vekja athygli á því hvað átti sér stað þarna, því fjölmiðlaumfjöllun virðist hafa verið svolítið ábótavant, og alls ekki verið fjallað um allt sem átti sér stað," segir Hildur.

„Það var greinilega mikil stemning fyrir Superlove í borginni, og fólk, bæði konur og karlar, var mjög þakklátt fyrir að Eve hefði valið þessa borg fyrir afmælið, því það hefði náttúrulega getað verið haldið hvar sem er," skýtur Þórey inn í.

„Það er sannfæring Eve að stríð bitni oftast verst á konum, þó að myndirnar sem við sjáum í sjónvarpinu séu yfirleitt af karlmönnum með byssur, og hún hefur talað mikið um aðstæður kvenna á stríðshrjáðum svæðum" segir Hildur. „Í New Orleans talaði hún hins vegar um stöðu kvenna í aðstæðum þar sem samfélagið hreinlega brotnar. Þær verða svo auðveld fórnarlömb í þeirri eymd og biturð og gremju sem skapast í slíkum aðstæðum, eins og átti sér stað inni í Superdome, þar sem fleiri þúsund manns leituðu skjóls frá fellibylnum," útskýrir Hildur. „Það gerðust greinilega svo hræðilegir hlutir þarna að það var lítið um þá talað, enda ríkti þar algjör lögleysa. Konunum í New Orleans var mikil virðing sýnd með því að halda hátíðina þarna, og svo sá V-dagurinn líka um að flytja tólf hundruð konur aftur heim um þessa helgi, konur sem höfðu ekki snúið aftur eftir storminn," bætir hún við.

### Áþreifanlegur árangur

Á fimmtudagskvöldinu, degi áður en hin eiginlega dagskrá Superlove hófst, fengu íslensku fulltrúarnir beina innsýn í þá uppbyggingu sem er enn í gangi eftir Katarínu. Þeim, ásamt öðru baráttufólki og þeim stórstjörnum frá Bandaríkjunum sem einnig tóku þátt í atburðinum, var þá boðið til kvöldverðar í nýuppgerðri kirkju í fátækrahverfi í borginni.

„Eftir Katarínu kynntist Eve konu sem heitir Miss Pat. Hún var úr fátækrahverfi, og var alveg miður sín yfir því að kirkjan hennar, sem var hornsteinn samfélagsins og vettvangur til að hjálpa fólki sem hafði það enn verra, hefði eyðilagst í storminum," útskýrir Þórey. „Eve sá hvað þetta var henni mikilvægt, safnaði fé og lét byggja kirkjuna aftur. Á fimmtudagskvöldinu tóku Miss Pat og hennar fólk á móti okkur með heimatilbúnum mat sem þær höfðu verið að elda frá því klukkan sex um morguninn. Það var alveg dásamlegt, og svo gaman að finna hvað þetta snertir þau beint og hvað þau voru þakklát. Á sama tíma sá maður hvað stormurinn hefur breytt miklu. Þetta hverfi var alveg lokað, það var dregið fyrir glugga og enginn var á ferli. Áður var það víst þannig að fólk sat úti á pöllunum sínum, allir umgengust alla og það var mikil stemning á götunum. Núna snýst þetta ekki bara um að það séu allir farnir, því þeir sem eru eftir eru hræddir. Þegar fólk hefur það verra verður meira um glæpi og eymdin eykst. Þetta er vítahringur," segir Þórey, sem segir það hafa verið frábæra hvatningu að sjá á svo áþreifanlegan hátt hverju samtökin geta fengið breytt.

„Sérstaklega af því að við hérna á Íslandi erum helst að berjast við ósýnilegan óvin, því hugarfar er ekki beint áþreifanlegt. Þetta er ekki eins og í stríði þar sem það er augljóst hver óvinurinn er. Við erum bara með svona fræðilegan óvin sem við vitum ekki alveg hver er, en við erum að reyna að tala við hann og ætlum að halda því áfram," segir Þórey.


SUMARLISTINN
ER KOMINN ÚT
KOMDU OG GRÍPTU
SUMARGJÖFINA ÞÍNA
SUMARIÐ KEMUR
Kr. 1.160
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á FJARSTÝRÐUM TÆKJUM
FRÁ DANBAR
DANBAR TOYS
AÐEINS Í MIÐHRAUNI
Verð frá
Kr. 100
FULLT, FULLT
AF SÁPUKÚLUM
SCOOTER
Kr. 4.990
MUNIÐ NAMMIBARINN
NAMMIBAR
50% AFSLÁTTUR
ALLAR HELGAR
JUST 4 KIDS
VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA
JUST 4 KIDS express
FAXAFENI
OPIÐ ALLA DAGA KL. 11 - 19




# Hver er sá besti?

Tíu knattspyrnumenn koma til greina sem **Besti knattspyrnumaður Íslands frá 1946-2008**. Feðgarnir Arnór og Eiður Smári Guðjohnsen eru báðir á listanum. Fram undan eru sjónvarpsþættir á Stöð 2 Sport 2 um hvern og einn.

Stöð 2 Sport 2 mun í samvinnu við KSÍ framleiða sjónvarpsþætti um tíu bestu knattspyrnumenn Íslands frá 1946-2008. Byrjað verður að sýna þættina, sem verða í umsjá Arnars Björnssonar, í maí og mun sýningum ljúka í lok júlí. Að þeim loknum gefst almenningi kostur á að velja besta knattspyrnumann Íslands á visir.is.

Sjö manna dómnefnd valdi tuttugu leikmenn og almenningur kaus síðan á visir.is um hvaða tíu leikmenn fá þann heiður að fá heilan sjónvarpsþátt um sig. Í október verður síðan galaveisla þar sem valinn verður besti knattspyrnumaður Íslands. Nú er orðið ljóst hvaða tíu leikmenn koma til greina sem sá besti. Það er vissulega erfitt að bera saman afrek íslenskra knattspyrnumanna á mismunandi tímum því óhætt er að segja að við vitum meira um frammistöðu Eiðs Smára Guðjohnsen, sem er á skjánum í hverjum leik, en Albert Guðmundsson sem Íslendingar sáu aldrei spila með sínu liði þegar hann var upp á sitt besta. Glæsilegir fulltrúar íslenskrar knattspyrnu í gegnum tíðina skipa þennan tíu manna lista en nánari útlistun á þeim má finna hér.

Þeir leikmenn sem fengu ekki náð fyrir augum lesenda visir.is voru eftirtaldir í stafrófsröð: Arnar Gunnlaugsson, Ellert B. Schram, Eyjólfur Sverrisson, Hermann Gunnarsson, Hermann Hreiðarsson, Ingi Björn Albertsson, Jóhannes Eðvaldsson, Pétur Ormslev, Teitur Þórðarson og Þórólfur Beck. - óój



## ARNÓR GUÐJOHNSEN

**Fæddur:** 30. apríl 1961
**Leikstaða:** Framliggjandi miðjumaður
**Landsleikir/mörk:** 73/14 (1979-97)
**Félög:** Víkingur, SK Lokeren, Anderlecht, Bordeaux, BK Häcken, Örebro SK, Valur, Stjarnan.
- Skoraði fernu með landsliðinu gegn Tyrkjum 17. júlí 1991
- Varð Belgíumeistari þrjú ár í röð 1985-87
- Varð belgískur bikarmeistari tvö ár í röð 1988-89
- Varð markakóngur og kosinn bestur í Belgíu 1987 er hann skoraði 19 mörk í 34 leikjum
- Spilaði til úrslita í Evrópukeppni bikarhafa 1990

**Vissir þú?** Arnór náði fyrstur Íslendinga 500 deildarleikjum, með Val í 1. deildinni sumarið 2000. Arnór lék alls 523 deildarleiki á ferlinum, þar af 458 þeirra í efstu deild. Arnór skoraði 138 mörk í þessum leikjum.



## ALBERT GUÐMUNDSSON

**Fæddur:** 5. október 1923 (Dó 7. apríl 1994)
**Leikstaða:** Framliggjandi miðjumaður
**Félög:** Valur, Glasgow Rangers, Arsenal, Nancy, AC Milan, Racing Club, Nice, ÍBH.
**Landsleikir/mörk:** 6/2 (1946-1958)
- Skoraði mörk Íslands í 2-4 ósigri gegn Norðmönnum 1947
- Fékk viðurnefnið Hvíta perlan í Frakklandi
- Lék með AC Milan veturinn 1948-49
- Var formaður KSÍ 1968-1973

**Vissir þú?** Albert var fyrsti Íslendingurinn til þess að spila bikarúrslitaleik þegar hann lék um franska bikarinn með Racing Club de Paris 14. maí 1950 á Ólympíuleikvanginum í Colombes fyrir framan 61.722 áhorfendur. Racing tapaði leiknum 0-2 fyrir Stade de Reims þar sem bæði mörkin komu á síðustu níu mínútunum.



## RÚNAR KRISTINSSON

**Fæddur:** 5. september 1969
Leikstaða: Miðjumaður
**Félög:** KR, Örgryte IS, Lilleström, Lokeren.
**Landsleikir/mörk:** 104/3 (1987-2004)
- Fyrstur til þess að spila 100 A-landsleiki, með 3-0 sigri á Litháum 11. júní 2003
- Lék alls 143 landsleiki fyrir öll lið
- Varð bikarmeistari með KR 1994
- Lék sinn síðasta landsleik í 2-0 sigri á Ítölum 2004
- Var kosinn besti leikmaðurinn í Noregi 1999 af öðrum leikmönnum

**Vissir þú?** Rúnar fékk flest atkvæði í kjöri úrvalsliðs bestu leikmanna Lokeren í hundrað ára sögu félagsins. Rúnar lék með félaginu í sjö ár og á þeim tíma lék hann 192 deildarleiki og skoraði í þeim 39 mörk.

## PÉTUR PÉTURSSON

**Fæddur:** 27. júní 1959
**Leikstaða:** Framherji
**Landsleikir/mörk:** 41/11 (1978-90)
**Félög:** ÍA, Feyenoord, Anderlecht, Royal Antwerp, Hércules CF, KR, Tindastóll.
- Skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Feyenoord á Ajax í bikarúrslitum 1980
- Skoraði 49 mörk í 88 deildarleikjum með Feyenoord
- Tryggvi ÍA tvisvar bikarinn með sigurmarki í úrslitaleik, 1978 og 1986
- Varð fyrsti Íslendingurinn til þess að spila í spænsku 1. deildinni
- Skoraði 35 mörk í 35 deildarleikjum á sínum tveimur fyrstu alvöru tímabilum með ÍA

**Vissir þú?** Pétur á bæði markamet Íslendinga á tímabili heima og erlendis. Hann varð sá fyrsti sem skoraði 19 mörk í íslensku deildinni 1978 og enginn hefur skorað fleiri deildarmörk á tímabil en Pétur gerði í hollensku deildinni 1979-1980 en Pétur skoraði þá 23 mörk í 33 leikjum.






## GUÐNI BERGSSON

**Fæddur:** 21. júlí 1965
**Leikstaða:** Varnarmaður
**Félög:** Valur, Tottenham, Bolton.
**Landsleikir/mörk:** 80/1 (1984-2003)
- Var 30 sinnum fyrirliði íslenska landsliðsins
- Varð tvisvar Íslandsmeistari með Val 1985 og 1987
- Vann sína þrjá síðustu leiki á ferlinum, 1 með Bolton og 2 með landsliðinu
- Spilaði alls 270 deildarleiki með Bolton
- Ísland vann 3-0 sigur á útivelli á Litháen í síðasta landsleiknum hans og jafnframt síðasta leiknum á ferlinum
- Átti leikjamet landsliðsins 1997-1999

**Vissir þú?** Guðni er sá íslenski leikmaður sem hefur komist næst því að spila bikarúrslitaleik á Wembley en hann sat á bekknum allan tímann þegar Tottenham varð bikarmeistari 1991. Tottenham vann Nottingham Forest 2-1 í úrslitaleiknum.




## ATLI EÐVALDSSON

**Fæddur:** 3. mars 1957
**Leikstaða:** Miðjumaður
**Félög:** Valur, Dortmund, Fortuna Düsseldorf, Bayer Uerdingen, Genclerbirligi, KR og HK.
**Landsleikir/mörk:** 70/8 (1976-1991)
- Var 31 sinni fyrirliði íslenska landsliðsins sem er met
- Annar markahæstur í vestur-þýsku Bundesligunni 1983 með 21 mark
- Skoraði 5 mörk í 5-1 sigri Fortuna Düsseldorf á Frankfurt 4. júní 1983
- Varð tvisvar Íslandsmeistari með Val, 1976 og 1978.
- Náði þriðja sæti í Bundesligunni með Bayer Uerdingen 1986

**Vissir þú?** Atli er markahæsti leikmaður Íslands í þýsku Bundesligunni en hann skoraði alls 59 mörk í 224 leikjum fyrir Borussia Dortmund, Fortuna Düsseldorf og Bayer Uerdingen frá 1980-1988.



## SIGURÐUR JÓNSSON

**Fæddur:** 27. september 1966
**Leikstaða:** Miðjumaður
**Félög:** ÍA, Sheffield Wednesday, Barnsley, Arsenal, Örebro SK, Dundee United.
**Landsleikir/mörk:** 65/3 (1983-1999)
- Sigurður varð tvöfaldur meistari með ÍA 1983 og 1984.
- Vann alls sex Íslandsmeistaratitla með Skagamönnum
- Var kosinn Knattspyrnumaður ársins 1993 þegar Skagamenn unnu tvöfalt og skoruðu 72 mörk í 22 deildar- og bikarleikjum.
- Kaupverð Arsenal á honum í júlí 1989 var 475.000 pund og ákveðið fyrir sérstökum dómstóli
- Lék tvo leiki með Arsenal þegar liðið varð Englandsmeistari 1990/91 en lék ekki nógu marga leiki til að fá verðlaunapening

**Vissir þú?** Sigurður varð yngsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi þegar hann kom inn á í landsleik gegn Möltu á Laugardalsvellinum 5. júní 1983. Sigurður var þá aðeins 16 ára og 251 dags gamall og sló þarna met Ásgeirs Sigurvinssonar frá 1972.

## EIÐUR S. GUÐJOHNSEN

**Fæddur:** 15. september 1978
**Leikstaða:** Framherji/miðjumaður
**Félög:** Valur, PSV, KR, Bolton, Chelsea, Barcelona.
**Landsleikir/mörk:** 50/20 (1996-)
- Varð Englandsmeistari með Chelsea tvö ár í röð, 2005 og 2006
_ Lék við hlið Brasilíumannsins Ronaldo í framlínu PSV
- Kom inn á fyrir föður sinn í sínum fyrsta landsleik 1996
- Skoraði 23 mörk fyrir Chelsea tímabilið 2001-2002
- Er markahæsti Íslendingurinn í Meistaradeildinni frá upphafi með átta mörk

**Vissir þú?** Eiður Smári er dýrasti knattspyrnumaður Íslands frá upphafi en Barcelona keypti hann fyrir átta milljónir enskra punda frá Chelsea, um 1.100 milljónir íslenskra króna á þeim tíma. Chelsea hafði keypt Eið á fimm milljónir punda frá Bolton.



## RÍKHARÐUR JÓNSSON

**Fæddur:** 12. nóvember 1929
**Leikstaða:** Framherji
**Landsleikir/mörk:** 33/17 (1947-1965)
**Félög:** ÍA og Fram
- 24 sinnum fyrirliði landsliðsins
- Lék alla landsleiki Íslands í þrettán ár frá 1947-1960
- Átti markamet íslenska landsliðsins í 58 ár, 1949-2007, þar af einn frá 1951-2006
- Skoraði fjögur mörk gegn Svíum 29. júní 1951
- Vann sjö Íslandsmeistaratitla, þar af fimm sem spilandi þjálfari
- Varð markakóngur Íslandsmótsins fimm ár í röð

**Vissir þú?** Ríkharður náði því þrisvar sinnum að vera allt í senn þjálfari, fyrirliði og markahæsti leikmaður í Íslandsmeistaraliði Skagamanna. Þessu náði hann árin 1951, 1953 og 1954.




## ÁSGEIR SIGURVINSSON

**Fæddur:** 8. maí 1955
**Leikstaða:** Miðjumaður
**Félög:** ÍBV, Standard Liège, Bayern München og Stuttgart.
**Landsleikir/mörk:** 45/5 (1972-1989)
- Þýskalandsmeistari 1984 og skoraði þá ellefu mörk í 32 leikjum
- Var kosinn besti leikmaður deildarinnar af öðrum leikmönnum 1984
- Varð bikarmeistari í Belgíu 1981
- Mætti Maradona í úrslitaleikjum UEFA-bikarsins 1989 en Stuttgart tapaði fyrir Napoli 4-5 samanlagt.
- Spilaði 60 Evrópuleiki á ferlinum og skoraði 12 mörk
- Íþróttamaður ársins í tvígang 1974 og 1984

**Vissir þú?** Ásgeir er sá Íslendingur sem hefur komist næst því að spila úrslitaleik í Evrópukeppni meistaraliða en hann sat á bekknum í 0-1 tapi Bayern München fyrir Aston Villa í úrslitaleiknum sem fram fór 26. maí 1982 í Rotterdam í Hollandi.

# Rýmum fyrir nýjum vörum

Fæst aðeins í Hagkaup Smáralind og Holtagörðum

OPIÐ til 20 alla daga



Þú sparar 90.000.-

**Bycast sófasett 3+1+1** 8851

# 99.900.-

**verð áður 189.900.-**

| módel | verð áður | verð nú | þú sparar |
|---|---|---|---|
| Sófi 3+1+1 8183 | 199.000.- | 159.000.- | 40.000.- |
| Hornsófi 8169 | 295.000.- | 169.000.- | 126.000.- |
| Sófi 3+1+1 8162 | 229.000.- | 159.000.- | 70.000.- |
| Rúm Ortopedico 120x200 | 72.900.- | 57.900.- | 15.000.- |
| Rúm Ortopedico 150x200 | 87.900.- | 67.900.- | 20.000.- |
| Rúm Ortopedico 180x200 | 105.900.- | 80.900.- | 25.000.- |
| Borðstofustólar | 14.900.- | 9.900.- | 5.000.- |

Gildir til 22. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir...

### ... ríkisskattstjóra



Átján þúsund manns skiluðu ekki skattskýrslu þetta árið. Meðan Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir eitt, að þetta sé leitt, hugsar hann annað. Það að geta áætlað ríflegar tekjur á allan þennan fjölda slúberta þýðir ekkert annað en pening í ríkiskassann þegar upp er staðið. Þegar allt kemur til alls eru slúbertarnir breiðu bökin. Úthrópaðir. En skattsvikararnir í hávegum hafðir – eins öfugsnúið og það nú er.

### ... Margréti Sverrisdóttur



Vond vika fyrir Ólaf F. þýðir: Góð vika fyrir Margréti. Auk þess var hún kjörin formaður Kvenréttindafélags Íslands þar sem hún hefur starfað sem sjálfboðaliði í sjö ár. Spurning hvort ekki sé rétt að eigna henni slagorð Jóhönnu (sem er úrelt þegar hún er annars vegar – hennar tími er kominn): Minn tími mun koma!

### ... Pál Magnússon útvarpsstjóra



RÚV tapaði ekki nema 108 milljónum á fimm mánaða tímabili í fyrra. Það sér hver maður að það er jákvæð niðurstaða því fólk verður að líta til þess að sumarmánuðirnir koma almennt betur út en vetrarmánuðir. Eigandinn fékk ekki greiddan neinn arð og er handhafi eina hlutabréfsins, Þorgerður Katrín menntamálaráðherra, bara nokkuð sátt við það.

## Slæm vika fyrir...

### ... borgarstjóra



Nú er að koma á daginn, sem mátti vera lýðum ljóst, að Ólafur F. er rauð dula valdaklíku í Sjálfstæðisflokknum til að villa um fyrir nautinu almenningi. Þótt erfitt sé að sjá Kjartan Magnússon, stjórnarformann OR og REI, fyrir sér í hlutverki matadors veifar hann Ólafi fimlega. Fyrst í tengslum við undarlega samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni og menn furða sig á því að Ólafur F. skuli fá því ráðið í trássi við allt og alla nema Kristján Möller og kjördæmapotara. Meðan leggur Kjartan drög að því sem alltaf stóð til – að koma REI í hendur ólígarka – enda trúarbrögð Sjálfstæðisflokksins. Og til að fullkomna niðurlægingu borgarstjórans veifar Kjartan honum í Kastljósi og lætur segja að REI verði áfram í eigu almennings með orðunum: „Það er ekki útilokað samkvæmt niðurstöðum stýrihópsins að það mætti ekki hugsanlega selja REI.“

### ... menntamálaráðherra



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fékk það í andlitið frá sinni eigin flokkssystur, Erlu Ósk Ásgeirsdóttur, að með því að fara til Kína væri hún að styðja mannréttindabrot þar á bæ. Eins og Þorgerður styðji mannréttindabrot! Þorgerður er einhver mesti áhugamaður um íþróttir sem um getur og þótt hún bregði sér á Ólympíuleika í Peking til að styðja íslenska íþróttamenn er ekki þar með sagt að hún sé kommúnískur alræðishyggjusinni. Vandlifað er í heimi hér.

### ... varaþingmann



Guðný Hrund Karlsdóttir varð kjaftstopp í ræðustól Alþingis í vikunni og veltu illa innrættir netverjar sér upp úr því sem mest þeir máttu í vikunni. Meðan þeir ættu náttúrlega að átta sig á því að Guðný sýndi fádæma heiðarleika sem var að láta sig hverfa úr ræðustóli í stað þess að þvaðra tóma þvælu – en á því nærast jú pólitíkusar og lýðskrumarar.



**DAMIEN RICE** Tónlistarmaðurinn Damien Rice spilar á Bræðslunni í sumar ásamt Emilíönu Torrini og Magna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Rice á Bræðslunni

Írski tónlistarmaðurinn Damien Rice, Emilíana Torrini og Magni stíga á svið á tónlistarhátíðinni Bræðslan sem verður haldin á Borgarfirði Eystri í fjórða sinn dagana 25. til 27. júlí.

Undanfarin ár hafa Emilíana Torrini, Belle & Sebastian, Magni, Megas og Senuþjófarnir, Lay Low, Aldís og Jónas Sigurðsson komið fram á hátíðinni við góðar undirtektir. Um eitt þúsund manns hafa sótt hana að jafnaði en íbúafjöldi Borgarfjarðar Eystri telur um 140 manns. Bræðslan dregur nafn sitt af samnefndum síldarskúr, þar sem tónleikar hátíðarinnar fara fram í skemmtilegri umgjörð.

Damien Rice hefur þrisvar áður spilað hér á landi. Hann spilaði tvisvar fyrir troðfullu húsi á Nasa auk þess sem hann kom fram á náttúrutónleikunum í Laugardalshöll, og er því íslenskum tónlistaráhugamönnum að góðu kunnur. Hann hefur gefið út tvær plötur á ferlinum sem hafa selst í milljónum eintaka. Framundan hjá honum er spilamennska á þrennum tónleikum Leonard Choen á Írlandi í sumar.

Emilíana Torrini tók sér frí frá Bræðslunni í fyrra en mætir nú galvösk aftur til leiks. Undanfarið hefur hún unnið við nýja plötu sem er væntanleg síðar á þessu ári, og væntanlega mun hún spila lög af henni á tónleikunum. Magni, sem er ættaður úr Borgarfirði Eystri, hefur verið einn af skipuleggjendum hátíðarinnar ásamt Áskeli Heiðari bróður sínum. Hann mun líklega koma fram einn síns liðs á Bræðslunni í sumar.

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# Við erum í Holtagörðum!

## Komdu í nýja verslun Eymundsson um helgina

Full búð af opnunartilboðum. Valdar innlendar og erlendar bækur og Phoenix blindrammar á 30% afslætti. Te & kaffi býður upp á rjúkandi kaffismakk og krakkarnir geta skemmt sér yfir ævintýrabókinni, fönduhorninu og skemmtiatriðum.





**25% afsláttur**

af Orlando ferða-
töskunum
frá Travellite



**30% afsláttur**

af þroskaleikföngum,
púslum og spilum






**20% afsláttur**

af öllum blekhylkjum



**LAUGARDAGUR**

14:00 *Skoppa og Skrítla koma í heimsókn og skemmta börnunum*

16:00 *Sirkushópurinn Kaktus leikur listir sínar*

**SUNNUDAGUR**

14:00 *Skoppa og Skrítla koma aftur í heimsókn*

*Föndurhornið og ævintýrabókin bjóða alla krakka velkomna.*

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*




# STUÐ MILLI STRÍÐA Rjómi eða rjómaís

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** SLÆST VIÐ AUKAKÍLÓIN



Ég er svo heppin að fá heitan matinn borinn fyrir mig á hverju kvöldi og kvarta ekki undan því. Maturinn er frábær og drengurinn leggur metnað í eldamennskuna. Hann er betri kokkur en ég og ólíkt mér vandar hann sig við matseld. Honum finnst gott að gera vel við sig og hjá honum er ekkert til sem heitir bara kakó heldur ekta súkkulaði. Ég nýt auðvitað góðs af.

Við þennan munað reynist mér þó erfitt að eiga við aukakílóin. Margoft ætla ég mér að taka slaginn við vigtina og verða nú aldeilis spengileg. Yfirleitt styður hann þessa ákvörðun og saman skipuleggjum við nýjan lífsstíl með sælgætisbanni, gosbanni og fitusnauðu poppi yfir sjónvarpinu. Til að byrja með finnst mér ganga vel og ánægð þykist ég sjá mun á mér í speglinum á hverjum degi. Þó finnst mér undarlegt hvað buxurnar sitja eitthvað þétt, þéttar en áður.

Einn daginn gríp ég drenginn svo glóðvolgan þar sem hann er flautandi við eldavélina að hella rjóma út í pastasósuna!

Í ljós kemur að allan tímann voru sveppirnir steiktir upp úr smjöri, púðursykur var í létt-sósunni út á jógúrtísinn í gær og jógúrtísinn var alls enginn jógúrtís. Rjómi í sósum, majónes í samlokum, mér fellur aldeilis ketill í eld.

Auðvitað get ég sjálfri mér um kennt um lítinn sjálfsaga þegar kemur að kræsingum en ég skelli skuldinni á drenginn. Er með snúð yfir kvöldmatnum og stel betri stólnum fyrir framan sjónvarpið á eftir og segi ekki orð.

Hann gengur frá eftir matinn í rólegheitum og lætur mér eftir fjarstýringuna. Ég heyri hann bauka eitthvað við potta og pönnur og finn svo ilmandi súkkulaðilykt um allt hús. Drengurinn er búinn að hella upp á hnausþykkt ekta súkkulaði. Ég reyni að láta mér fátt um finnast og sný upp á mig. Sykursætri röddu spyr hann mig svo hvort ég vilji þeyttan rjóma eða rjómaís út í minn bolla. „Bæði!“ er ég búin að öskra án þess að hugsa mig um.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið





NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
2995-
1995-
995-
2495-
1495-
2995-
995-
3995-
2995-
3995-
1995-
2995-
1995-
3495-
995-
LITIR: STÁL, HVÍTT, ANTIK OG GYLLT
3995-
2995-
1995-
3995-
2995-
3995-
2995-
995-
1995-
2495-
1495-
2495-
995-
2995-
1995-
3995-
995-
2995-
1595-
895-
995-
1995-
3995-
2995-
4995-
1495-
995-
495-
1995-
3995-
1995-
2395-
1195-
1995-
1195-
1995-
2395-
1195-
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

**!** **Kl. 14**

*Sýning á verkum Jóns Laxdal Halldórssonar verður opnuð í Jónas Viðar Gallery, Listagilinu á Akureyri, í dag kl. 14. Sýndir verða hlutir gerðir úr bókum, pappa, gleri og þaksaumi, en sýningin hefur hlotið nafnið Fáeinir fortitlar og bók eftir Mann. Þessi áhugaverða sýning Jóns stendur til 11. maí næstkomandi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Mörg sjónarhorn á varðveislu og breytingar kirkjuhúsa*

Málþing um varðveislu og breytingar á kirkjum verður haldið í Keflavíkurkirkju snemma í dag á milli kl. 10 og 13. Það eru Kjalarnesprófastsdæmi og Keflavíkurkirkja sem standa að þinginu, en þar verður velt upp ýmsum hlutum sem tengjast endurbyggingum og breytingum á kirkjuhúsum.

Aðalfyrirlesari er dr. Matthias Ludwig. Hann er guðfræðingur að mennt, en hefur einnig lagt stund á nám í byggingarverkfræði og listasögu og er því vel kunnugur þeim fræðisviðum sem þingið tekur til. Hann hefur starfað við kirkjubyggingarstofnun þýsku mótmælendakirknanna við Filippsháskólann í Marburg og sem ráðgjafi á sviði kirkjubygginga og kirkjulistar.

Aðrir fyrirlesarar á þinginu eru dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur í Kjalarnesprófastsdæmi, Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, Ólöf Nordal myndlistarkona, Árni Sigfússon bæjarstjóri, Erla Guðmundsdóttir æskulýðsfulltrúi, Hákon Leifsson organisti og Sigurjón Pétursson framkvæmdastjóri. Af þessari talningu er ljóst að fengist verður við umræðuefnið frá mörgum sjónarhornum, en slík nálgun er sannarlega til eftirbreytni.

Viðfangsefni málþingsins er fyrst og fremst að halda til haga sjónarmiðum varðandi varðveislu og breytingar á eldri kirkjuhúsum. Þar koma til listrænar áherslur, stefna í friðunarmálum, þarfir staðarins, staða kirkjunnar í samfélaginu og fjárhagsleg sjónarmið. Allir sem taka til máls hafa mikla reynslu á sínu sviði og hafa unnið að málefninu um lengri og skemmri tíma. Að auki verður hugað sérstaklega að aðstæðum safnaðarins í Keflavík og kirkjuhúsinu þar. Byggingarsaga og hugmyndafræði Keflavíkurkirkju verður til umfjöllunar í máli og myndum og fyrirhugaðar endurbætur á kirkjunni kynntar. - vþ



**KEFLAVÍKURKIRKJA** Hýsir málþing um varðveislu og breytingar á kirkjubyggingum í dag.



**BIRGIR ANDRÉSSON MYNDLISTARMAÐUR** i8 stendur fyrir sýningu á síðustu verkunum sem hann vann.

## Síðustu verk Birgis

Sýning á verkum myndlistarmannsins Birgis Andréssonar verður opnuð í galleríinu i8 að Klapparstíg 33 í dag kl. 17. Birgir, sem var fæddur árið 1955, lést síðastliðið haust langt fyrir aldur fram, aðeins 52 ára að aldri. Hann var í fremstu röð íslenskra samtímalistamanna og var sérlega afkastamikill í sínu starfi. Birgir stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann frá 1973 til 1977. Eftir það hélt hann til Hollands þar sem hann stundaði nám við Jan van Eyck Akademie í Maastricht. Á ferli sínum sýndi hann víða um heim og var meðal annars fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 1995. Jafnframt var haldin stór yfirlitssýning á verkum hans í Listasafni Íslands árið 2006. Á sýningunni sem verður opnuð í i8 í dag eru verk sem Birgir hafði nýverið lokið við eða var að vinna að þegar hann lést.

Sýningin stendur til 9. maí. - vþ

## Bíófjör fyrir fjölskylduna

Það verður svo sannarlega stuð hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í dag þegar lög og stef úr frægum og frábærum bíómyndum verða flutt. Tónleikarnir eru liður í Tónsprotaröðinni, fjölskyldutónleikaröð Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þeir fara fram í Háskólabíói, hefjast kl. 14 og eru um klukkustundar langir.

Meðal þess sem verður leikið er hin sígilda tónlist Johns Williams úr Stjörnustríðskvikmyndunum sem dregur upp ævintýralegar myndir af hetjum í himingeimnum, geislasverðum og baráttu góðs og ills. Tónlist Johns Williams á líka sinn þátt í að gera Harry Potter-myndirnar að þeirri upplifun sem þær eru og því verður svítan Töfraveröld Harrys Potter á dagskrá. Og þótt Mission: Impossible-myndirnar falli seint í barnaefnisflokkinn er kynningarstef Lalos Schifrin bara of flott til að sleppa því.

Söngleikjadívan Kim Criswell, sem kom fram með hljómsveitinni á tónleikum á fimmtudagskvöld, lætur einnig til sín taka í dag og syngur nokkur lög úr söngva- og fjölskyldumyndum á borð við Mary Poppins og Galdrakarlinum í Oz.

Að vanda mun trúðurinn Barbara sjá til þess að áhorfendur njóti tónlistarinnar til hins ítrasta með sínum einstöku kynningum og útlistunum á innihaldi verkanna.

Bíófjör í Háskólabíói er tilvalið tækifæri fyrir alla fjölskylduna til þess að njóta tónlistarveislu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

- vþ



**TRÚÐURINN BARBARA** Kynnir Sinfóníuhljómsveit Íslands af sinni alkunnu snilld.


# LISTMUNAUPPBOÐ Á HILTON - NORDICA HÓTELI

## SUNNUDAGINN 20. APRÍL KL. 20:30

## VERKIN ERU SÝND Í GALLERÍ BORG, SKIPHOLTI 35

## laugard. og sunnudaginn 20. apríl

## Kl. 13 til 17 báða dagana



ÁSGRÍMUR J.



KJARVAL



MUGGUR



KRISTJÁN DAVÍÐSSON



JÓN STEFÁNSSON



LOUISA MATTHÍASDÓTTIR

Gallerí BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur

Skipholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40

# HVER$ VIRÐI €R ÉG?

## NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?** Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga. Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.



★★★★

Frábær sýning.
Bjarni fer á kostum
í vel pældum sprettum
Logi Ólafsson

Bráðfyndinn
sparnaðarboðskapur og
hressandi sýn á fjármálin
Magnús Árni Skúlason
hagfræðingur

Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu

Fjárhagsleg heilsa

DYNAMO REYKJAVIK

### SÝNINGAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau | 19/4 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Lau | 19/4 | Örfá sæti laus | kl. 21 |
| Fös | 2/5 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |

### Sýnt í Salnum Kópavogi

Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr.

50% afsláttur er fyrir viðskiptavini Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum.

**ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.**

TP THORSSON PRODUCTIONS

BYR SPARISJÓÐUR

Í samstarfi við Vesturport
ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga
ÞRJÁR SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÁST
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Vor í Kaupmannahöfn!
Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.
Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com
COME2 SCANDINAVIA
Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND
Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2008
Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins nr. 9321 er markmið hans „að styrkja og hvetja unga og efnilega myndlistarmenn til náms“ en stofnfé sjóðsins er arfur samkvæmt erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur listmálara sem lést árið 2001. Ráðstöfunarfé sjóðsins eru raunvextir af höfuðstól og verður í ár ráðstafað 7.5 milljónum króna. Stjórn sjóðsins ákveður hversu margir styrkir verða veittir.
Sjóðurinn styrkir myndlistarmenn til framhaldsmenntunar og er æskilegt að umsækjendur hafi lokið BA prófi í myndlist eða sambærilegu námi. Hægt er að sækja um styrk til lengri eða skemmri námsdvalar erlendis, þó aldrei skemur en til sex mánaða. Umsókn skal fylgja ítarleg greinargerð um fyrirhugað nám ásamt meðmælabréfi og upplýsingum um fyrra nám og starfsferil.
Stefnt er að úthlutun eigi síðar en 13. júní næstkomandi. Umsóknarfrestur er til og með 9. maí 2008. Umsóknir merktar styrktarsjóðnum skulu sendar Listasafni Íslands, Laufásvegi 12, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar eru veittar í síma Listasafnsins 515 9600.
Stjórn Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur

GERÐUBERG
www.gerduberg.is
Þar sem sögueyjan rís...
Ritþing með Einari Kárasyni
Verið velkomin laugardaginn 19. apríl kl. 13:30 - 16:00.
KK og Karl Guðmundsson leikari koma fram á þinginu.
Hljómsveit Tómasar R. Einarssonar mun spila í móttökunni eftir þingið. Ókeypis aðgangur!
Stefnumót við safnara III
Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærasafnara!
Sýningarstjórn: Anik Todd og Una Stígsdóttir
Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa. s. 575 7700
Sjö landa sýn - María Loftsdóttir
Síðasta sýningarhelgi!
Vatnslitastemmningar frá ferðalögum listakonunnar um Argentínu, Bólivíu, Brasilíu, Ísland, Japan, Perú og Skotland.
Listakonan verður með leiðsögn sunnudaginn 20. apríl kl. 15.
Hið breiða holt
Síðasta sýningarhelgi!
Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur!
Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir.
Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is



**VILHJÁLMUR INGI SIGURÐARSON** Ungur og upprennandi trompetleikari.

# Blásið til stórtónleika

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands býður upp á sannkallaða tónlistarveislu á morgun kl. 16 þegar hún kemur fram ásamt nemendum og kennurum Tónlistarskólans á Akureyri í íþróttahúsi Glerárskóla. Efnisskráin er fjölbreytt, en á henni má meðal annars finna Sverðdansinn eftir A. Khachaturian, svítu úr Carmen eftir G. Bizet, þætti úr svítu eftir I. Stravinsky og trompetkonsert eftir J. Haydn.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Tónlistarskólinn á Akureyri hafa lengi átt afar farsælt samstarf og síðastliðin þrjú ár hefur hljómsveitin helgað eina tónleika á ári samstarfi þessara stofnana, þar sem nemendur skólans spila með í hljómsveitinni og einleikarar koma úr röðum fyrrverandi nemenda skólans.

Einleikari að þessu sinni er trompetleikarinn Vilhjálmur Ingi Sigurðarson sem um þessar mundir er að ljúka mastersnámi frá Síbelíusarakademíunni í Helsinki. Vilhjálmur lærði á trompet við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og síðar við Tónlistarskólann á Akureyri til ársins 2000. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2003. Framhaldsnám stundaði hann við Tónlistarháskólann í Ósló og lauk þaðan cand. mag-prófi vorið 2005.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

**- vþ**

Almennur félagsfundur
kl. 14 á Fjörukránni
í Hafnarfirði
www.vg.is



**SAMKÓR KÓPAVOGS** Flytur metnaðarfulla söngdagskrá á tónleikum í dag og á morgun.

# Tónleikar helgaðir Mozart

Samkór Kópavogs heldur sína árlegu vortónleika í Digraneskirkju í dag og á morgun og hefjast tónleikarnir kl. 17 báða dagana. Dagskráin er afar metnaðarfull og er stærstur hluti tónleikanna tileinkaður tónskáldinu Mozart. Ásamt kórnum kemur fram fjölskipuð kammersveit og einsöngvarar, ásamt píanóundirleikara.

Samkórinn er 50 manna blandaður kór. Kammersveitina skipa tíu hljóðfæraleikarar undir forystu Hjörleifs Valssonar. Einsöngvarar eru fjórir, Margrét Sigurðardóttir, Ása Fanney Gestsdóttir, Bragi Bergþórsson og Hrólfur Sæmundsson. Píanóundirleikari er Antonía Hevesi.

Meðal verka á tónleikunum eru Ave Verum Corpus, Laudate Dominum og Missa Brevis et Solemnis – Spörfuglsmessan – eftir Mozart, Kópavogslagið „Hér á ég heima“ eftir Þóru Marteinsdóttur í nýrri útsendingu fyrir blandaðan kór, Lacrimosa úr Requiem eftir Karl Jenkins, sem hefur ekki verið flutt hérlendis áður, og tveir kaflar úr Carmina Burana eftir Carl Orff. Einnig verða flutt verk sem kórfélagar hafa sjálfir valið.

Stjórnandi Samkórsins er Björn Thorarensen.

**- vþ**

Salurinn
FIMMTUDAGUR 17. APRÍL KL. 20
VORVÍSUR SÖNGSYSTRA.
KVENNAKÓR KÓPAVOGS.
LAUGARDAGUR 19. APRÍL KL. 16
SÖNGTÓNLEIKAR TÓNÓ RVÍK.
RANNVEIG KÁRADÓTTIR SÓPRAN.
LAUG. 19. APRÍL KL. 21.
HVERS VIRÐI ER ÉG? NÝR GAMANLEIKUR ÚR SMIÐJU BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR. UPPSELT Á FYRSTU FJÓRAR SÝNINGAR. LAUSIR MIÐAR
SUNNUDAGUR 20. APRÍL KL. 16
TÓNSMÍÐATÓNLEIKAR LHÍ
ÓTTAR SÆMUNDSSEN OG VALENTINA KAY.
MÁNUDAGUR 21. APRÍL KL. 20
SELLÓTÓNLEIKAR LHÍ
ÞORGERÐUR EDDA HALL.
MIÐVIKUDAGUR 23. APRÍL KL. 20
TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS
HELGA ÞÓRA BJÖRGVINSD. OG KRISTINN ÖRN KRISTINSSON.
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitinn
Sólon
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Ljóðasafn Steins Steinarr endurútgefið í nýjum búningi
Steinn Steinarr er eitt virtasta og ástsælasta skáld þjóðarinnar enda hafa ljóð hans fundið hljómgrunn hjá hverri nýrri kynslóð í landinu.
Ljóðasafnið hefur að geyma öll þau ljóð sem Steinn bjó sjálfur til útgáfu auk ýmissa ljóða sem ekki komu út á bók fyrr en ríflega þremur áratugum eftir lát hans.
STEINN STEINARR LJÓÐASAFN
VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Boot cAmp

## SUMARTILBOÐ BOOT CAMP

**35.000 kr.-**



*Njóttu sumarsins til hins ýtrasta á sama tíma og þú kemur þér í dúndurform. Þú munt taka fjölbreyttar æfingar, jafnt innan dyra sem utan, þar sem þú upplifir aldrei sömu æfinguna tvisvar.*

***Ekki láta þér leiðast í sumar.***
*Taktu sumarið alla leið og gerðu eitthvað af viti!*

***Sumartilboð Boot Camp gildir á öll námskeið sumarsins í Reykjavík og á Akureyri (5. maí - 7. sept).***

## BOOT CAMP OUTSIDERS



*Boot Camp æfingar sem fara eingöngu fram utandyra víðs vegar um Reykjavík.*
*Morgun- og kvöldtímar í boði.*

## BOOT CAMP HELL WEEKEND 2008



*30 einstaklingar tóku þátt á síðasta ári. Navy SEALs þjálfararnir mæta aftur til leiks núna í júlí og er enn erfiðari helgi framundan fyrir þá Íslendinga sem þora. Ert þú ein/n af þeim?*

*Ný Boot Camp námskeið hefjast um land allt*
***mánudaginn 5. maí.***

*Kynntu þér málið og skráðu þig á*
***www.bootcamp.is***

*ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!*

Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070 Boot cAmp

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Sólgleraugu sumarsins** Einn heitasti hönnuður nútímans, bítladóttirin **Stella McCartney** er nýbúin að skrifa undir samning við gleraugnafyrirtækið Luxottica um að skapa nýja og spennandi sólgleraugnalínu undir nafni Stellu. Afrakstur samstarfsins mun því miður ekki sjást fyrr en vorið 2009 en skrifað hefur verið upp á samning til ellefu ára þannig að tískuspekúlantar spá því að þetta verði sólgleraugun sem allir vilja bera á nefinu næstu árin.



# stíll

utlit@frettabladid.is



**Gullfallegan silkijakka** í anda þriðja áratugarins eftir íslenska hönnuðinn Eygló. Fæst í Liborius, Laugavegi.



**Nærur fyrir alla daga vikunnar** - á frönsku. Frá Fífí Chachnil og fást í Þremur hæðum, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...




**Hressandi birkiskrúbb** fyrir líkamann frá Weleda sem á að bana allri appelsínuhúð og gerir hana silkimjúka.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Meira frelsi, minni stíll*

Einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni að allir hafi alltaf verið fallegir og smart til fara á öllum áratugunum til sirka 1970. Byrjun 20 aldar færði okkur „Charleston"-fatnað og karlmenn í hvítum smóking og á stríðsárum létu konur ekki sjá sig öðruvísi en vel greiddar með rauðan varalit og herramenn gengu ávallt með hatt. Síðasti stórfenglegi tískuáratugurinn var svo hinn sjöundi þegar það virðist sem allir hafi verið svalir, í míníkjólum og stígvélum með túberað hár eða í jakkafötum og rúllukragabol með Martini glas í hönd. Undanfarinn áratug hefur fólk náttúrlega bara gengið í hverju sem er sem má að sjálfsögðu kallast stórkostlegt frelsi en er líka afsökun til þess að vera fáránlega illa til fara.Ég er bara hreint ekki viss um að meira frelsi sé gott fyrir heildarsvipinn og sé framtíðina í hillingum þegar allir eru töff og í stíl í sixtíslegum geimbúningum í Kubrick-anda. Tíska sem hefur tröllriðið öllu undanfarin fimm ár og virðist sprottin undan rökuðum handarkrikum fótboltastjarna eða sveittum gellum á MTV nær nú hápunkti sínum með evróvisjón-djóki sem varð að myndbandi og er nú auglýsing fyrir Símann. Vinkona mín sem hefur búið í Bandaríkjunum undanfarið ár hélt að þetta væri auglýsing fyrir sólbaðsstofuna SMART á Grensásvegi. Maður hefur jú auðvitað húmor fyrir þessu þangað til að smákrakkar landsins eru farnir að líta á þetta sem tískufyrirmyndir. Og ekki eru sjoppulegu erlendu stjörnurnar skárri. Já, ég segi ykkur það, stíll er greinilega á undanhaldi á þessum síðustu og verstu tímum. Sú eina sem fékk uppreisn æru frá mínum bæjardyrum er Amy Winehouse en ég sá hana á youtube um daginn að ramba um götur Lundúna með túberað hár sem hafði ekki verið greitt í sirka mánuð og eyeliner í sama ástandi. Þrátt fyrir öll sjúskheitin hugsaði ég með mér að hún væri að minnsta kosti frumleg, á svona skítugan Iggy Pop-legan hátt. Ég hefði frekar viljað sjá auglýsingu með henni.





**GRÆN BRYNJA** Fallegur kjóll sem myndi sæma álfadrottningu frá Amanda Wakeley.



**SEXÝ** Hippastemning hjá Vivienne Westwood þar sem hún blandar örstuttum buxum við grænar sokkabuxur og loðfeld.




ÓVENJULEGUR LITUR Á BRESKU TÍSKUVIKUNNI

# VÆNT OG GRÆNT

Breskir hönnuðir fagna komandi sumri með alls kyns grænum tónum, allt frá smaragðslitu upp í fölan pistasíulit. Grænn litur hefur oft verið tengdur við frjósemi, galdra, álfa og jafnvel ill öfl, og það þarf ákveðið hugrekki til að klæðast honum. Æpandi grænar flíkur mátti meðal annars sjá hjá Paul Smith, Vivienne Westwood, Roksanda Ilincic og Armand Basi. - amb



**ABSTRAKT** Skemmtilegt blöðrupils í grænu og bleiku frá Armand Basi.



**GAMALDAGS** Skemmtilegur lífstykkiskjóll í sítrusgrænu frá Vivienne Westwood.



**GRAFÍSKT** Nútímalegur grænn silkikjóll með kvartermum og svörtum renningum frá Roksanda Ilincic fyrir haust og vetur 2008.

**GAMALDAGS** Dömuleg og skemmtileg dragt í anda sjöunda áratugarins frá Armand Basi.






Tíska á förnum vegi:

# París og Stokkhólmur

Ljósmyndarinn **Yvan Rodic**, betur þekktur sem Facehunter, myndar götutísku fyrir vefsíðuna facehunter.org. Hér gefur að líta nýlegar og vorlegar myndir af tíðarandanum í Stokkhólmi og París.

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is



**SIXTIES-LEGT** Samsetningin á svörtum rúllukragabol, appelsínugulum kjól og grænni peysu hjá Paul Smith minnir á Mod-klæðnað sjöunda áratugarins.



**ELEGANS** Dásamlega fagur silkikjóll frá Roksanda Ilincic

Vorfagnaður
á Kaffi Langbrók í Fljótshlíð
www.vg.is




DRESS MANN
Laugavegur · Kringlan · Smáralind · Akureyri
5629730 5680800 5659730 4627800

## > AUDREY OG CHANEL

Audrey Tautou, þekkt úr myndinni Amelie, fer nú með hlutverk Coco Chanel í myndinni Coco Avante Chanel. Hún mun þar að auki leika í nýrri auglýsingu fyrir hið sögulega ilmvatn Chanel no5. Leikstjóri verður Jean-Pierre Jeunet, sem leikstýrði einmitt Amelie, en þau feta þannig í fótspor Nicole Kidman og Baz Luhrman sem gerðu sams konar auglýsingu eftir að kvikmyndin Moulin Rouge sló í gegn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hollywood-skiltið í hættu

Framtíð Hollywood-skiltisins víðfræga gæti verið í hættu. Fyrirtækið Fox River Financial Services, sem er í Chicago, setti nýlega á sölu lóð sem liggur bak við og vinstra megin við H-ið í skiltinu. Hún er alls um 56 hektarar, og selst á 22 milljónir dollara. Los Angeles-búar óttast nú að kaupandi lóðarinnar muni nýta hana undir íbúðarhúsnæði sem muni þar með spilla póstkortslegu útsýninu. Þar að auki gæti landsvæðið, sem er vinsælt hjá fjallgöngugörpum og túristum, verið lokað almennri umferð.

Borgarfulltrúinn Tom LaBonge fer fyrir þeim sem mótmæla sölunni. „Þetta er Eiffel-turninn okkar. Þarna er Hollywood-skiltið. Þarna er víðátta. Og það er allt sem er þarna. Þetta tilheyrir okkur og ætti að tilheyra okkur,“ segir hann.

Landsvæðið var áður í eigu milljarðamæringsins heitna Howard Hughes, en fyrirtækið frá Chicago festi kaup á því árið 2002 fyrir 1,7 milljónir dollara. Ef kaupandi finnst ætti fyrirtækið því að græða á tá og fingri.




**BÚIÐ Á BAK VIÐ H-IÐ** Landsvæðið sem nú er til sölu liggur á bak við og vinstra megin við H-ið í Hollywoodskiltinu.



**MADONNA** Söngkonan Madonna fær rúman milljarð króna fyrir að koma fram á tónleikum í Dubai.

# Milljarður fyrir tónleika

Talið er að söngkonan Madonna fái rúman milljarð króna fyrir að koma fram á einum tónleikum í Dubai í nóvember. Einnig stendur til að hún syngi í einkaveislu á meðan á dvöl hennar stendur í arabaríkinu. Fær hún væntanlega einnig dágóða summu fyrir þá tónleika.

Nýjasta plata Madonnu, sem hinn sjóðheiti Timbaland stjórnaði upptökum á, er væntanleg í búðir 28. apríl. Fyrsta smáskífulag hennar, 4 Minutes, hefur að undanförnu verið mikið spilað við góðar undirtektir. Þar syngur hún dúett með popparanum Justin Timberlake.

# Baltasar leikstýrir Helenu fögru

**Þýska leikkonan Diane Kruger hefur verið ráðin í aðalkvenhlutverk kvikmyndarinnar Run for Her Life sem Baltasar Kormákur hyggst leikstýra í Bandaríkjunum. Gerð myndarinnar kostar tíu milljónir dollara.**

Diane Kruger verður í aðalhlutverki í Hollywoodmynd leikstjórans Baltasars Kormáks. Kruger mun þar leika á móti Dermot Mulroney, en eins og Fréttablaðið hefur greint frá fjallar kvikmyndin um líffærasölu milli Bandaríkjanna og Mexíkó. Áætlað er að tökur hefjist þann 20. maí en kostnaður við gerð hennar er tæplega tíu milljónir dollara. Það þykir ekki há upphæð á amerískan mælikvarða enda segir Baltasar að þetta eigi að vera tryllir í ætt við Mýrina en ekki eitthvað Hollywood-skrímsli.

Baltasar var að vonum ánægður með að hafa klófest leikkonuna Kruger. „Hún er rísandi stjarna í þessum kvikmyndaheimi, var auðvitað valin í hlutverk Helenu fögru í stórmyndinni Troy á móti Brad Pitt og Orlando Bloom,“ segir Baltasar sem var staddur í Los Angeles þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Leitin að Helenu tók drjúga stund á sínum tíma, enda átti unnusta Parísar að vera hið fegursta fljóð sem heimurinn hafði litið. Baltasar viðurkennir að Diane sé vissulega vel að hlutverkinu komin en hún komist aldrei nálægt fyrsta sætinu í sínum huga. „Hún er mjög glæsileg en ekki síður góð leikkona og það fer ekkert alltaf saman,“ bætir Baltasar við. Meðal annarra hlutverka Kruger má nefna National Treassure-myndirnar tvær þar sem hún lék á móti Nicolas Cage.

Leikstjórinn hefur verið á stanslausum þönum undanfarnar vikur við að finna hentuga tökustaði. Hann kom meðal annars við í landmæraborginni Juárez en þar hefur ríkt hálfgert stjórnleysi að undanförnu vegna átaka vopnaðra glæpahringja. Auk þess hefur lögreglan árangurslaust reynt að hafa upp á morðingjum á yfir fimm hundruð konum sem hafa verið myrtar á grimmilegan hátt undanfarin tíu ár. „Mig langar að taka upp þarna þrátt fyrir ástandið. Þetta er eitthvað tryggingamál en framleiðendurnir eru að reyna að leysa það,“ segir Baltasar sem einnig hefur verið töluvert í Santa Fe.

Íslenski leikstjórinn verður með 70 manna tökulið þegar tökurnar hefjast og að hans sögn er byrjað að byggja leikmynd fyrir myndina. Hann er um þessar mundir að fara yfir handritið með handritasérfræðinginum John Claflin en hann er hálfgerður handritalæknir hjá stóru kvikmyndaverunum. „Vélin er farin í gang og það eru óneitanlega spennandi tímar fram undan,“ segir Baltasar.

freyrgigja@frettabladid.is



**HELENA FAGRA** Diane Kruger sló fyrst í gegn sem Helena af Tróju í kvikmyndinni Troy.



**SPENNTUR** Baltasar Kormákur segir boltann farinn að rúlla en tökur á Run for Her Life hefjast í lok maí.





Glaðbeittur, kjarnyrtur og skemmtilegur

*Úrvalsbók* Einars Kárasonar geymir sautján verk, þar á meðal fimm heilar skáldsögur, brot úr ævisögu, ferðaþátt, ljóð og smásögur, en að auki birtast hér verk sem færri þekkja og sýna vel fjölhæfni Einars og stílsnilld.

Bókinni fylgir kvikmynd Friðriks Þórs, DJÖFLAEYJAN, á DVD

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Úr öllum áttum

**Sextíu og þrír útskriftarnemendur Listaháskóla Íslands sýna verk sín á Kjarvalsstöðum næstu daga. Sýningin stendur yfir til 1. maí og er hin fjölbreyttasta, þar sem nemendum úr arkitektúr, vöruhönnun, myndlist, grafískri hönnun og fatahönnun er stefnt saman.**



**VERZLUN GUÐBRANDAR** Guðbrandur Bragason við verk sitt á sýningunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RINGULREYÐI** Rakel Jónsdóttir hannaði verkið Ringulreyði.



**KRUNNI** Ragnheiður Margeirsdóttir á heiðurinn af hönnun Krunna.


ANDERSEN & LAUTH
REYKJAVIK
established 1934
Andersen & Lauth er íslenskt fatahönnunarfyrirtæki sem að selur hönnun sína í 350 verzlunum í 23 landi og fer ört vaxandi.
Andersen & Lauth var fyrsta íslenzka klæðskeraverkstæðið,stofnað 1934. Um tíma voru þrjár Andersen & Lauth verzlanir í Reykjavík. Þegar stórverzlun Andersen & Lauth var opnuð á Vesturgötunni upp úr 1960, var hún stærsta verzlun sinnar tegundar í Skandinavíu. Nú 30 árum eftir að síðustu klæðskeraverzlun Andersen & Lauth var lokað eftir 50 ára sögu, þá höfum við opnað glæsilega verzlun á Laugavegi 86-94. Verið Velkomin
Andersen & Lauth, verzlun, Laugavegur 86-94,sími 552 6066,www.andersenlauth.com

# Álband í þungmálmsrokki

**Meðlimir Álbandsins verða í aðalhlutverki á árshátíð Alcoa í kvöld, aðra helgina í röð.**



**ÁLBANDIÐ SPILAR Á OPNUNARHÁTÍÐ ÁLVERSINS SÍÐASTA SUMAR** Frá vinstri: Guðmundur Höskuldsson, Reynir Höskuldsson, Sigurður Ólafsson, Þorvaldur Einarsson og Helgi Georgsson.

Alcoa í Reyðarfirði hélt árshátíð sína á laugardaginn fyrir viku í íþróttahúsinu á Fáskrúðsfirði, og heldur hana aftur í kvöld. Vegna vaktakerfis og starfsmannafjölda dugar ekkert minna en tvær árshátíðir hjá þessu risafyrirtæki sem stefnir í að verða 650 manna vinnustaður. Eina fólkið sem mætir á báðar árshátíðirnar eru meðlimir Álbandsins, hljómsveitarinnar sem rekin er innan álversins. Það tróð og treður upp með einskonar karókí og kallar upp starfsmenn til að syngja með.

„Þetta verður algjört dejá-vu," segir Sigurður Ólafsson bassaleikari og fræðslustjóri Alcoa. „Við munum borða sama matinn, hlusta á sömu brandarana hjá veislustjóranum Helgu Bragadóttur – reyndar frábæra brandara – og fara á sama ballið með hljómsveitinni Von. En það verða náttúrulega nýir söngvarar sem troða upp með okkur."

Álbandið kom fyrst fram á jólahlaðborði fyrir rúmlega ári. Þetta er risaband, átta meðlimir samtals, þeirra á meðal er Hanna Vigdís, ein stelpnanna sem var í Bandinu hans Bubba. „Þetta er nú bara hobbí, en við höfum samt spilað heilmikið," segir Sigurður. „Það eru margir fleiri að dútla í tónlist hérna í fyrirtækinu og það væri auðveldlega hægt að manna 2-3 bönd í viðbót með starfsmönnum. En það voru náttúrulega aðeins þeir bestu sem komust í Álbandið."

Tónlistarstefna Álbandsins er alveg klár – „Þetta er heilmikið rokkband. Álbandið spilar mikið það sem kallast „light-metal" – Bon Jovi og slíkt rokk – en við erum líka mikið í þungmálmi. Nei, Alcoa er nú kannski engin rokkverksmiðja og það er bannað að vera með tónlist í eyrunum hérna. Fólk verður náttúrulega að vera með „fulle fem" í vinnunni en það eru samt einhverjir að stelast til að vera með iPod."

Sigurður segir félagslífið í álverinu allt vera að koma til. „Það er auðvitað mjög mikið að gera hérna núna þar sem við erum að koma fyrirtækinu í stöðugan rekstur. Það segir sig sjálft að þegar fólk er að vinna 60-80 tíma á viku skreppur það minna á hljómsveitaræfingar. En ég er viss um að félagslífið á eftir að aukast. Það eru að spretta upp allskonar klúbbar, fólk er að rotta sig saman í hitt og þetta."

Sigurður segir að enn séu störf í boði hjá fyrirtækinu og mælir með að fólk pæli í framtíð fyrir austan. Hann er þó alveg ófáanlegur til að segja eitthvað andstyggilegt um Reykjavík. „Nei nei, ég bjó þar og það hafði sína kosti. En ég er að austan og vildi komast aftur heim. Við sem búum hérna höldum því auðvitað fram að það sé fullt sem þessi landshluti hafi fram yfir höfuðborgarsvæðið. Hér er minna stress og meiri snerting við náttúruna, og líka það að hér skiptir hver einstaklingur máli. Í Reykjavík ferðu á tónleika en hér stofnarðu hljómsveit. Í Reykjavík ferðu í leikhús en hér genguröu í leikfélagið. Það er minni verkaskipting og sérhæfing hér. Svo ekki sé nú talað um húsnæðisverðið. Þú getur flutt hingað og fengið flott einbýlishús á 20 milljónir. Húsnæðisverð hér hefur samt verið að hækka mikið. Fyrir álver voru húsin hérna einskis virði."

gunnarh@frettabladid.is

# Facebook-tónleikar í kvöld

Facebook-tónleikar verða haldnir á skemmtistaðnum Organ í kvöld á vegum Nýju samvinnuhreyfingarinnar. Á þessu elektróníska kvöldi koma fram Ultra Mega Technobandið Stefán, Digital Madness, Frank Murder (Public Relations), Tonik, Bacon og DJ Maggi Lego.

Þetta verður fjórða uppákoman sem Nýja samvinnuhreyfingin stendur fyrir. Árið 2006 hélt hún tónleika með slóvensku sveitinni Laibach, í nóvember síðastliðnum hélt hún tónleika til heiðurs bandaríska söngvaranum Lee Hazlewood og í mars voru haldnir tónleikar undir yfirskriftinni Inferno. Tónleikarnir á Organ hefjast klukkan 22 og kostar 800 krónur inn.



**ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN** Facebook-tónleikar verða haldnir á skemmtistaðnum Organ í kvöld.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARA M. LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 1 - 2.30 - 4 | |
| 21 | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 1 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AWAKE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| 21 | kl. 3.20 - 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 3.30 - 6 - 10 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| KITE RUNNER | kl. 3.30 | |
| HORTON ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 | |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | | |
|---|---|---|---|
| LAKE OF FIRE (MYNDVARPI) | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | 10 |
| BELLA | kl. 3 | ENSKUR TEXTI | |
| THE KING OF KONG | kl. 3 - 8 | ÍSLENSKUR TEXTI | |
| CARAMEL | kl. 3 - 10.20 | ENSKUR TEXTI | |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 | ENSKUR TEXTI | 16 |
| WAR/DANCE (MYNDVARPI) | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 7 |
| SAND AND SORROW | kl. 6 | ENSKUR TEXTI | 16 |
| THE BAND´S VISIT | kl. 6 - 8 | ENSKUR TEXTI | |
| THE AGE OF IGNORANCE | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | |
| LIVING LUMINARIES | kl. 3 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| SURFWISE (MYNDVARPI) | kl. 10 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| BEAUFORT | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 - 10 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 3.20 - 4.40 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE ORPHANAGE | kl. 10 | 16 |
| HORTON | kl. 4 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 2, 4 og 6 - 550 kr. | L |
| THE RUINS | kl. 8 og 10 | 16 |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 2, 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2 og 4 | L |




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH... | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| P2 | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | 16 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 3:15 - 5:30 | VIP |
| RUINS | kl. 6 - 8 - 10:30 | 16 |
| FOOL´S GOLD | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 2D - 4D - 6D | 10 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| STEP UP 2 | kl. 2 - 4 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| P2 | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 2D - 4D - 6D - 8D - 10D | 10 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 10:10 | 12 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10:10 | 10 |
| BUBBI BYGGIR M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 10 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 6 - 8 | L |
| DOOMSDAY | kl. 10:15 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 4 - 6 | 10 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 | L |
| UNDERDOG ÍSL TAL | kl. 4 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH ... | kl. 8 - 10:20 | L |
| FOOL'S GOLD | kl. 8 | 12 |
| VANTAGE POINT | kl. 10:20 | 16 |
| BUBBI BYGGIR ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 - 6 | 7 |









REGNBOGINN
11. - 30. APRÍL

# BÍÓ-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS

# GAGNRÝNENDUR ERU Á EINU MÁLI




OPNUNAR-MYND

SÉRSVEITIN

★★★★½
"Verðlaunamyndin frá Berlínarhátíðinni í vetur virkar líkt og tryllingslegt hnefahögg í andlitið... vammlaus í útliti, áhrifin ólýsanleg!"
*- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið*

★★★★
"Tropa de Elite sver sig í ætt við City of God; hrá og drungaleg frásagnaraðferð myndarinnar er mjög nákvæm og trúverðug. Groddaraleg hasatriði standa upp úr og vandaður leikur er í fyrirrúmi."
*- VJV, Fbl/Topp5*




DONKEY KONG KÓNGURINN

★★★★
"Ein skemmtilegasta heimildarmynd sem gerð hefur verið um nokkurt skeið."
*- LIB, Fbl / Topp5.is*

★★★½
"Útkoman er heimildarmynd sem er jafn grátbrosleg og hún er skemmtileg."
*- Heiða Jónsdóttir, Morgunblaðið*




BEAUFORT

★★★½
"Vel leikin og gerð stríðsádeila... áhrifaríkustu atriðin eru í þögninni, óvissunni hvað gerst næst..."
*- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið*




BRIMAÐ AF SKYNSEMI

★★★½
"Það er gaman að kynnast Paskowitz fjölskyldunni."
*- Anna Sveinbjarnardóttir, Morgunblaðið*




STRÍÐ/DANS

★★★★
"Stríð / dans er mynd sem ætlað er að snerta áhorfendur inn að kviku og það tekst henni svo sannarlega."
*- Heiða Jónsdóttir, Morgunblaðið*




HEIMSÓKN HLJÓMSVEITAR

★★★½
"Myndin er tragísk og rómantísk í senn, gamansöm og mannleg og á endanum mjög ánægjuleg stund í kvikmyndahúsi."
*- Loftur Ingi Bjarnason, Fbl/Topp5.is*

# AÐEINS 5 DAGAR EFTIR

## AF AUGLÝSTRI DAGSKRÁ

AÐEINS ÖRFÁAR MYNDIR SÝNDAR ÁFRAM FRÁ 24. APRÍL!

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIDI.IS

ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

REGNBOGINN

græna ljósið

### > Átta liða úrslit Lengjubikars karla í dag

Tveir leikir fara fram í átta liða úrslitum Lengjubikars karla í dag þegar KR og ÍA mætast í Kórnum í Kópavogi kl. 14 og Fram fær FH í heimsókn á Framvöllinn í Safamýrinni, og hefst sá leikur einnig kl. 14. Undanúrslitaleikirnir verða svo leiknir fimmtudaginn 24. apríl og úrslitaleikurinn fimmtudaginn 1. maí. FH varð deildarbikarmeistari í fyrra annað árið í röð og í fjórða skiptið á síðustu sex árum eftir 3-2 sigur gegn Val í framlengdum úrslitaleik.



**sport**
sport@frettabladid.is

**AÐALSTEINN REYNIR EYJÓLFSSON:** HELDUR RÓ SINNI ÞÓTT STJARNAN SÉ KOMIN Í BÍLSTJÓRASÆTI N1-DEILDAR KVENNA

# *Best að segja sem allra minnst í augnablikinu*



Toppbarátta N1-deildar kvenna í handbolta opnaðist upp á gátt eftir að Valsstúlkur báru sigurorð af Framstúlkum í fyrrakvöld. Núna geta þrjú lið tölfræðilega orðið Íslandsmeistarar, Fram, Valur og Stjarnan. Fram er sem fyrr á toppnum með 39 stig og á einn leik eftir gegn FH, þá kemur Valur með 36 stig og á tvo leiki eftir og Stjarnan fylgir þar fast á eftir með 35 stig og á þrjá leiki eftir, en Valur og Stjarnan mætast einmitt í lokaumferðinni 3. maí næstkomandi. Fram og Valur þurfa bæði að klára sína leiki og treysta svo á önnur lið til þess að vinna deildina en Stjarnan verður Íslandsmeistari sigri það þá þrjá leiki sem liðið á eftir, vegna betri innbyrðis stöðu gegn Fram. Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var þó hinn rólegasti yfir stöðu mála þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær.

„Við eigum þrjá erfiða leiki eftir og þurfum að vinna þá alla til þess að vinna deildina, það er því enn langt í land og ekkert í hendi enn. Það er því best að segja sem allra minnst um þetta í augnablikinu,“ sagði Aðalsteinn sem hrósar Stjörnustúlkunum í hástert fyrir framgöngu þeirra í vetur.

„Það hefur náttúrulega mikið gengið á í herbúðum okkar í vetur með banninu sem ég fór í og meiðslum lykilleikmanna, og það er ánægjulegt að sjá hvernig stelpurnar hafa þjappað sér saman og komið sér í þá stöðu að vera enn með í baráttunni um titilinn. Þær hafa lagt mikið á sig á æfingum og í leikjum, vonandi heldur það bara áfram og við sjáum til hverju það skilar okkur,“ sagði Aðalsteinn sem lendir í sérkennilegri stöðu í dag þegar Stjarnan heimsækir Fylki, en hann hefur samið við Árbæjarliðið til þriggja ára og tekur við liðinu eftir tímabilið í ár.

„Það er vitanlega óþægileg staða að vera búinn að semja við eitt félag og vera enn að starfa fyrir annað þegar þau mætast en svona er þetta bara,“ sagði Aðalsteinn, sem hvatti að lokum alla handboltaáhugamenn til þess að mæta á völlinn og standa við bakið á sínum liðum á lokasprettinum í deildinni.



**NÁ VEL SAMAN** Veigar Páll og Daniel Nannskog þykja ná einstaklega vel saman með Stabæk. STABÆK/NANI

Veigar Páll Gunnarsson:

## Gæti farið eftir þetta tímabil

**FÓTBOLTI** Í gær birtist ítarlegt viðtal við Veigar Pál Gunnarsson hjá Stabæk á norska netmiðlinum Nettavisen þar sem landsliðsmaðurinn talar um að tímabilið í ár gæti verið hans síðasta í treyju norska liðsins.

„Það hafa njósnarar frá í það minnsta fjórum liðum í ensku úrvalsdeildinni og einhverjum liðum frá Ítalíu komið og horft á mig spila. Ég hef hins vegar alltaf verið svo stressaður þegar ég heyri af þessu að ég hef yfirleitt leikið frekar illa í þeim leikjum þannig að ég reyni að vera ekkert að spá allt of mikið í þetta. Ég væri samt til í að fá að reyna mig í annarri deild og það kemur í ljós hvenær það verður, kannski eftir næsta tímabil,“ sagði Veigar Páll sem hefur skorað 48 mörk í 97 leikjum fyrir Stabæk. - óþ



Baráttusöngvar
í Deiglunni á Akureyri kl. 15:30
www.vg.is



N1 DEILDIN
Laugard. 19. apríl
N1 deild karla
Varmá kl 14:00
Afturelding - Fram
Vestmannaeyjar kl. 14:00
ÍBV - HK
KA heimilið kl. 16:00
Akureyri - Valur
N1 deild kvenna
KA heimilið kl. 14:00
Akureyri - HK
Fylkishöll kl. 15:15
Fylkir - Stjarnan
Ásvellir kl. 17:00
Haukar - Grótta


# Orðinn virkilega hungraður í titilinn

**Hlynur Bæringsson á enn eftir að verða Íslandsmeistari í körfubolta. Þessi frábæri leikmaður fær nú þriðja tækifærið til þess að spila um titilinn ásamt félögum sínum í Snæfelli þegar þeir glíma enn á ný við Keflvíkinga. Fyrsti leikur úrslitaeinvígisins fer fram í Toyota-höllinni í Keflavík klukkan 16 í dag.**

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson og félagar í Snæfelli eru komnir í þriðja sinn í lokaúrslitin á fimm árum og líkt og í hin skiptin standa Keflvíkingar í vegi fyrir þeim og fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í sögu félagsins.

„Við höfum ekki verið nógu sterkir til þess að klára þetta undanfarin ár. Ég held að við séum betri en við höfum verið þessi ár sem við höfum verið að detta út,“ segir Hlynur, sem er klár í Keflvíkingana.

„Þó að við höfum unnið þá í úrslitakeppninni í fyrra skipti sú sería ekki jafn miklu máli og þegar þeir unnu okkur. Ég hræðist það þó ekkert að við höfum tapað fyrir þeim tvisvar því það eru nýir menn í báðum liðum,“ segir Hlynur en Snæfell tapaði báðum úrslitaeinvígjunum 3-1 vorin 2004 og 2005.

„Þeir voru með frábært lið, voru líka bæði árin með heilsteyptara lið og búnir að spila lengur saman. Mér finnst það vera okkar helsti kostur í dag. Nú erum við búnir að vera lengi saman,“ segir Hlynur. Snæfell hefur komist í alla úrslitaleiki í vetur og á möguleika á að vinna þrefalt þrátt fyrir að liðið hafi aðeins endað í fimmta sæti í deildinni. „Við erum búnir að klára marga stóra leiki í vetur,“ segir Hlynur en til þess að vinna titilinn þarf liðið að vinna í Keflavík, sem tókst ekki 2004 eða 2005. „Auðvitað þurfum við að vinna á útivelli en heimaleikina okkar verðum við að klára. Við megum ekki treysta á það að þurfa að vinna fleiri en einn leik í Keflavík. Það var það sem klikkaði á móti KR í fyrra því það var ekki seinasti leikurinn sem klikkaði heldur var það fjórði leikurinn hérna heima,“ segir Hlynur en KR vann það með 24 stigum í Hólminum og síðan í framlengingu í oddaleiknum í DHL-höllinni.



**ÚRSLITASTUND** Hlynur Bæringsson og félagar í Snæfelli mæta nú Keflvíkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hlynur var frábær í undanúrslitaeinvíginu á móti Grindavík og tók meðal annars 37 fráköstum meira en næsti maður. „Ég var sáttur með mig í einvíginu á móti Grindavík og það var mjög gott hjá okkur að vinna Grindavík 3-1 því það er hörkugott lið,“ segir Hlynur.

Hann var ekki eins sáttur við þau ummæli Friðriks Ragnarssonar, þjálfara Grindavíkur, að hann kæmist upp með meira en aðrir. „Ég var mjög ósáttur við þessi ummæli hjá Frikka því ég legg mikla vinnu í það að spila góða vörn og reyni að forðast villuvandræði. Ég er nú ekkert brjálaður yfir þessu en fannst hann bara hafa hlaupið á sig. Ég viðurkenni það samt alveg að ég var sár að heyra svona áður en við förum að spila í lokaúrslitunum. Auðvitað tek ég á því en þetta stenst engin rök því ekki var ég í villuvandræðum með landsliðinu og ekki í Hollandi. Það eru þá allir dómarar heimsins að reyna að halda mér inni á vellinum,“ sagði Hlynur í léttum tón.

Hlynur býst við skemmtilegum leikjum á móti Keflavík. „Pressan er á öllum því það er enginn skandall þótt annað hvort liðið tapi þessarri seríu. Þessi sería gæti farið 3-0 fyrir hvort liðið en eins gæti hún farið 3-2 fyrir hvort liðið. Hún verður heldur ekki búin þó að við vinnum fyrstu tvo eða að þeir vinni fyrstu tvo,“ segir Hlynur og bætir við:

„Við erum sæmilega rólegir fyrir leikinn á morgun og vitum að þessi sería er ekkert að fara að klárast á morgun sama hvernig fer. Þetta voru allt góðir leikir við þá í vetur en ég held að þeir hafi allir unnist á 2 til 3 stigum. Við vorum klaufar að tapa fyrir þeim hérna heima fyrir áramót. Þetta voru mjög skemmtilegir leikir eins og alltaf á móti Keflavík og þeir voru allir jafnir fram á seinustu sekúndu,“ segir Hlynur. Hann segist vera búinn að bíða lengi eftir að handleika Íslandsmeistarabikarinn.

„Mig langar mikið að vinna þennan titil og finnst vera kominn tími á það. Ég er búinn að leggja mikið á mig í gegnum tíðina eins og við allir í Snæfellsliðinu. Ég er orðinn virkilega hungraður í titilinn,“ sagði Hlynur að lokum.

Fyrsti leikur Keflavíkur og Snæfells fer fram klukkan 16 í dag í Toyota-höllinni í Keflavík.

ooj@frettabladid.is

Siguður Ingimundarson, Þjálfari Keflavíkur, getur jafnað eitt met og bætt annað í lokaúrslitunum:

# Sigurður afar sigursæll í lokaúrslitum

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflvíkinga, getur orðið fyrsti þjálfarinn til þess að gera lið fimm sinnum að Íslandsmeisturum eftir úrslitakeppni þegar Keflvíkingar mæta Snæfelli í lokaúrslitunum um titilinn.

Sigurður er nú mættur í sjötta sinn með sitt lið í lokaúrslitin og hefur unnið titilinn í fjögur af fimm skiptum. Vinni Keflavík þá þrjá leiki sem þarf til að vinna Íslandsmeistaratitilinn nær Sigurður jafnframt



**ÞEKKIR ÞETTA VEL** Sigurður Ingimundarson veit manna best hvað þarf til að gera lið að Íslandsmeisturum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að jafna met Friðriks Inga Rúnarssonar yfir flesta sigurleiki í úrslitakeppni en fyrir leikinn hefur Friðrik Ingi stjórnað liðum til sigurs í 58 leikjum á móti 55 sigrum hjá Sigurði.

Sigurður vann titilinn strax á sínu fyrsta ári sem þjálfari karlaliðs Keflavíkur en liðið vann þá Grindavík 3-0 í úrslitum árið 1997. Tveimur árum síðar vann Keflavík 3-2 sigur á Njarðvíkingum í lokaúrslitunum en í bæði þessi skipti var Friðrik Ingi Rúnarsson þjálfari andstæðinganna. Sigurður og lærisveinar hans áttu hins vegar engin svör árið 2002 við Njarðvíkingum, sem unnu þá í þremur leikjum.

Árið eftir vann Keflavík aftur á móti 3-0 sigur á Grindavík í úrslitunum og enn á ný hafði Sigurður betur gegn Friðriki Inga Rúnarssyni sem þjálfaði þá Grindavík. Sigurður tók sér í kjölfarið eitt ár í hlé á meðan Falur Harðarson og Guðjón Skúlason gerðu þá Keflvíkinga að Íslandsmeisturum. Sigurður kom aftur árið eftir og vann þá titilinn eftir 3-1 sigur á Snæfelli í úrslitunum.

Það er ekki hægt að kvarta yfir sigurhlutfalli liða Sigurðar í lokaúrslitunum en lið hans hafa unnið 12 af 18 leikjum.

Keflavíkurliðið hefur fallið út úr undanúrslitum (2006) og átta liða úrslitum (2007) síðustu tvö árin en er nú komið í lokaúrslitin í þrettánda sinn í sögu félagsins.

Vinni Keflavík Íslandsmeistaratitilinn verður það 30. titill karla eða kvenna undir stjórn Sigurðar hjá Keflavík. Hann hefur þjálfað 8 Íslandsmeistara, 6 bikarmeistara, 10 deildarmeistara og 5 fyrirtækjabikarmeistara. - óój



MAX RAFTÆKI
Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna komin á DVD í MAX með íslensku og ensku tali!
ALVIN OG ÍKORNARNIR
ALVIN & ÍKORNARNIR
Með íslensku tali - ensku tali og íslenskum texta
HORTON
Sjáðu Horton í bíó 2 fyrir 1
Framvísaðu límmiðanum í miðasölu bíósins og þú færð tvo miða á verði eins
1.989 kr.
ATH: Myndinni fylgir 2 fyrir 1 bíómiði á Horton sem nú er sýnd í bíó.
Einnig á dúndur tilboði!
1.989 kr.
1.989 kr.
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS
MAX RAFTÆKI

# Íslendingaliðin í vafasömum málum

**Bolton-mennirnir Grétar Rafn Steinsson og Heiðar Helguson eru á kafi í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar ásamt Ívari Ingimarssyni og Brynjari Birni Gunnarssyni hjá Reading. Íslendingaliðin verða í eldlínunni í dag þegar Bolton mætir Middlesbrough og Reading heimsækir Arsenal á Emirates-leikvanginn.**

**FÓTBOLTI** Fallbarátta ensku úrvalsdeildarinnar stendur nú sem hæst og þar eru Íslendingaliðin Bolton og Reading í vafasömum málum.

Grétar Rafn Steinsson og Heiðar Helguson verða líklega báðir í byrjunarliði Bolton sem heimsækir Middlesbrough á Riverside-leikvanginn í dag. Grétar Rafn hefur verið fastamaður í byrjunarliðinu síðan hann var keyptur til félagsins frá AZ Alkmaar í janúar og þykir hafa staðið sig mjög vel en Heiðar hefur ekki náð að festa sig í sessi í liðinu eftir að hafa jafnað sig af meiðslum. Heiðar mun þó eins og segir líklega fá tækifæri í byrjunarliðinu að þessu sinni í fjarveru Kevin Davies sem tekur út leikbann.

Bolton er sem stendur í 18. sæti þegar fjórir leikir eru eftir og þarf nauðsynlega á stigum að halda gegn Middlesbrough til að fylgja eftir sigri sínum gegn West Ham um síðustu helgi.

Ívar Ingimarsson verður án vafa á sínum stað í byrjunarliði Reading þegar liðið mætir Arsenal á Emirates-leikvanginum í dag og Brynjar Björn Gunnarsson verður líklega í leikmannahópnum í fyrsta skipti síðan í lok síðasta árs eftir að hafa náð sér að fullu eftir aðgerð á nára. Ef Brynjar Björn leikur með Reading í dag verður það 300. leikurinn sem hann spilar á Englandi en þessa leiki hefur hann spilað með Reading, Stoke, Nottingham Forest og Watford.



**HARÐUR Í HORN AÐ TAKA** Grétar Rafn Steinsson hefur ekki farið neinum vettlingatökum um stórstjörnur ensku úrvalsdeildarinnar og hér fær Martin Petrov flugferð í leik Bolton og Manchester City á dögunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Aldrei unnið Arsenal

Reading á erfitt verkefni fyrir höndum; hefur tapað öllum þremur leikjum sínum gegn Arsenal í ensku úrvalsdeildinni og þess utan hefur liðið nú ekki skorað mark í 281 mínútu. Gengi Arsenal hefur vissulega verið niður á við upp á síðkastið en það breytir því ekki að liðið hefur aðeins tapað einum af fimmtíu og þremur leikjum sínum síðan það hóf að leika á Emirates-leikvanginum. Arsenal hefur enn fremur unnið tuttugu leiki í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili en Reading hefur tapað þar tuttugu leikjum þannig að það er óhætt að segja að tölfræðin sé ekki á bandi þeirra Ívars og Brynjars.

omar@frettabladid.is



**FORGANGSRÖÐUN** Benitez hvílir lykilmenn gegn Fulham í dag fyrir leikinn gegn Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafa Benitez, Liverpool:

## Svarar Megson fullum hálsi

**FÓTBOLTI** Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, svaraði fullum hálsi beiðni Gary Megson, starfsbróður síns hjá Bolton, þess efnis að Spánverjinn ætti að stilla upp sínu sterkasta liði gegn Fulham í dag út af virðingu við önnur lið í fallbaráttunni.

„Ég verð vissulega með hugann við leikinn gegn Chelsea í Meistaradeildinni á þriðjudag og það eru ákveðnir leikmenn sem ég get ekki tekið áhættu með í leiknum gegn Fulham. Ég mun samt stilla upp liði sem ég tel að geti sigrað Fulham,“ sagði Benitez, sem hlaut mikla gagnrýni frá Neil Warnock, þáverandi stjóra Sheffield United, eftir að Liverpool beið ósigur gegn Fulham á svipuðum tímapunkti í deildinni í fyrra.

„Það kom vissulega upp svipuð staða í fyrra þegar ég hvíldi nokkra lykilmenn gegn Fulham, við töpuðum leiknum og aðstandendur Sheffield United urðu brjálaðir. En hvað gerði Sheffield United í síðasta leik tímabilsins, liðið tapaði leiknum og stundum tel ég að liðin þurfi að líta í eigin barm áður en þau skammast í öðrum,“ sagði Benitez á blaðamannafundi í gær. - óþ



**NÝR SAMNINGUR** Brown skrifaði loks undir nýjan samning hjá United eftir nokkurt þóf. NORDIC PHOTOS/GETTY

United semur við leikmenn:

## Rio, Brown og Carrick semja

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Englandsmeistara Manchester United, tilkynnti á blaðamannafundi í gær að Rio Ferdinand, Michael Carrick og Wes Brown hefðu allir skrifað undir nýja langtímasamninga við United.

Fyrr í vikunni greindi Pini Zahavi, umboðsmaður hins 29 ára gamla Rio Ferdinand, frá því að leikmaðurinn væri við það að skrifa undir nýjan fimm ára samning. Nú hefur það gengið í gegn og telja breskir fjölmiðlar að samningar Carricks og Browns séu einnig til fimm ára.

Hinn 28 ára gamli Brown hafði þegar neitað í það minnsta þremur samningstilboðum frá United og allt leit út fyrir að hann myndi yfirgefa herbúðir félagsins á frjálsri sölu næsta sumar. Honum hefur því greinilega snúist hugur og Ferguson, sem gagnrýndi Brown harðlega fyrir að neita að skrifa undir, var hæstánægður með að Brown hefði loksins skrifað undir.

„Það er ekkert annað félag til fyrir Wes Brown því hann er United-maður í gegn og við vissum að hann myndi skrifa undir á endanum,“ sagði Ferguson sáttur. - óþ








**ÁNÆGÐUR** Kaká blæs á sögusagnir þess efnis að hann sé á förum frá AC Milan og kveðst sáttur þar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kaká, AC Milan:

## Orðinn leiður á sögusögnunum

**FÓTBOLTI** Brasilíski snillingurinn Kaká hjá AC Milan hefur undanfarið verið orðaður við mörg stórlið eftir frekar dapurt gengi Mílanóliðsins á þessari leiktíð. Þá hélt breska dagblaðið The Daily Mirror því fram að Chelsea ætlaði sér að kaupa hann á meðan spænska íþróttablaðið Marca taldi sig hafa heimildir fyrir því að Real Madrid myndi hreppa hann. Kaká blés sjálfur á þessar sögusagnir í viðtali við ítalska blaðið La Gazzetta dello Sport í gær og talaði um framtíð sína hjá AC Milan.

„Á hverjum degi er eitthvert nýtt slúður og á hverju ári er ég keyptur og seldur út um allan heim en ég er samt enn hér hjá AC Milan og er ekki að fara neitt,“ sagði Kaká. Spurður út í mögulega komu Ronaldinho og Andriy Shevchenko til AC Milan lá ekki á svörum hjá honum.

„Ég hef spilað með Ronaldinho hjá brasilíska landsliðinu og það er frábært og ég held að ég, hann og Alexandre Pato gætum allir leikið í byrjunarliðinu og náð vel saman. Shevchenko er frábær leikmaður og góður vinur minn í þokkabót og það elska hann allir hjá AC Milan og ég held að hann myndi vel geta fundið sér sess í liðinu á ný,“ sagði Kaká. - óþ



**EFTIRSÓTTUR** Amauri er einn eftirsóttasti leikmaðurinn í dag, ef marka má umboðsmann hans. NORDIC PHOTOS/GETTY

Mariano Grimaldi:

## Arsenal sýnir Amauri áhuga

**FÓTBOLTI** Carvalho de Oliveira Amauri, eða Amauri eins og hann er jafnan kallaður, er afar eftirsóttur þessa dagana eftir að hafa slegið rækilega í gegn með Palermo í ítölsku Serie A-deildinni. Hinn 27 ára gamli Amauri hefur verið orðaður við hvert stórliðið á fætur öðru undanfarið og nú hefur Arsenal bæst við þann hóp ef marka má viðtal við Mariano Grimaldi, umboðsmann Amauri, í gær.

„Arsenal hefur bæst á lista yfir hóp liða sem hafa spurst fyrir um Amauri en Liverpool, Real Madrid og Juventus hafa þegar haft samband og kannað jarðveginn hjá Palermo,“ sagði Grimaldi í viðtali við Terra Brazil.

Amauri hefur skorað 13 mörk fyrir Palermo í vetur en forseti félagsins lét nýlega hafa eftir sér í fjölmiðlum að hann yrði ekki seldur á minna en 19 milljónir punda. Amauri er frá Brasilíu en hefur nú þegar sótt um ítalskt vegabréf eftir að hafa verið á Ítalíu síðan árið 2001 og Roberto Donadoni, landsliðsþjálfari Ítalíu, hefur gefið út að hann muni fylgjast grannt með stöðu mála hjá Amauri sem hefur aldrei verið valinn í brasilíska landsliðið. - óþ

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, er ánægður með riðilinn sem íslenska landsliðið mun leika í:

# Við getum án nokkurs vafa vel við unað

**HANDBOLTI** Dregið var í riðla í gærkvöld í undankeppni Evrópumótsins í handbolta sem fram fer í Austurríki árið 2010. Ísland mun leika í riðli 3 ásamt Noregi, Makedóníu, Eistlandi, Belgíu og Moldavíu en Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, var viðstaddur dráttinn.

„Við getum án nokkurs vafa vel við unað. Við erum í raun í riðli með þremur þjóðum sem eru ekki mjög sterkar handboltaþjóðir, Eistland, Belgía og Moldavía og svo er Makedónía sterk og alltaf gaman að eiga við frændur okkar Norðmenn,“ sagði Einar sem er jafnframt sáttur með nýtt fyrirkomulag undankeppninnar sem felur í sér þróun í átt til þess sem þekkist í knattspyrnunni. 38 þjóðir taka þátt í undankeppninni og dreifast í sjö riðla þar sem leikið er heima og að heiman. 16 þjóðir munu svo taka þátt í lokakeppninni í Austurríki árið 2010 en tvær þjóðir eru þegar komnar þangað, Evrópumeistarar Dana og heimamenn Austurríkis.

„Þetta þýðir það einfaldlega að það verða fleiri leikir sem skipta máli á Íslandi og hafa einhverja merkingu og það er spennandi. Kostnaðurinn er aftur á móti vissulega meiri og meira af ferðalögum,“ sagði Einar sem telur að handboltaíþróttin sem slík muni græða á þessari þróun.

„Ég held að þetta sé allt í rétta átt hjá handboltanum og þetta kerfi gerir hann án vafa áhugaverðari og sýnilegri,“ sagði Einar að lokum.

**Dagur í sviðsljósinu**

Dagur Sigurðsson, aðalþjálfari austurríska landsliðsins, var vitaskuld viðstaddur dráttinn í gærkvöld og bætti um betur því hann sá einnig um að draga í riðlana. Dagur var hreint ekki í slæmum félagsskap því Ulrik Wibek, þjálfari Evrópumeistara Danmerkur, Lino Cervar, þjálfari Króatíu, og Heiner Brand, þjálfari Þýskalands, voru með honum að störfum. - óþ



**SÁTTUR** Einar Þorvarðarson var viðstaddur dráttinn í gær og kvaðst sáttur með útkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR




Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...  ...góðar fréttir fyrir umhverfið

> **Viggo Mortensen**

Íslandsvinurinn knái er ekki við eina fjölina felldur þegar kemur að listinni. Hann þykir ágætt ljóðskáld og hefur gefið út ljóðabækur auk þess sem hann hefur sent frá sér nokkrar djassplötur. Viggo leikur í ævintýramyndinni Hidalgo sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI ER MEÐ SEX STÖÐVAR Í MINNI

# *Besti útvarpsmaður í heimi*

Hlustun mín á útvarp er gríðarlega niðurnjörvuð. Ég læt Morgunvaktina á Rás 1 malla undir morgunverkunum. Þar er boðið upp á gríðarlega misáhugavert efni en einhvern veginn finnst mér sæma manni á mínum aldri að hlusta á þetta, undir því yfirskyni að ég sé að „fylgjast með“. Svo koma fréttirnar klukkan 8, en það er sem betur fer oftast ekkert í þeim svo ég get flýtt mér út.

Í bílnum er ég með sex stöðvar í minni. Á leið til vinnu hlusta ég áfram á Morgunvaktina en stilli oft yfir á X-ið til að gá hvort það sé eitthvað almennilegt rokk í gangi. Þeir eru oft með eitthvað almennilegt en stundum með ömurlegt handboltarokk. Þá stilli ég á Bylgjuna og vonast eftir ELO eða á Gest Einar og Hrafnhildi og vonast eftir Kinks.

Á leið í ræktina í hádeginu eru menn að röfla um íþróttir á bæði X-inu og Rás 2. Þá kemur sér vel að vera líka með FM957 í valinu og geta æst sig upp fyrir ræktina með hnarreistu hnakkapoppi. Svona er maður ógeðslega víðsýnn. Á leiðinni úr ræktinni er Poppland á Rás 2 byrjað og það er sjálfvalið.

Á leiðinni heim eftir vinnu er það Síðdegisútvarpið, enda valinn maður í hverju rúmi þar. Þegar ég er kominn heim er þó aðeins eitt sem getur haldið mér áfram í bílnum og hlustað á til enda; pistill frá Kristni R. Einarssyni. Hann er hvílíkur snillingur að jafnvel hin allra leiðinlegustu viðfangsefni vakna til lífsins úr munni hans. Orðin flæða út úr Kristni eins og hreinasta og besta eðalhunang í heimi. Hann einn og sér gerir þá hugmynd að landsmenn leggi íslenskunni og fari að tala ensku að óráðshjali geðsjúklings. Stórriddarakross á manninn strax!



**MEÐ HUNANGSGERÐ Í MUNNINUM** Kristinn R. Ólafsson er besti útvarpsmaður í heimi.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00** **Blackburn-Man. Utd.** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.10** **Honey, I Shrunk the Kids** STÖÐ 2



▶ **20.10** **What a Girl Wants** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** **Boston Legal (e)** SKJÁREINN



▶ **01.00** **Hopkins-Calzaghe** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn, Skúli skelfir, Leyniþátturinn og Hrúturinn Hreinn.
**10.00 Einu sinni var... - Maðurinn**
**10.30 Kastljós**
**11.00 Kiljan**
**11.45 07/08 bíó leikhús**
**12.15 Skíðamót Íslands 2008**
**13.05 Leyndarmál kynjanna** (3:3)
**14.00 Norska útvarpshljómsveitin og Come Shine**
**15.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Fylkis og Stjörnunnar í efstu deild kvenna.
**16.55 Ofvitinn** (19:23) (Kyle XY II)
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 Útsvar**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.45 Spaugstofan**
▶**20.10 Í föðurleit** (What a Girl Wants) Bandarísk unglingsstúlka kemst að því að pabbi hennar er breskur aristókrati. Hún vill kynnast honum en gerir sér grein fyrir að það gæti valdið hneyksli og reynst honum dýrkeypt í kosningum. Meðal leikenda eru Colin Firth, Kelly Preston og Jonathan Pryce.
**21.55 Ráðskona klerksins** (Keeping Mum) Bresk bíómynd frá 2005.
**23.35 Hidalgo**
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 To Walk with Lions**
**08.10 Lake House**
**10.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**12.00 Thunderstruck**
**14.00 To Walk with Lions**
**16.00 Lake House**
**18.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**20.00 Thunderstruck**
**22.00 Lucky Number Slevin**
**00.00 Æon Flux**
**02.00 Kill Bill**
**04.00 Lucky Number Slevin**

## STÖÐ 2

**07.00 Ofurhundurinn Krypto**
**07.25 Hlaupin**
**07.35 Gordon Garðálfur**
**07.50 Blær**
**07.55 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo, Louie og Tomma og Jenna.
**09.40 Chronicles of Narnia: The Lion, The Witch and the Wardrobe**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Bold and the Beautiful**
**12.50 Bold and the Beautiful**
**13.10 Bold and the Beautiful**
**13.30 Bold and the Beautiful**
**13.50 Bold and the Beautiful**
**14.15 American Idol** (28:42)
**15.00 American Idol** (29:42)
**16.30 American Idol** (30:42)
**17.25 Sjáðu**
**17.55 Sjálfstætt fólk**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
▶**19.10 Fjölskyldubíó: Honey, I Shrunk the Kids** Drepfyndin og brellum hlaðin ævintýramynd frá Disney fyrir börn á öllum aldri. Myndin fjallar um uppfinningamann sem finnur upp vél sem getur minnkað hluti og fólk. Fyrir slysni komast krakkarnir hans í vélina og verða minni en minnstu maurar. Þau lenda í ótrúlegustu ævintýrum þegar þau hafna úti í bakgarðinum hjá sér og þurfa með öllum ráðum og dáðum að komast aftur heim í hús og vekja athygli pabba. En það er hægara sagt en gert þegar maður er á stær við rykkorn. Aðalhlutverk: Rick Moranis, Marcia Strassman, Matt Frewer. Leikstjóri: Joe Johnston. 1989. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.45 My Super Ex-Girlfriends**
**22.20 The Riverman** Hörkuspennandi sannsöguleg sakamálamynd sem segir frá eltingaleiknum við einn hættulegasta raðmorðingja Bandaríkjanna.
**23.50 The Interpreter** Pólitískur spennutryllir um svikráð og samsæri innan Sameinuðu þjóðanna með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Leikstjóri: Sydney Pollack. 2005. Stranglega bönnuð börnum.
**01.55 Devil's Pond**
**03.30 House of Sand and Fog**
**05.35 Fréttir**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.45 Veitt með vinum** (Tungufljót)
**08.15 Inside the PGA**
**08.40 NBA körfuboltinn** (Celtics - Nets)
**10.40 Inside Sport**
**11.10 World Supercross GP**
**12.05 Utan vallar**
**12.55 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Kiel og Lemgo.
**14.50 King of Clubs** (Boca Juniors)
**15.20 Spænski boltinn - Upphitun**
**15.50 Iceland Expressdeildin 2008** (Keflavík - Snæfell) Bein útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.
**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Espanyol.
**19.50 Þýski handboltinn** (Kiel - Lemgo)
**21.20 Iceland Expressdeildin 2008** (Keflavík - Snæfell)
**23.00 Heimsmótaröðin í póker**
**23.45 Joe Calzaghe-Mikkel Kessler** (e)
▶**01.00 Box** Bein útsending frá bardaga Bernards Hopkins og Joe Calzaghe en sá síðarnefndi er ósigraður í boxheiminum hingað til en Hopkins hefur sagt að einu sinni sé allt fyrst. Þetta er bardagi sem enginn má missa af.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.30 Premier League World**
**09.00 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)
**09.30 PL Classic Matches**
**10.00 Goals of the season** (02/03)
**11.00 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**11.30 Arsenal - Reading** Bein útsending frá leik Arsenal og Reading.
**13.45 Fulham - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Fulham og Liverpool í ensku úvalsdeildinni. Sport 3. Wigan - Tottenham Sport 4. Middlesbrough - Bolton Sport 5. West Ham - Derby
▶**16.00 Blackburn - Man. Utd.** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Blackburn og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 4 4 2** Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**19.30 4 4 2**
**20.50 4 4 2**
**22.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**10.15 Vörutorg**
**11.15 World Cup of Pool 2007**
**12.05 Rachael Ray** (e)
**14.20 Skólahreysti** (e)
**15.10 Skólahreysti (e)**
**17.10 Top Gear (e)**
**18.00 Psych** (e)
**18.50 Survivor: Micronesia** (e) Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.
**19.40 Game tíví** (e) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.10 Jericho** (e)
▶**21.00 Boston Legal** (e) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Denny Crane afþakkar hjálp frá Alan Shore og baðar sig í sviðsljósinu þegar hann tekur að sér morðmál sem vekur mikla athygli. Shirley og Carl óttast að hann stofni orðspori lögfræðiskrifstofunnar í voða.
**22.00 Life** (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Heimilislaus unglingsstúlka er myrt. Crews og Reese tengja málið feðgum sem eiga stórt leyndarmál. Á sama tíma reynir Crews að svæla út mennina sem komu honum í fangelsi 12 árum áður.
**22.50 Minding the Store - NÝTT**
**23.15 Svalbarði** (e)
**00.05 C.S.I.** (e)
**00.55 Law & Order** (e)
**01.45 Professional Poker Tour** (e)
**03.10 C.S.I.** (e)
**04.00 C.S.I.** (e)
**04.50 Vörutorg**
**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**

### My Super Ex-Girlfriend



Létt og skemmtileg rómantísk gamanmynd með Umu Thurman, Luke Wilson og Eddie Izzard (The Riches) í aðalhlutverkum. Myndin er frá hinum gamalreynda Ivan Reitman (Ghostbusters, Stripes, Twins) og fjallar um kvenkyns ofurhetju sem tekur til sinna ráða þegar mennski kærastinn hennar lætur hana róa með heldur óskemmtilegum hætti.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Keflavík-Snæfell**

**Stöð 2 sport kl. 15.50**

Fyrsti leikurinn í úrslitaeinvíginu milli Keflavíkur og Snæfells. Snæfellingar eru nú þegar búnir að leggja hin Reykjanesstórveldin, Grindavík og Njarðvík, en tekst þeim einnig að leggja hina firnasterku Keflvíkinga?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Þjóðbrók
**15.20** Vorhret í sólskinskistunni
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Á hljóðbergi: Glamour/ Glamúr
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**15.00 Hollyoaks** Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**18.00 Skífulistinn**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten**
**19.30 Comedy Inc.** (11:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**20.00 Hæðin** (5:9) Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð.
**20.45 Entourage** (2:20)
**21.15 Chappelle´s Show** Dave Chappelle er einn allra vinsælasti OG umdeildasti grínistinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er hann mættur í þriðju þáttaröðinni og hefur aldrei verið meira krassandi.
**21.45 The Class** (2:19)
**22.15 Talk Show With Spike Feresten**
**22.40 Comedy Inc.** (11:22)
**23.05 Hæðin** (5:9)
**23.55 Entourage** (2:20)
**00.25 Chappelle´s Show**
**00.50 The Class** (2:19)
**01.25 Skífulistinn**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Big Cat Diary **11.30** Big Cat Diary **12.00** Wildlife Specials **13.00** The Song of the Earth **14.00** Wild New World **15.00** Animal Park: Wild in Africa **15.30** Animal Park: Wild in Africa **16.00** Ray Mears' Extreme Survival **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** The Weakest Link **19.00** The Murder Room **20.30** Next of Kin **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Coupling **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** The Murder Room **0.30** Next of Kin **1.00** Only Fools and Horses **1.30** Coupling **2.00** The Murder Room

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr Extern **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **11.35** Family Guy **12.00** Her kommer eliten **12.30** Venner på eventyr **12.55** Truslen fra dybet **13.35** Miss Marple: Liget i biblioteket **15.05** OBS **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hvaffor en hånd med Casper Christensen **16.00** Løgnhalsen som jæger **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Pigen og pressefotografen **19.35** Kriminalkommissær Barnaby **21.10** Kodenavn: Jane Doe **22.30** Conviction **23.10** Boogie Prisen

## NRK 1

**8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Mitt land - min verden **9.15** Gjensynet **10.15** Åpningsgalla Den Norske Opera & Ballett **12.15** Kunnskapskanalen 2008: Hannah Arendt: Makt og ideologi **12.45** På solsiden **14.05** - Jeg ville anlegge bart for å bli h¢rt **14.35** Drømmerollen **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **15.59** Barne-tv **16.00** Barnas supershow **16.30** Fra 7-ende til 8-ende **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Trond Kirkvaag: Komplett komiker **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Thor Heyerdahl: På jakt etter paradiset **21.00** Kveldsnytt **21.15** Änglagård **23.10** P3tv spesial **23.35** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**10.15** Barnmorskorna **10.45** Morgonsoffan **11.15** Kobra **11.45** Andra Avenyn **12.15** Andra Avenyn **12.45** Andra Avenyn **13.15** Uppdrag Granskning **14.15** Häxdansen **15.00** Så ska det låta **16.00** Bolibompa **16.05** Disneydags **17.00** Eva och Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Glasklart **19.00** Sixties **19.30** Svindlarna **20.25** Duplex - Drömhus med förhinder **21.55** Rapport **22.00** Karl för sin kilt




hættu að gráta...

saxaður og skorinn laukur
í alla matargerð

Hver kannast ekki við sviða og óþægindi í augum þegar laukur er skorinn eða saxaður. Frábær nýjung frá Hollt og Gott, tilbúinn laukur í allan mat. Bæði laukur og rauðlaukur.

Njóttu þess að borða lauk ógrátandi...!




Hollt & Gott

## PERSÓNAN

*Margrét Gaua Magnúsdóttir*



**Aldur:** 31 árs.
**Starf:** Bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.
**Fjölskylda:** Bjarnabæjarpakkið samanstendur af Davíð Arnari Stefánssyni, háskólanema og eiginmanni, dætrunum Björk, tíu ára og Rósu, 20 mánaða, hundi og tveimur köttum.
**Foreldrar:** Magnús Kjartansson tónlistarmaður og Sigríður K. Oddsdóttir flugfreyja.
**Búseta:** Bjarnabær á Suðurgötu í Hafnarfirði.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki og fædd á ári drekans.
**Margrét** Gaua mun rjúfa þögnina og flytja lagið Sólarsömbu ásamt föður sínum, Magnúsi Kjartanssyni, í fyrsta sinn í tuttugu ár í vikunni.



**LÁRÉTT 2.** báru að **6.** átt **8.** frostskemmd **9.** fálm **11.** tveir eins **12.** teygjudýr **14.** rými **16.** grískur bókstafur **17.** áþekk **18.** kk nafn **20.** í röð **21.** svall.

**LÓÐRÉTT 1.** egna **3.** klafi **4.** land í SA-Asíu **5.** hár **7.** blóðsuga **10.** mál **13.** eldur **15.** tafl **16.** samstæða **19.** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** sv, **8.** kal, **9.** pat, **11.** ll, **12.** amaba, **14.** pláss, **16.** pí, **17.** lík, **18.** ari, **20.** aá, **21.** rall.

**LÓÐRÉTT: 1.** espa, **3.** ok, **4.** malasía, **5.** ull, **7.** vampíra, **10.** tal, **13.** bál, **15.** skák, **16.** par, **19.** il.

# Heiðursgesturinn Guðni fær kaldar kveðjur

„Það hvín í tálknunum á einhverjum óróaseggjum sem hafa mig fyrir rangri sök þykir mér,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Gríðarleg ólga hefur verið á spjallsvæði Stangveiðifélags Reykjavíkur vegna þess að Guðni hefur valist til að vera heiðursgestur á árshátíð félagsins sem haldin verður 23. þessa mánaðar. Árshátíðin er ein af helstu póstum samkvæmislífsins á mörgum bæjum.

„Þetta líkist helst því að Bandaríkin heiðri Osama bin Laden,“ skrifar Jón Þór Júlíusson, einn helsti leigutaki íslenskra stangveiðiáa landsins. Margur hefur tekið í sama streng og Jón Þór og eru menn með ýmsar hugmyndir um að standa upp og ganga út þegar Guðni tekur til máls. Þótt Guðni sé ýmsu vanur segist hann varla hafa séð annað eins. „Að veiðimálum og veiðilöggjöf kom ég verulega sem ráðherra. Og sýndi alltaf íslenska laxinum og laxveiðiám þá virðingu sem ég gat. Stundum er maður hafður fyrir rangri sök og við það verður að sitja. Mér er áskorun að fara á árshátíðina til þeirra. þetta er eins og að glíma við þann stóra,“ segir Guðni og ætlar ekki að láta þetta hafa áhrif á sig. Er ekki búinn að semja ræðuna heldur ætlar að gera það á staðnum enda einhver snjallasti tækifærisræðumaður landsins. „Þetta kemur mér á óvart því þótt ég viti að stangveiðimenn séu skapmenn og hafi skoðanir eru þeir sem ég þekki drenglundaðir. En misjafn er sauður í mörgu fé.“

Jón Þór segist í samtali við Fréttablaðið hvergi leyna skoðunum sínum og Guðni sé ekki sinn maður, hafi staðið sig illa sem landbúnaðarráðherra í málefnum stangveiðimanna. „Hann á það ekki skilið að vera heiðursgestur. En ég hvet þó alla til að mæta. Ég hef farið frá því ég hafði aldur til. Í mörgæsarbúningnum. Og læt Guðna ekki eyðileggja það fyrir mér.“ **- jbg**



**JÓN ÞÓR** Guðni á ekki skilið að vera heiðursgestur segir Jón Þór sem hvetur þó alla til að mæta á árshátíðina.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Hefur oft komist í hann krappan en aldrei séð annað eins og óróaseggina í Stangveiðifélagi Reykjavíkur.

**ÓLI PALLI:** VEIT EKKI HVERNIG Á AÐ SVARA SVONA VITLEYSU

# Bubbi kominn út á Rás 2

„Já, það er rétt. Þetta lag er ekki spilað. En ég stjórna því ekki hvort ég er spilaður eða ekki. Þeir hljóta að vera fullfærir um að svara því, Óli Palli og þeir á Rás 2,“ segir Bubbi Morthens.

Upp er komið sérkennilegt mál en einn vinsælasti tónlistarmaður landsins telur að hann sé einhverra hluta vegna kominn út í kuldann hjá Rás 2. Ný útgáfa Bubba og Björns Jörundar á laginu „Ég er kominn heim“ sem Óðinn Valdimarsson gerði vinsælt á 7. áratug síðustu aldar fær varla spilun að mati Bubba. Á meðan hljómar á Rás 2 lagið í útgáfu Sigurðar Guðmundssonar sem betur er þekktur sem Siggi úr Hjálmum. Það lag verður að finna á plötu hans sem væntanleg er 20. maí. „Já, stundum er þetta þannig að maður er ekki inni. Ég hef verið áratugi í bransanum og hef tekið nokkra kollhnísa á ferlinum. Þannig að ég þekki það alveg. En, eins og þar stendur, þá veit ég ekki hvað veldur nú. Óli Palli ætti að vera manna líklegastur til að spila Bubba en ég hef orðið var við að lagið er nánast ekkert spilað á Rás 2,“ segir Bubbi. Og vill meina að hann sé ekki lengur „kominn heim“ á Rás 2 heldur út.

„Bubbi hefur hringt í mig nokkrum sinnum og skilur ekkert í þessu. En ég veit ekki hvernig ég á að svara svona vitleysu. Þetta er einhver mesta paranoja sem ég hef heyrt,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, tónlistarstjóri Rásar 2. Til að gera illt verra týndist diskurinn með lagi Bubba og Björns á Rás 2 tímabundið en fannst þó aftur. Óli Palli bendir á að sjálfur hafi hann verið úthrópaður, fengið ófá símtöl frá tónlistarmönnum þar sem hann er sakaður um að spila ekkert annað en Bubba. „Ég er gáttaður á Bubba en veit að hann meinar vel.“ Óli Palli útskýrir að þótt hann eigi að heita tónlistarstjóri og leggi drög að svonefndum „playlistum“ stöðvarinnar ráði stjórnendur þáttanna að 60 prósentum hvaða tónlist þeir spila í sínum þáttum. Og það sé rugl að útgáfa Bubba og Björns heyrist ekki á Rás 2: „Í fyrsta skipti í sögu Rásar 2 er sama lagið í mismunandi útgáfum á playlista.“ Tónlistarstjóri Rásar 2 segist reyndar hrifnari af útgáfu Sigga í Hjálmum en hinnar útgáfunnar. Hún höfði meira til sín og þeir á Rás 2 hafi verið búnir að bíða þess um nokkurt skeið að fá lagið til spilunar. Og Óli Palli sendir vini sínum Bubba, sem hann segist þó eiga svo mikið að þakka, tóninn: „Ég vil nota tækifærið og benda Bubba á að það er heilmikið að gerast í íslenskri og erlendri tónlist og hvetja hann til að mæta á tónleika. Því mér virðist hann ekki hafa áhuga á neinni tónlist nema sinni eigin og svo skjólstæðinga sinna hverju sinni.“

**jakob@frettabladid.is**



**SMELLURINN TEKINN UPP** Bubbi Morthens skilur ekki í því hvers vegna útgáfa hans og Björns Jörunds á „Ég er kominn heim“ fær ekki spilun á Rás 2. Hér eru þeir félagar við upptökur á laginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**ÓLI PALLI** Er gáttaður á Bubba sínum og skilur ekki þessa paranoju.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ingvi Hrafn Jónsson** sjónvarpsstjóri talar frá Flórída í gegnum netið á stöð sinni ÍNN. Hann furðar sig á því að flugfreyjur skuli velta verkfalli fyrir sér í miðri kreppu en einhvern veginn veltu menn því fyrir sér hvort það gæti verið af því að fljótlega þarf Ingvi Hrafn sjálfur að fljúga heim á leið eins og aðrir farfuglar.



Og Ingvi Hrafn er reyndar væntanlegur á sunnudag en sagan segir að hann hafi að undanförnu dansað á sundlaugarbökkum á Flórída milli pistla á ÍNN því kvikmyndafyrirtækið True North mun vera að íhuga að kaupa sig inn í sjónvarpsstöðina. Í True North er meðal annars **Leifur Dagfinnsson**, æskufélagi **Björgólfs Thors Björgólfssonar**, og sjá menn fyrir sér vaxandi fjölmiðlaveldi með fulltingi hans í gegnum ÍNN-ið hans Ingva Hrafns sem nýverið kom stöðinni á fót með lágmarkskostnaði eða um 25 milljónum króna.



Ýmsum þótti það sérkennilegt kompaní sem stakk sér inn á Næsta bar að kvöldi fimmtudags. Voru þar komin **Jón Baldvin Hannibalsson** ásamt **Bryndísi** konu sinni **Schram** og dóttur þeirra **Kolfinnu Baldvinsdóttur** auk svo **Grétars Mars Jónssonar** alþingismanns og **Sverris Stormskers,** tónlistarmanns og ólíkindatóls. En þegar nánar er að gáð eiga þau ýmislegt sameiginlegt og voru að koma af velheppnuðum tónleikum FTT til heiðurs **Gunnari Þórðarsyni**. Ekki aðeins er að tónlistin sameini fimmenningana heldur eru þau skoðanasystkin í pólitíkinni. **- jbg**













# Fótboltamaður gerir útvarpsþætti

„Fyrsti þátturinn verður sunnudaginn 11. maí, daginn eftir fyrsta leik,“ segir Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði KR í fótbolta, sem hefur lokið við gerð útvarpsþátta um hljómsveitina Ný dönsk. Verða þeir fimm talsins, klukkutími hver, og fluttir á Rás 2.

Að sögn Gunnlaugs var aðdragandinn að þáttagerðinni nokkuð langur. „Ég gerði útvarpsþátt um hljómsveitina í framhaldsskólaútvarpinu Blóminu á Akranesi 1995. Óli Palli, útvarpsmaður á Rás 2, var tæknimaður í þeim þætti og var að aðstoða gamla skólann sinn. Það hefur blundað lengi í mér að gera þetta almennilega í eitt skipti fyrir öll, og í desember síðastliðnum hitti ég hann að máli og hann hvatti mig til að taka slaginn,“ segir Gunnlaugur, sem sér ekki eftir því. „Þetta er búið að vera meiri vinna en ég ætlaði í fyrstu en það hefur verið ofsalega gaman að kafa svona djúpt ofan í þetta.“

Gunnlaugur tók viðtöl við meðlimi Ný danskrar auk aðila sem hafa komið við sögu á ferli hennar. Að auki nýtti hann sér gömul viðtöl við sveitina við gagnaöflun sína. „Þarna er að finna ýmislegt sem hefur ekki heyrst áður. Þarna eru til dæmis lög á ensku sem hafa heyrst lítið sem ekkert og aldrei komið út.“

Þrátt fyrir að vera mikill aðdáandi Ný danskrar segist Gunnlaugur ekki nota lög sveitarinnar til að koma sér í gírinn fyrir leiki. „En ég hef rætt um fótbolta við hljómborðsleikara sveitarinnar (Jón Ólafsson) sem er mikill Þróttari og fótboltaáhugamaður. Hann býr rétt hjá mér í vesturbænum en ég held að hinir séu ekkert sérstaklega áhugasamir um knattspyrnu.“ **- fb**



**NÝ DÖNSK** Hljómsveitin Ný dönsk er í miklu uppáhaldi hjá Gunnlaugi Jónssyni.



**GUNNLAUGUR JÓNSSON** Fyrirliði KR hefur gert útvarpsþætti um hljómsveitina Ný dönsk.

# LAGER HREINSUN
## OPIÐ ALLA HELGINA!

## Allar vörur á 1.299 Pr. stk

- Hraðsuðukanna – 47% afsláttur – ~~2.490~~
- Safapressa – 47% afsláttur – ~~2.490~~
- Brauðrist hvít – 34% afsláttur – ~~1.980~~
- Eldhúsvog digital – 56% afsláttur – ~~2.990~~
- Nefháraklippur – 2 STK! – 34% afsláttur – ~~1.980~~
- Eggjasjóðari – 47% afsláttur – ~~2.490~~
- Borðvifta 9” – 34% afsláttur – ~~1.990~~
- Rafmagnssópur – 67% afsláttur – ~~3.990~~
- Hárblásarar 3 litir – 28% afsláttur – ~~1.790~~
- Hárklippisett – 44% afsláttur – ~~2.290~~
- Naglasnyrtisett – 56% afsláttur – ~~2.990~~
- Keramik sléttujárn – 34% afsláttur – ~~1.980~~

## Allar vörur á 1.999 Pr. stk

- Lítil matvinnsluvél – 43% afsláttur – ~~3.490~~
- Dósaopnari og hnífabrýni – 43% afsláttur – ~~3.490~~
- Raclette grill fyrir 4 – 50% afsláttur – ~~3.990~~
- Samlokugrill hvítt – 33% afsláttur – ~~2.990~~
- Hitablásari 2000W – 33% afsláttur – ~~2.990~~
- Töfrasproti / Rafm.hnífur – 33% afsláttur – ~~2.990~~ / 33% afsláttur – ~~2.990~~
- Gufustraujárn 1800W – 43% afsláttur – ~~3.490~~
- Hárblásari 2000W – 40% afsláttur – ~~3.290~~
- Rafmagns-hitapúði – 43% afsláttur – ~~3.490~~

## ZANUSSI – KÁMFRÍTT STÁL

Verð nú **54.900** – ÞÚ SPARAR 15.000

Stílhrein og vönduð uppþvottavél með kámfrírri stál framhlið. 5 þvottakerfi og val um 4 mismuandi hitastig.
- Hægt að þvo 1/2 vél
- **Sérstakt hraðkerfi, erfiðis-kerfi og skolun**
- Hljóðlát
- Góð innrétting með hæða-stillanlegri efri þvottakörfu
- **HxBxD: 82-90x59,5x60**
- Verð áður kr 69.900

## ZANUSSI – 1000 SN - 6 KG

Verð nú **49.900** – ÞÚ SPARAR 10.000

**Vönduð 1000 snúninga þvottavél með 6 kílóa hleðslugetu og hraðþvotti**
- **Hraðval** - styttir algeng kerfi um 20-40%
- Kerfi og hitastig í einum takka
- Fjölmörg **sérkerfi** þ.ám. handþvottakerfi og ullarkerfi
- Framstillt gangsetning möguleg
- **Stórt hurðarop**
- Verð áður kr 59.900

## ZANUSSI – BARKALAUS

Verð nú **49.900** – ÞÚ SPARAR 15.000

**Barkalaus þurrkari** með tímastilli og stórri hurð sem gerir alla notkun létta og þægilega
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- Krumpuvörn og niðurkæling á taui
- Veltir til beggja átta
- Kerfi fyrir viðkvæman þvott
- Verð áður kr 64.900

## Allar vörur á 3.499 Pr. stk

- Rafmagnspanna – 30% afsláttur – ~~4.990~~
- Hrísgrjónapottur stál – 30% afsláttur – ~~4.990~~
- Vandað vöfflujárn með hitastilli – 36% afsláttur – ~~5.490~~
- Ryksuga 1400W – 42% afsláttur – ~~5.990~~
- Baðvog digital gler – 30% afsláttur – ~~4.990~~
- Kleinuhringjajárn – 30% afsláttur – ~~4.990~~

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

## Electrolux – 200 CM

Verð nú **79.900** – ÞÚ SPARAR 30.000

**200 cm kæli- og frystiskápur** með vandaðri innréttingu.
- 291 ltr kælir / 101 ltr frystir
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- Afar **hljóðlátur**
- Flöskurekki og glerhillur
- MaxiSpace frystiskúffur
- HxBxD: 200x59,5x62 cm
- Verð áður kr **109.900**

## Electrolux – KÁMFRÍTT STÁL – A ORKA

Verð nú **69.900** – ÞÚ SPARAR 15.000

**150 cm kæli- og frystiskápur** með vandaðri innréttingu.
- 174 ltr kælir / 61 ltr frystir
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- Afar **hljóðlátur**
- Glerhillur
- MaxiSpace frystiskúffur
- HxBxD: 150x55x62 cm
- Verð áður kr **84.900**

## Electrolux ergorapido

Verð nú **14.999** – AFSLÁTTUR 20%

**Undraverð ryksuga, tvö tæki í einu.** Léttryksuga og handryksuga fyrir hleðslu. Litur: Blár.
Verð áður kr **18.900**

## VERÐDÆMI:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Handþeytarar | 1.790 | Brauðvélar | 7.990 |
| Kaffivélar | 1.890 | Örbylgjuofnar | 6.990 |
| Nuddtæki | 1.790 | Grillofnar | 3.990 |
| Kaffikvarnir | 1.990 | Pizzaofnar | 8.990 |
| Matvinnsluvélar | 3.990 | Ísvélar | 4.990 |
| Safapressur | 5.990 | Olíuf. rafm.ofnar | 3.990 |
| Mínútugrill | 5.990 | Handklæðaofnar | 3.990 |
| Fótanuddtæki | 2.490 | Lofthreinsitæki | 9.990 |

## appliance

Verð nú **24.900** – ÞÚ SPARAR 10.000

Kraftmikill vegghháfur með fallegu bogadregnu glerskyggni, halogen lýsingu og snertitökkum
- 870 rúmmetra sogafköst
- 3 hraðastillingar
- 2 halogen ljós
- Verð áður kr **34.900**

# Rafha ehf

Opið virka daga 9-18
laugardag 10-18
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Europris - Hafnarfjörður
Europris - ódýrt fyrir alla



**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## *Drama*

Þegar ég sat yfir kaffibolla í vikunni og hlustaði í enn eitt skiptið á umræður í sjónvarpi um skort á lausafjármagni bankanna varð mér skyndilega nóg um. Í tvo mánuði hef ég varla hitt fólk öðruvísi en að á einhverjum tímapunkti setji einhver upp sposkan svip, klóri sér í hökunni, og haldi því fram að nú sé allt að fara til helvítis.

**ÉG** sjálfur hef verið jafnsekur og aðrir og margoft hafið fílósóferingar á förnum vegi um mögulegar hættur sem steðja að rekstri bankanna og þar með þjóðarbúinu. „Þetta fer auðvitað allt til fjandans,“ minnir mig að ég hafi sagt rétt í þann mund er ég steig upp úr pottinum í Neslauginni í síðustu viku. Svartsýni hentar alltaf betur til spjalls við kunningja en bjartsýni, sérstaklega í laugunum. Enginn er bjartsýnn í potti.

**NÚ** hefur það lengi verið fyrirliggjandi að erfiðleikar væru framundan. Húsnæðisverð hefur rokið upp. Nú mun það lækka. Svona eru efnahagsmál. Bylgja fer upp, bylgja fer niður. Ég efast ekki um að mikill vandi steðji að fjármálalífinu og kannski fari allt í kalda kol, en samt get ég ekki að því gert: Þetta er farið að bera keim af vissri þörf fyrir drama.

**ÉG** bíð eftir því að einhver falli í yfirlið út af skorti á lausafjármagni bankanna. Það gæti gerst ef samverkandi þættir of mikillar kaffidrykkju, næringarskorts og bölsýni – ásamt stöðugri efnahagsumræðu í ljósvakamiðlum í bakgrunni sem hefur stressaukandi áhrif – verða til þess að ungir menn fara að ofanda, eða hyperventilera.

**EFNAHAGSMÁL** eru viðfangsefni. Niðursveifla er verkefni. Mestu sérfræðingar þjóðarinnar sáu erfiðleikana fyrir. Það var búið að spá þessu. Þeir sem stjórna bönkum og landi hefðu líklega mátt hlusta betur og haga málum skynsamlegar, en svona er það.

**NÚ** þarf ríkisstjórnin að bíta á jaxlinn og kannski halda einn töflufund eða svo með viðeigandi aðilum. Gera plan. Búa til Excel-skjal. Með samhentu átaki er hægt að leysa svona verkefni. Sjálfur mun ég væntanlega halda áfram að hrista hausinn í pottinum á meðan, hafa áhyggjur af skammtíma fjárskuldbindingum útlánastofnana, klóra mér í hökunni og segja að allt sé að fara í bál og brand, og styðja mig við ljósastaur á leiðinni heim út af svima, nánast í yfirliði vegna oföndunar, með blautt sunddót undir handleggnum. Eins og sannur Íslendingur upplifi ég að sjálfsögðu hinar manísk-depressívu sveiflur efnahagslífsins í sálartetrinu.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er laugardagurinn 19. apríl, 109. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.41 | 13.27 | 21.15 |
| Akureyri | 5.17 | 13.12 | 21.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# Mjúkt & notalegt


**MALOU** sængurverasett, ljósbleikt 150x200/50x60 cm **2.290,-**


**2.690,-**
**IKEA STOCKHOLM** teppi, bleikt B130xL170 cm


**LUDDE** gæra, lambsskinn, hvítt B55xL100 cm **4.490,-**


**IKEA STOCKHOLM STAD** púði 100% bómull, bleikt B40xL70 cm **995,-**


**SOVA** koddaver, ljósbleikt B60xL50 cm **395,-/2 í pk.**


**MINNEN ROS** gardínur m/bandi, hvítt/bleikt B120xL300 cm **1.990,-/2 í pk.**


**BARNSLIG** handklæði m/hettu, grænt B125xL60 cm **995,-**


**BARNSLIG** vefnaðarvara, ýmsar tegundir B120xL300 cm **695,-**


**KORALL FISK** motta, bleikt/rautt B67xL80 cm **395,-**


**BARNSLIG** teppi/skikkja, ýmsir litir B97xL150 cm **995,-**


**KORALL MANET** sængurverasett, ýmsir litir 150x200/50x60 cm **795,-/settið**


**995,-/2 í pk.**
**HOKUS** gardínur m/bandi, marglitað B120xL300 cm


**MINNEN ROS** motta, bleikt B120xL160 cm **2.490,-**


**6.990,-**
**TANJA BRODYR** sængurverasett, fjólublátt 240x220/50x60 cm


**VILA** teygjulak, fjólublátt B90xL200 cm **1.590,-**


**KILAN** rúmteppi, fjólublátt B180xL280 cm **3.290,-**


**ANDREA RAND** gardínur, fjólublátt B145xL300 cm **6.990,-/2 í pk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

IKEA FOOD
195,-

Sænskar kjötbollur
með kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu (10 stk.)

IKEA FOOD
540,-

IKEA®

| | |
|---|---|
| Opið virka daga | 10.00 - 20.00 |
| Opið laugardaga | 10.00 - 18.00 |
| Opið sunnudaga | 12.00 - 18.00 |

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is